











# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. maí 2009 — 114. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000



FIMMTUDAGUR

**Grætur Dr. Jón**
Fyrirmyndin að eineygða kisa Hugleiks allur.
FÓLK 38







**Stór áfangi**
Fyrsti árgangur Listaháskóla Íslands útskrifast með BA-gráðu í dansi.
TÍMAMÓT 26

**Bréf frá Nígeríu**
„Smám saman veiktist naíran vegna óstjórnar í Nígeríu. Ríkisútgjöld fóru langt fram úr skatttekjum þrátt fyrir miklar útflutningstekjur af olíu eftir 1970“, skrifar Þorvaldur Gylfason.
Í DAG 22

**Blikaliðin með fullt hús**
Breiðablik er á toppnum í Pepsi-deild karla og kvenna eftir leiki gærkvöldsins.
ÍÞRÓTTIR 42




## VEÐRIÐ Í DAG




**SUMAR OG SÓL** Í dag verða suðaustan 5-13 m/s, hvassast með ströndum suðvestan til. Hálfskýjað eða léttskýjað víða um land. Hiti 12-20 stig, hlýjast um Mið-Norðurland.
VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.




**VORVERKIN** Verið var að sinna vorverkunum, háþrýstipvo skip, við Grandagarð í Reykjavík í gær þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Staða sveitarfélaganna alvarlegri en talið var:

# Sveitarfélög skulda 240 milljarða króna

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Það er því ekki nokkur einasta undankomuleið frá því að ræða allar mögulegar lausnir, þó það sé viðkvæmt. Hér er nefnilega um að tefla atvinnuöryggi fjölda manns,“ segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS). Hann telur fjárhagserfiðleika sveitarfélaganna meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi árs.

Skuldir sveitarfélaganna voru um 240 milljarðar króna í árslok 2008 og höfðu þá aukist um rúmlega 40 milljarða á einu ári. Er þá um langtíma- og skammtímaskuldir að ræða, lífeyrisskuldbindingar og skuldbindingar vegna einkaframkvæmda.

Af þessum skuldum eru allt að 50 milljarðar í erlendri mynt, sem er gott sem að sliga mörg sveitarfélög. Hversu slæm staðan raunverulega er er mönnum ekki að fullu ljóst að mati SÍS. Þetta kom fram á samráðsfundi sambandsins í gær.

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs SÍS, segir að því verði ekki neitað að staða sveitarfélaganna sé grafalvarleg. „Ég held að niðurstaða fundarins hafi verið að skipta verður um gír. Það er enginn að tala lengur um skammtímalausnir. Það sem sveitarfélögin standa frammi fyrir í stuttu máli eru minnkandi tekjur, gríðarlega háar skuldir og aukin útgjaldaþörf. Útgjaldaþörfin kemur ekki síst til vegna atvinnuleysis sem birtist í hærri bótum, aukinni þörf á félagslegri þjónustu og fjárhagsaðstoð við hina verst settu.



> Það sem sveitarfélögin standa frammi fyrir í stuttu máli eru minnkandi tekjur, gríðarlega háar skuldir og aukin útgjaldaþörf.
>
> GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON
> SVIÐSSTJÓRI HAG- OG UPPLÝSINGASVIÐS SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri sagði að um leið og samstarf íbúa og sveitarfélaga væri lífsnauðsynlegt kæmi annað og meira til.

„Við verðum að breyta hefðbundnum reglum í stjórnmálum og hætta þessum innbyrðis átökum. Það eru ekki breyttir tímar í íslensku samfélagi og ef við svörum ekki kallinu þá höldum við áfram á sömu braut, þyngjum skuldabaggann og rífum frá komandi kynslóðum þá grunnþjónustu sem þau verða og eiga að fá.“

- shá / sjá síðu 6

# Um þúsund skjálftahús eru enn óbætt

**Eigendur um eitt þúsund húsa sem skemmdust í Suðurlandsskjálftanum hafa ekki fengið bætur. Kvartað er yfir hægagangi. Vinnum eins hratt og við getum, segir framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar. Kostnaðurinn er á við ein jarðgöng.**

**JARÐSKJÁLFTI** Enn á eftir að bæta um eitt þúsund hús eftir Suðurlandsskjálftann sem varð í fyrra. Alls hefur verið tilkynnt um tjón á um 3.600 húsum og er búið að bæta 2.665 þeirra.

Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar Íslands, segir verkefnið gríðarlega umfangsmikið. Um fjörutíu til fimmtíu manns hafi verið í því að meta hús frá skjálftanum sem varð 29. maí í fyrra.

„Við erum ekki að biðja um mikið, aðeins að húsið verði gert íbúðarhæft á ný,“ segir Friðgeir Jónsson á Selfossi. Hús hans skemmdist mikið í Suðurlandsskjálftanum í fyrra, en hann hefur ekki fengið úrlausn sinna mála. Ekki liggur enn fyrir kostnaðarmat á viðgerðum.

Við rannsókn kom í ljós að jarðvegurinn undir húsinu hefur sigið umtalsvert, sautján sentimetra þar sem mest er. Friðgeir segir að fyrsta mat hafi verið viðunandi en eftir að fleiri verkfræðingar skoðuðu húsið hafi það lækkað um tíu milljónir. „Nú vilja þeir bora holur í gólfplötuna, eina á hvern fermetra, og dæla steypu undir húsið. Það þýðir 170 holur,“ segir Friðgeir.

Þar sem húsið hvílir ekki á réttum undirstöðum er allur burður úr lagi genginn og sést víða hvernig veggirnir hafa skekkst. Sólhýsi, sem hvílir á palli fyrir aftan hús, er að brotna frá húsinu og er stór sprunga á samskeytunum. Friðgeir segir málið hafa dregist fram úr hófi.

„Við leggjum áherslu á að þetta klárist með hraði. Við þurfum að eiga við eldri mál, nýjar tilkynningar og svokölluð viðbótartjón, en þá hafa meiri skemmdir komið í ljós. Sú vinna mun líklega halda áfram næstu árin en við vonumst til að klára þessi 1.000 hús sem út af standa á næstu mánuðum,“ segir Ásgeir. Hann reiknar með að heildarkostnaður við verkefnið verði um 7,6 milljarðar, „jafnist á við eins og ein jarðgöng“. Reikna megi með að matskostnaður sé um tíu prósent af tjónakostnaði. - kóp

Jólaævintýri ár hvert:

# Laddi verður Skröggur

**LEIKLIST** „Ég leik Skrögg, draugana og allt. Þarf að gera allt sjálfur,“ segir leikarinn Laddi sem í gær skrifaði undir samning þess efnis að fara með söguna, Jólaævintýri eftir Charles Dickens.

Bjarni Haukur Þórsson leikhússtjóri segir ætlunina að sýna verkið aðeins í desember. Taka svo upp þráðinn að ári. - jbg / sjá síðu 46




Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750



## SPURNING DAGSINS



*Óskar, eruð þið farin að tala eintómt hrognamál?*

„Já, og borðum hrogn í hvert mál.“

Metveiði hefur verið á grásleppuvertíðinni hjá bátunum á Drangsnesi. Óskar Torfason er framkvæmdastjóri Drangs.

Sæmundur Árelíusson mun hafa samið við áhöfnina á Óskari RE-157 í gær:

# Sjómennirnir fái greidd tveggja vikna laun

**VINNUMARKAÐUR** „Þeir eru að fara frá borði og fara út í sátt. Ég borgaði það sem um var rætt,“ segir Sæmundur Árelíusson, útgerðarmaður á Óskari RE-157.

Sæmundur hefur síðustu vikur deilt við sjö pólska sjómenn, sem hafa starfað og búið á skipi hans í allt að þrjú ár. Þeir neituðu að sigla fyrir hann nema þeir fengju launin sín fyrst, fyrr færu þeir ekki af bátnum. Þeir sögðu hann skulda þeim töluvert fé.

Sæmundur vill ekki svara því hvort hann hafi gert upp að fullu við mennina. „Ég ætla ekki að svara því hvernig það er og þetta mál er ekki á þinni könnu lengur. Þeir eru allir ánægðir.“

Í kjölfar fréttaflutnings af verkfalli sjómannanna hafa nokkrir lesendur haft samband við blaðið til að kvarta undan útgerð Sæmundar. Hann hafi í gegnum árin svikið fjölmarga um laun.

„Mér þætti gaman að tala við þá ef þú gæfir mér það upp hverjir það eru. [...] Ég er ekki neinn kennitöluflakkari. Ég hef ekki svikið nokkurn mann, mér vitanlega,“ segir Sæmundur.

Ekki náðist í enskumælandi skipverja á Óskari í gær, en Jónas Þór Jónasson, lögmaður þeirra, staðfestir að Sæmundur hafi heitið því að borga tveggja vikna laun og flug fyrir þrjá mannanna til Póllands. Einnig hafi hann lofað að bjarga þeim um húsnæði fram á föstudag.

Spurður um feril Sæmundar segist hann vita til að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem hann lendi í vandræðum með að standa í skilum með útistandandi skuldir. - kóþ



**ÁHÖFNIN** Þrír mannanna fá greitt flug heim til sín, en fjórir þeirra ætla að vera á Íslandi. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Stangveiðimenn æfir yfir netaveiði í Hvítá

**Laxveiði í net þrefaldaðist í Ölfusá og Hvítá frá því að stangveiðimenn hófu þar uppkaup netlagna árið 2006 og til ársins í fyrra. Stangaveiðifélag Reykjavíkur segir veitt á kostnað fiskræktar. Félagið er hvatt til að yfirgefa hreinlega svæðið.**

**STANGVEIÐI** Netaveiði á laxi í Hvítá þrefaldaðist frá 2006 til 2008 þrátt fyrir mikil uppkaup stangveiðimanna á netveiðiréttindum í Ölfusá og Hvítá. Stangveiðimenn eru æfir vegna þessara upplýsinga sem komu fram á ársfundi Veiðimálastofnunar.

Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur verið umsvifamikið í uppkaupum á netalögnum og hefur sett strangar reglur um að sleppa veiddum löxum í Sogi og Stóru-Laxá. „Því voru það miður skemmtilegar tölur sem birtust í skýrslum Veiðimálastofnunar, því netaveiðimenn sem enn stunda laxveiði í Hvítá sáu sér leik á borði og juku við veiði sína svo um munar. Virðist þetta vera gert á kostnað verndunaraðgerða og fiskræktar á svæðinu,“ segir á vef stangaveiðifélagsins.

Samkvæmt tölum Veiðimálastofnunar veiddust 987 laxar í Hvítárnetin sumarið 2006. Það ár hófu stangveiðimenn uppkaup netlagnanna. Sumarið 2007 veiddust 1.983 laxar í netin og í fyrrasumar veiddust 3.120 laxar. „Þetta gerist þrátt fyrir að færri net séu niðri og stórir aðilar hættir að leggja eftir samninga við SVFR,“ segir á svfr.is. „Þeir sem ekki gengu til samninga við SVFR virðast því hafa bætt í sínar veiðar svo vægt sé til orða tekið.“

Stangveiðimenn vilja að settur verði kvóti á þá bændur sem enn leggja netin. „Ljóst er að viðkomandi aðilar munu ekki minnka við sínar veiðar að sjálfsdáðum, og virðast bera litla virðingu fyrir þeim kostnaði og fyrirhöfn sem aðrir eru að leggja af mörkum í þeirri baráttu að viðhalda laxastofnum Árnessýslu – ekki síst stofnum stórlaxa sem svæðið er þekkt fyrir,“ segir á svfr.is.



**LAXVEIÐI** Stangveiðimenn vilja frekar að lax sé veiddur á stöng en í net. Netaveiði á laxi hefur þrefaldast frá árinu 2006 til 2008 þrátt fyrir uppkaup á netaveiðiréttindum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á vefnum votnogveidi.is er farið afar harkalegum orðum um netaveiðimenn í vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Það sé þó einnig hneisa að leigjendur veiðiréttar standi ekki saman og njóti ekki stuðnings sveitarfélaganna á svæðinu. „Vitleysan sem viðgengst á þessum slóðum leiðir hugann að því hvort að Stangaveiðifélag Reykjavíkur eigi ekki að hætta þessum þreifingum alfarið og koma sér út úr héraðinu og leyfa þessum netakóngum að eyðileggja svæðið. Það er flestum slétt sama um það hvort eð er,“ segir á votnogveidi.is.

gar@frettabladid.is

Vinstri græn á Alþingi:

## Guðfríður Lilja valin formaður þingflokksins

**STJÓRNMÁL** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir var í gær kjörin formaður þingflokks Vinstri grænna. Álfheiður Ingadóttir verður áfram varaformaður þingflokksins en Björn Valur Gíslason tekur við af Atla Gíslasyni sem ritari þingflokksins.



**GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR**

Jón Bjarnason sem nú er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var áður formaður þingflokks Vinstri grænna.

Guðfríður Lilja náði í síðustu kosningum kjöri sem fyrsti þingmaður VG í Suðvesturkjördæmi og Björn Valur Gíslason sem þriðji þingmaður flokksins á Norðausturlandi. - gar

Hæstiréttur úrskurðar:

## Meintur nauðgari laus úr gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur felldi í gær úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms yfir manni sem grunaður er um að hafa nauðgað stúlku í bíl við Tryggvagötu fyrr í mánuðinum. Stúlkan sakar manninn og bróður hans um að hafa nauðgað sér en héraðsdómur hafði úrskurðað manninn í gæsluvarðhald til 5.júní næstkomandi.**

**Hæstiréttur var ekki sammála úrskurði héraðsdóms og taldi ekki tilefni til þess að halda manninum á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Báðir mennirnir hafa því verið látnir lausir.**



**HJÓLAFÆRNI** Nemendur í Álftamýrarskóla skemmtu sér hið besta á námskeiðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjólafærni í Álftamýrarskóla:

## Miðar að því að auka öryggi

**MENNTUN** „Ég er alveg upprifin eftir þessa frábæru útiveru. Krakkarnir eru svo áhugasamir um þetta og stemningin sem myndast er æðisleg,“ segir Sesselja Traustadóttir, kennari í Álftamýrarskóla og varaformaður Landssamtaka hjólreiðamanna og Íslenska fjallahjólaklúbbsins. Sesselja, ásamt samkennurum sínum, stendur þessa dagana fyrir námskeiði í hjólafærni fyrir nemendur í 4. og 5. bekk skólans.

Námskeiðið miðar að því að auka öryggi hjólreiðamanna í umferðinni.

Að sögn Sesselju taka um 75 prósent nemenda í viðkomandi bekkjum þátt í námskeiðinu. - kg

### ALÞINGI

**Bindisskyldan afnumin**

Þingmenn þurfa framvegis ekki að vera með bindi eða slifsi í ræðustól á Alþingi. Þetta var kynnt á þingi í gær en þar sátu nýir alþingismenn og kynntu sér starfsemi, siði og reglur.

### EVRÓPURÁÐIÐ

**Jagland til forystu?**

Thorbjörn Jagland, forseti norska Stórþingsins, og Wlodzimierz Cimoszewicz, fyrrverandi forsætisráðherra Póllands, eru þeir tveir frambjóðendur sem kosið verður á milli þegar ráðherraráð Evrópuráðsins velur hinn 23. júní nýjan framkvæmdastjóra samtakanna, sem 47 ríki eiga aðild að.






Almenningur í Bretlandi er stórhneykslaður á stjórnmálamönnum sínum:

# Þingmenn iðrast útgjalda

**BRETLAND, AP** Breskir stjórnmálamenn keppast þessa dagana við að biðjast afsökunar, krefjast rannsókna og skrifa ávísanir til að borga til baka til ríkissjóðs það sem þeir tóku úr honum til að greiða fyrir margvísleg útgjöld í heimilisrekstri sínum.

Almenningsálitið er þeim engan veginn hliðhollt eftir að dagblaðið Daily Telegraph ljóstraði upp um athæfið í byrjun vikunnar. Dæmi voru um þingmenn sem notfærðu sér útgjaldaheimildir sínar til að kaupa mat og heimilistæki, jafnvel til að láta gera sundlaug í garðinum heima hjá sér.

Gordon Brown forsætisráðherra segir nú þurfa að grípa til róttækra aðgerða til að endurheimta traust almennings á stjórnmálamönnum. Gera þurfi miklar breytingar á útgjaldaheimildum þingmanna, þannig að þeir notfæri sér þær einungis í þágu embættisins.

„Ég vona að yfirgnæfandi meirihluti þingmanna, og reyndar þeir allir, geti sýnt fram á að þeir séu í stjórnmálum í þágu almennings, en ekki í eigin þágu,“ sagði Brown.

David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, hótaði því að reka þingmenn úr flokknum ef þeir endurgreiddu ekki útgjöld af þessu tagi.

Breskir þingmenn hafa lengi neitað að gefa upp sundurliðun útgjalda sinna, en neyðast nú til þess samkvæmt nýlegum dómsúrskurði. Um tvær milljónir útgjaldakvittana verða birtar í júlí, samkvæmt þessum úrskurði, en Daily Telegraph sagðist í síðustu viku hafa komist yfir þær upplýsingar og hefur verið að birta þær smátt og smátt. - gb



**GORDON BROWN** Forsætisráðherra Bretlands reynir að endurvekja traust almennings til þingmanna. NORDICPHOTOS/AFP

# TAX FREE!

**Aðeins fimmtudag til sunnudags!**

TAX FREE!



## AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
## AF ALLRI ÚTIMÁLNINGU OG VIÐARVÖRN

Gildir í Húsasmiðjunni um land allt




**Frábær** á skjólgirðingar og viðarklæðningar

Mest selda **pallaolía** á Íslandi

**Einnig frábært verð á málningaráhöldum!**



**695**

**Málningarfata**
12 ltr, fyrir 25 sm rúllur.
7006205



**999**

**Rúllusett**
Rullex 25 sm.
7010099



**899**

**Pensill**
Góður í pallaolíuna.
7014934

HÚSASMIÐJAN x blómaval Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## GENGIÐ 13.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,75 | 126,35 |
| Sterlingspund | 190,6 | 191,52 |
| Evra | 171,48 | 172,44 |
| Dönsk króna | 23,023 | 23,157 |
| Norsk króna | 19,418 | 19,532 |
| Sænsk króna | 16,116 | 16,21 |
| Japanskt jen | 1,3084 | 1,316 |
| SDR | 190,99 | 192,13 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
209,9582

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ásókn í sumarvinnu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum ríflega þrefaldast milli ára:

# Yfir 3.200 sóttu um sumarstarf

**ATVINNUMÁL** Yfir 3.200 manns sóttu um 49 sumarstörf hjá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal í ár. Það er ríflega þreföldun frá því í fyrra, þegar umsóknirnar voru 1.007.

„Það er rosaleg vinna að fara í gegnum þessum umsóknir," segir Sigrún Thorlacius, aðstoðarforstöðumaður garðsins. Það sé hálfsorglegt að þurfa að vísa svo mörgum frá.

Sigrún segir að það einfaldi ferlið nokkuð að ákveðið hafi verið að ráða fyrst gamla sumarstarfsmenn sem hafi staðið sig vel. „Og þeir fara nú langt með að fylla stöðurnar," segir Sigrún.

Um er að ræða störf aðstoðardýrahirða, tækjavarða í Fjölskyldugarðinum, störf í veitinga- og miðasölu og vísinda- og fiskasöfnum auk nokkurra verkstjórastaða. Starfshlutfallið er áttatíu til níutíu prósent. Sigrún segir að langflestir umsækjendur séu á menntaskóla- og háskólaaldri, sautján til 25 ára. Elsti umsækjandinn sé rúmlega fertugur.

Þá verða tuttugu ungir umsækjendur til viðbótar ráðnir hálft sumarið fyrir aukafjárveitingar frá Reykjavíkurborg til að sporna við atvinnuleysi ungmenna.

- sh



**HÚSDÝRAGARÐURINN** Yfir 3.200 sóttu um þau 49 störf sem voru í boði hjá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Grunaðir um hryðjuverk:

# Meirihlutinn látinn laus

**BRETLAND, AP** Meira en helmingur allra sem handteknir hafa verið í Bretlandi grunaðir um hryðjuverk síðan 2001 hefur verið látinn laus án ákæru.

Eftir að hryðjuverkamenn gerðu árás á Bandaríkin í september árið 2001 hertu Bretar mjög bæði löggjöf og lögregluaðgerðir til að koma í veg fyrir hryðjuverk í Bretlandi.

Síðan þá hefur 1.471 maður verið handtekinn, grunaður um tengsl við hryðjuverkastarfsemi, en 819 þeirra hafa verið látnir lausir án þess að ákæra hafi verið lögð fram. 102 þeirra hafa hlotið dóm.

- gb

Enn deilt um hesthúsabyggð:

# Ásakanir Ólafs harmaðar

**STJÓRNMÁL** „Meirihluti umhverfis- og samgönguráðs harmar tilefnislausar ásakanir og fullyrðingar áheyrnarfulltrúa ráðsins í garð meirihlutans og einstaka kjörins borgarfulltrúa," segir í bókun sem lögð var fram á fundi ráðsins á þriðjudag í tilefni bókunar Ólafs F. Magnússonar borgarfulltrúa um vinnubrögð vegna fyrirhugaðrar hesthúsabyggðar í Víðidal. Ólafur kvartaði undan því að fá ekki að hitta fagaðila og fræðast af þeim um þá hættu, sem gæti stafað af hesthúsabyggðinni. „Þetta grafalvarlega mál ber vott um pólitíska fyrirgreiðslustarfsemi og fullkomið skeytingarleysi gagnvart almannahagsmunum og náttúruvernd," bókaði Ólafur.

- gar



ÓLAFUR F. MAGNSSON

Málþing um alþjóðamál:

# Framtíð Íslands í samfélagi þjóða

**UTANRÍKISMÁL Hverju búast má við af aðild að Evrópusambandinu, hrun írska „efnahagsundursins" og áhrif fasteignalánakerfis Bandaríkjanna á smáríki er meðal þess sem frummælendur fjalla um á málþingi í Hátíðasal HÍ milli kl. 13 og 16 í dag.**

**Málþingið er níundi og jafnframt lokafundur fundaraðar Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki um framtíð Íslands í samfélagi þjóðanna.**

**Meðal frummælenda eru Herman Schwartz, prófessor í stjórnmálafræði við Virginíuháskóla, Graham Avery, heiðursfélagi St. Antony's College í Oxford, og Peadar Kirby, prófessor við Limerick-háskóla á Írlandi.**

- aa

# Fangar peningalausir vegna verkefnaskorts

**Kreppan bitnar harkalega á föngum. Lítil sem engin vinna í boði á Litla-Hrauni og fangarnir eiga varla fyrir sígarettum. Eiginkonur sumra hafa misst vinnuna. Hefur bæði andleg og líkamleg áhrif á fangana, segir fangelsisstjórinn.**

**LÖGREGLUMÁL** Kreppan bitnar harkalega á föngum. Vinna hefur nánast lagst niður á Litla-Hrauni eftir að kreppan skall á og möguleikar fanga til að vinna sér inn peninga hafa dregist verulega saman. Fangarnir eru síður í stakk búnir til að framfleyta sjálfum sér.

Margrét Frímannsdóttir, fangelsisstjóri á Litla-Hrauni, segir að stöðugt sé erfiðara að fá verkefni fyrir fangana. Verkefni tengd byggingarvinnu hafi lagst niður og í númeraframleiðslunni sé nánast ekkert að gera.

„Í trésmiðjunni höfum við sárafá eða engin verkefni nema þau sem við reynum að búa okkur til sjálf. Við vorum með vörubrettasmíði. Ekkert hefur verið að gera í því í vetur. Þetta hefur reynst okkur mjög erfitt og þá um leið strákunum því að stór hluti af endurhæfingu þeirra er að hafa vinnu," segir Margrét.

Fangar hafa getað keypt nauðsynjar fyrir þá þóknun sem þeir fengu fyrir vinnu sína og því ekki þurft að leita á náðir fjölskyldunnar. Þeir hafa nú sáralitla peninga milli handanna því að dagpeningar nægja ekki fyrir einum sígarettupakka.

„Margir þeirra eiga fjölskyldur, eiginkonu og börn utan veggja og þar hefur líka kreppt að. Sumar eiginkonur hafa misst vinnuna. Þetta hefur mikil áhrif á fangana, bæði andlega og líkamlega," segir Margrét.

Fjölbrautaskóli Suðurlands sér um nám í fangelsunum en fjárveitingar hafa verið skornar niður til skólans. Þá hefur áformum um að hefja byggingaframkvæmdir á Litla-Hrauni verið frestað. Starfsmenn á Litla-Hrauni hafa lækkað í launum og dregið úr aukavinnu. Mjög þröngt er í búi.

Biðlisti eftir afplánun hefur lengst verulega. Fyrir fjórum árum voru fimmtíu menn á biðlista en í dag eru þeir um 200. Dómar hafa þyngst og afplánunartíminn er mjög langur. Þeir sem taldir eru hættulegir eru teknir strax í afplánun og sömuleiðis þeir sem óska eftir að fá að afplána með stuttum fyrirvara.

ghs@frettabladid.is



**HAFA SÁRALÍTIÐ MILLI HANDANNA** Verulega hefur dregið úr atvinnu fanga á Litla-Hrauni og hafa fangarnir nú sáralitla peninga milli handanna en dagpeningarnir duga ekki einu sinni fyrir sígarettum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Krabbameinsskimun brjósta:

# Þjóðhagslega hagkvæm leit

**VÍSINDI Krabbameinsleit í brjóstum er hagkvæm fyrir íslenskt samfélag. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar Helgu Garðarsdóttur.**

**Í rannsókninni var kostnaður við skipulagða krabbameinsskimun í brjóstum borinn saman við fjárhagslegan ávinning af henni. Raunin er sú að hagkvæmt er að bjóða upp á reglulega skoðun eins og hér er gert á meðal kvenna á aldrinum 40 til 69 ára, þar eð krabbamein uppgötvast fyrr hjá konum sem nýta sér skoðunina og meðferð þess verður ódýrari. Þar fyrir utan er dánartíðni kvenna sem fara reglulega í skoðun 35 prósentum lægri en þeirra sem ekki fara reglulega í skoðun.**

**Rannsóknin verður kynnt á fyrirlestri kl. 12 í dag í stofu 101 í Háskólatorgi Háskóla Íslands.** - sbt

Þingmaður Vinstri grænna:

# Setur fyrirvara við auðlindir

**STJÓRNMÁL** Björn Valur Gíslason, þingmaður VG, segist ætla að meta væntanlega þingsályktunartillögu, um aðild að ESB, þegar hún verður lögð fyrir Alþingi.

Hann setur þann fyrirvara við hugsanlegan stuðning að hún uppfylli ákveðin samningsmarkmið, og sérstaklega um yfirráð yfir auðlindum til lands og sjávar.

„En tillagan verður lögð fram og með samþykki okkar allra," segir Björn Valur Gíslason, þingmaður VG í Norðausturkjördæmi.

Björn Valur segist þó enn vera fullkomlega sannfærður um að Íslandi sé betur komið utan Evrópusambandsins.

- kóþ



BJÖRN VALUR GÍSLASON




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**EKKERT LÁT Á HLÝINDUM**

Dag eftir dag eru tveggja stafa hitatölur víðast hvar á landinu og fyrir norðan hefur hámarkshitinn verið á bilinu 16-19 stig þessa vikuna. Nú er að lægja vestanlands og hlýja loftið heldur að mjakast til vesturs. Það þýðir að búast megi við 15-20 stiga hita víða til landsins í dag og jafnvel næstu daga en svalast verður reyndar suðaustan og austan til.



**Á MORGUN**
3-10 m/s, stífastur syðst.

**LAUGARDAGUR**
Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Amsterdam | 19° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 16° |
| Eindhoven | 20° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 18° |
| New York | 20° |
| Orlando | 31° |
| Osló | 12° |
| París | 22° |
| Róm | 26° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ENNEMM / SÍA / NM37728




## SUMARTÍSKAN OG SVALAR SNYRTIVÖRUR Í SMÁRALIND

### FRÁBÆR TILBOÐ 14. - 17. MAÍ

**Hagkaup**
- Bobbi Brown – þú færð Longwear gel eyeliner ef þú kaupir Bobbi Brown vörur fyrir 5.000 kr. eða meira.
- Esteé Lauder – Bronze goddess, ný brúnku- og sólarvarnarlína. Ef þú kaupir 2 Bronze goddess vörur fylgir Chocolate Swirl sólarpúður frítt með.
- Disel – ný ilmvatnslína fyrir herra, Only The Brave.

**Lyfja**
- Sothys – kynning á föstud. kl. 13-17, sérfræðingur á staðnum, 20% afsl. af andlitsraka- og líkamskremum.
- 20% afsl. af öllum fótavörum frá Sally Hansen.

**Hygea**
- Shiseido – létt andlitsbað og ráðgjöf um krem ef verslað er fyrir 5.900 kr. eða meira.
- Dior – nýjungar í Capture total línunni, fallegur kaupauki.
- Chanel – Gréta Boða kynnir nýju línuna og kaupauki fylgir.

**Make up store**
- Ef þú verslar fyrir 5.000 kr. færðu fallega Bronz-tösku að gjöf.
- Ferða-Face-Mist fylgir með kaupum á vörum í Skin Care línu.
- Nýja sumarlínan komin, líttu við og fáðu létta förðun og góð ráð.

* meðan birgðir endast

**Debenhams**
- 15% afsláttur af öllum snyrtivörum.

**Body shop**
- 20% kynningarafsláttur af Hot Brights-kinnalitnum.
- 35% afsláttur af Body & Leg Shine, sólarfarða á líkama/fætur.
- 30% afsláttur ef þú kaupir saman sólarpúður, Liquid Lip Colour-varagloss og kabúkí-farðabursta.

## OPIÐ Í DAG 11-19

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

## KJÖRKASSINN



*Horfðir þú á flutning íslenska lagsins í Eurovision-keppninni?*

| | |
|---|---|
| Já | 82,5 |
| Nei | 17,5 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætti að hækka gjöld á áfengi og bensín?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Mjótt á munum í stjórnarkjöri á heitum aðalfundi í skugga risataps sparisjóðs:

# Stjórn Byrs hélt meirihluta

**FJÁRMÁL** Fulltrúar fyrri valdhafa í stjórn Byrs héldu velli í stjórnarkjöri á aðalfundi sparisjóðsins í gær.

Afar mjótt var á mununum í stjórnarkjörinu. A-listi, fulltrúar „grasrótarinnar“ meðal hluthafa, fékk 46 prósent atkvæða og B-listi fyrri stjórnar fékk 48 prósent. B-listinn fékk því þrjá menn í stjórn og A-listinn tvo.

Um 1.500 stofnfjárhluthafar eru í Byr. Mættu um 600 þeirra með umboð fyrir samtals 70 prósent hluthafa á aðalfundinn sem fór fram í skugga 29 milljarða króna taps Byrs á árinu 2008.

Aðalfundurinn var bæði langur og tilfinningaríkur. Fráfarandi stjórn sparisjóðsins var krafin svara og mátti þola skammir og gagnrýni fundargesta vegna slæmrar stöðu.

Fulltrúar beggja framboðanna til stjórnar Byrs telja brýnasta verkefnið fram undan að semja við lánardrottna sparisjóðsins og bæði framboðin munu telja sísta kostinn í erfiðri stöðu að sækja um sérstakt ríkisframlag samkvæmt neyðarlögunum frá í október.

Fulltrúar B-listans í stjórn Byrs eru Jón Kr. Sólnes, Guðmundur Geir Gunnarsson og Matthías Björnsson. Fulltrúar A-listans eru Sveinn Margeirsson og Arnar Bjarnason. **- gar**



**AÐALFUNDARGESTIR BYRS** Fjölmennt var á aðalfundi Byrs á Nordica-Hilton hótelinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jose Angel Cordova:

# Svínaflensan í rénun í Mexíkó

**MEXÍKÓ** Svínaflensan, H1N1, virðist vera í rénun í Mexíkó. Hún virðist einnig hafa lagst á færra fólk en búist var við í upphafi og mun líklega ekki draga fleiri en hundrað manns til dauða. Þetta sagði Jose Angel Cordova, heilbrigðisráðherra Mexíkó, í gær.

Mexíkó hefur staðfest 60 tilfelli látinna af völdum flensunnar, sem hefur breiðst út um allan heim, en þau tilfelli sem talið er að bætist við þessa tölu eru sögð vera þeir sem eru þegar mjög alvarlega veikir á sjúkrahúsum.

Næstum þrjátíu prósent af þeim sem hafa látið lífið þjáðust af sykursýki og aukaverkunum af offitu.


## FLENSBORGARAR FÆDDIR 1952

Flensborgarar, sem fæddir eru 1952, koma saman í **Hellinum í Víkingahótelinu í Hafnarfirði, laugardagskvöldið 23. maí kl. 20:00.**

Aðgangseyrir aðeins kr. 1952. Þátttaka tilkynnist á netfangið steinunnben@simnet.is fyrir mánudaginn 18. maí. Nánari upplýsingar veita eftirtaldir: Ársæll 820 2445, Bessi 897 2599, Steinunn 897 2045, Þórarinn Jón 893 7006 og Helgi Sig. 891 9334.

***Undirbúningsnefndin.***



## Aðalfundur ÍFR 2008

*Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn Laugardaginn 31.maí 2008 kl. 14.00 í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.*

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

**Stjórnin**


# Þarf að endurhugsa rekstur sveitarfélaga

**Staða sveitarfélaganna í landinu er grafalvarleg, er niðurstaða samráðsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skuldir hafa hrannast upp og skyldur hafa aukist með tilheyrandi kostnaði. Á sama tíma dragast skatttekjur saman.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Staða sveitarfélaganna er grafalvarleg og skuldir þeirra hafa hækkað gríðarlega á stuttum tíma. Átak þarf til að snúa dæminu við og til þess þarf að hugsa rekstur sveitarfélaga upp á nýtt.

Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaganna í landinu nema um 240 milljörðum króna en voru 198 milljarðar í árslok 2007. Þar af eru skuldir í erlendri mynt um 50 milljarðar. Þetta er meðal þess sem kom fram á samráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga um rekstrarvanda þeirra í gær.

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS), segir að því verði ekki neitað að staða sveitarfélaganna sé grafalvarleg. „Ég held að niðurstaða fundarins hafi verið að skipta verður um gír. Það er enginn að tala lengur um skammtímalausnir. Þessi vandi verður ekki leystur með slíkum aðgerðum heldur verður að breyta um verklag hjá sveitarfélögunum og sætta sig við að taka upp lægra þjónustustig.“ Gunnlaugur segir að mörg sveitarfélög, sérstaklega vaxtarsveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, hafi vanist miklum tekjum en nú verði allir að sætta sig við að það umhverfi hefur snúist til hins verra.

Það sem sveitarfélögin standa frammi fyrir í stuttu máli eru minnkandi tekjur, gríðarlega háar skuldir og aukin útgjaldaþörf. Útgjaldaþörfin kemur ekki síst til vegna atvinnuleysis sem birtist í hærri bótum, aukinni þörf á félagslegri þjónustu og fjárhagsaðstoð við hina verst settu.

Halldór Halldórsson, formaður SÍS, sagði fjárhagserfiðleikana meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi árs, og almennt geri fólk sér ekki grein fyrir hversu alvarleg staðan hjá sveitarfélögunum, jafnt sem ríkinu, er. „Það er því ekki nokkur einasta undankomuleið frá því að ræða allar mögulegar lausnir, þó það sé viðkvæmt. Hér er nefnilega um að tefla atvinnuöryggi fjölda manns.“

Ólafur Sigurðsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, var ómyrkur í máli. Hann sagði að sveitarstjórnarmenn þyrftu að gera sér grein fyrir því strax að þær niðurskurðaraðgerðir sem ráðast þyrfti í þýddu töpuð störf. „Það þarf að fara í langtímaaðgerðir til að gera sveitarfélögin rekanleg í því umhverfi sem við búum við. Við þurfum að fækka fólki og það sama mun gerast hjá ríkinu þegar niðurskurðurinn hefst þar. Atvinnuleysi mun aukast. Þetta blasir við ef menn þora að opna augun.“ **svavar@frettabladid.is**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**



**GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON**

## STJÓRNMÁLIN ÞURFA AÐ BREYTAST

„Við stjórnmálamenn, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, erum stödd í pólitískum sandkassaleik á meðan fólkið úti í samfélaginu glímir við alvarleg og raunveruleg vandamál,“ sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri á samráðsfundi sveitarfélaga í gær.

Hanna Birna sagði að um leið og samstarf íbúa og sveitarfélaga væri lífsnauðsynlegt kæmi annað og meira til. „Við verðum að breyta hefðbundnum reglum í stjórnmálum og hætta þessum innbyrðis átökum. Það eru ekki hefðbundnir tímar í íslensku samfélagi og ef við svörum ekki kallinu þá höldum við áfram á sömu braut, þyngjum skuldabaggann og rífum frá komandi kynslóðum þá grunnþjónustu sem þau verða og eiga að fá.“

Hanna Birna sagði að átök innan sveitarstjórna um stórt og smátt myndu einnig einkenna þingstörf á næstunni. „Þetta veldur því að við náum ekki utan um verkefnið. Við verðum að vera samstiga og áttum okkur á því að þegar við förum í þessar aðgerðir, þá héldum við að við værum að fara inn í tímabundna kreppu, venjulega íslenska lægð, en nú vitum við að þetta er varanleg alþjóðleg kreppa sem kallar ekki á tímabundnar aðgerðir eða niðurskurð, heldur varanlegar breytingar á þjónustu. Okkur tekst þetta ekki, ef við förum ekki úr gömlu hjólförunum.“ **- shá**


# Áhrif mataræðis á andlega heilsu



Dr. Natasha Campbell-McBride heldur 2 fyrirlestra í Bíósalnum á Hótel Loftleiðum, þriðjudaginn 19. maí kl. 18.00 og kl. 20.00.

*Aðgangseyrir kr.1000,- Skráning á netfanginu: johannamjöll@simnet.is. Fyrirlesturinn fer fram á ensku*

Dr. Natasha Campbell skrifaði bókina “Meltingarvegurinn og geðheilsa” eftir að hafa náð undraverðum árangri með breyttu mataræði og notkun bætiefna fyrir son hennar sem var greindur með alvarlega einhverfu. Reynsla hennar hefur sýnt að mataræði er mjög mikilvægur þáttur í að hjálpa börnum og fullorðnum með andlega kvilla og hefur hún unnið mikið frumkvöðlastarf varðandi notkun próbíótískra bætiefna við meðferð á andlegum vandamálum. Fyrirlesturinn er almennur og ætti að gagnast öllum sem áhuga hafa á að borða sér til bata.



*Dr. Campbell-McBride er læknismenntuð með sérmenntun í næringarfræði og taugasjúkdómafræði og sérhæfð í næringarfræði fyrir fullorðna með meltingar- og ónæmissjúkdóma.*

30 ára heilsuhúsið



**Auglýsingasími**

512 50 50



– Mest lesið


Formenn stjórnarandstöðunnar á fund forsætisráðherra og fjármálaráðherra:

# Stjórnarandstöðu sýnd Evróputillaga

**STJÓRNMÁL** Drög að þingsályktunartillögu um Evrópusambandsaðild voru kynnt formönnum stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var um að ræða einfalda og almennt orðaða tillögu. Þar var meðal annars getið um fyrirvara sem hafa verið í umræðunni um auðlindir, almannaþjónustu, landbúnað og sjávarútveg.

„Ég gerði aldrei ráð fyrir öðru en að það yrði víðtæk samvinna á milli stjórnmálaflokkanna og hagsmunaaðila um samningsgerðina,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í gærkvöldi.

Auk Steingríms var Jóhanna Sigurðardóttir á fundinum með þeim Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins, og Birgittu Jónsdóttur, formanni Þingflokks Borgarahreyfingarinnar. Ekki náðist í þessa fulltrúa stjórnarandstöðunnar í gærkvöldi. Hins vegar var haft eftir forsætisráðherra í Ríkisútvarpinu að þeir hafi á fundinum fyrst og fremst gagnrýnt að ekki væri löng greinargerð með tillögutextanum og að þeir myndu verða í sambandi við Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra um breytingar á textanum og útfærslu í greinargerðinni.

Ætlunin er að leggja fram þingsályktunartillöguna um aðildarviðræðurnar á komandi sumarþingi Alþingis. **- kóp, gar**



**JÓHANNA OG STEINGRÍMUR** Kynntu stjórnarandstöðunni Evróputillögu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




HR
HELENA RUBINSTEIN

**NÝTT PRODIGY SEM BYGGIR Á „MESOLIFT" HUGMYNDAFRÆÐI Í SNYRTIVÖRUM**

PRODIGY
Re-PLASTY




**SJÁANLEGUR KLÍNÍSKUR ÁRANGUR:**

MÓTAR ÚTLÍNUR - LYFTIR
GEFUR EINSTAKAN LJÓMA

Fyrsta snyrtivörulínan sem gefur tafarlausan árangur gegn öldrun húðarinnar með meso-solution, sem er einstök efnasamsetning vandlega samansett úr öllum helstu innihaldsefnum mesolift efnisins sem LACLINIC-MONTREUX notar.

FORDÆMALAUS SAMVINNA MEÐ LACLINIC-MONTREUX

*„Markmið mesolift er að móta útlínur andlitsins, endurheimta ljóma húðarinnar og ná aftur og til langs tíma ákjósanlegu fjaðurmagni húðarinnar."*



Michel Pfulg, lýtalæknir og brautryðjandi í „soft lift" tækni er stofnandi LACLINIC-MONTREUX clinic í Sviss sem er þekkt um allan heim fyrir tækni sem helst má líkja við list.

www.helenarubinstein.com

www.laclinic-montreux.ch

# HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í HAGKAUP KRINGLU, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐABÆ 14. – 19. MAÍ




**Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir 2 HR vörur.**

Prodigy Replasty krem 15 ml
Life Ritual andlitsvatn 50 ml
Life Ritual hreinsimjólk
Glorious maskari mini
HR taska

**Verðmæti kaupaukans 13.500**
Einnig aðrar gerðir kaupauka

Gildir meðan birgðir endast á kynningunni. Gildir ekki með 2 blýöntum eða öðrum tilboðum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Hælisleitandinn frá Alsír hefur ekki hafnað læknisaðstoð, missi hann meðvitund:

# Verður ekki nærður vakandi

**HÆLISLEITENDUR** Mansri Hichem frá Alsír, sem hefur verið meira en tuttugu daga í hungurverkfalli í Reykjanesbæ, verður ekki neyddur til að nærast eða á annan hátt brotið á sjálfsákvörðunarrétti hans, meðan hann hefur meðvitund til að hafna aðstoðinni, segir Hera Ósk Einarsdóttir, félagsráðgjafi hjá Reykjanesbæ.

Hælisleitandinn hefur hins vegar ekki skrifað undir að hann hafni læknisaðstoð, fari svo að hann missi meðvitund.

En hver er ábyrgð þeirra sem annast hann, fari illa og maðurinn svelti sig í hel? „Ef maður fremur sjálfsmorð er hann sjálfur ábyrgur



**MANSRI HICHEM** Hefur verið í hungurverkfalli í 20 daga. MYND/VÍKURFRÉTTIR

fyrir því. Sjálfsákvörðunarrétturinn er meðal þeirra mannréttinda sem við höfum,“ segir Hera Ósk. Læknisyfirvöld hafi gert henni ljóst að ekki sé hægt að bregðast við fyrr en sjúklingurinn getur ekki tekið ákvörðun sjálfur. Hún, og aðrir sem annast manninn, fylgist grannt með líðan hans.

Mansri Hichem beið í tvö ár eftir svari um hvort hann fengi hæli á Íslandi. Því var nýverið hafnað. Hælisleitendur á Íslandi mega hvorki vinna né stunda nám. Hann sveltir sig til að knýja á um úrlausn sinna mála. Dómsmálaráðherra hefur sagt að ekki sé hægt að veita honum aðstoð öðrum fremur, það gæti brotið gegn jafnræðisreglu. **- kóþ**

Handtekinn óður í Grímsey:

# Fangelsi fyrir berserksgang

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að hafa gengið berserksgang í Grímsey í júní í fyrra.

Maðurinn var fundinn sekur um að hafa hótað lögreglumönnum lífláti og ógnað þeim með glerflösku, gengið um með háreysti og hótanir á vörum sveiflandi ýmist hníf, sleggju eða grjóti og loks að hafa stofnað lífi manns í hættu með því að sveifla hníf í átt að honum og kasta síðan sleggju á eftir honum.

Segir í dómi að brot mannsins hafi verið alvarleg og til þess fallin að valda mikilli hræðslu og truflun. **- sh**



**EFTIRLIT** Ingibjörg Sara Benediktsdóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands, að störfum. Hún segir gagnrýnivert að framlag til tannlækninga frá hinu opinbera hafi staðið í stað svo árum skiptir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Íhugar sykurskatt í forvarnaskyni

**Heilbrigðisráðherra segir nauðsynlegt að skoða allar hliðar í málefnum tannheilsu barna. Hann segir skattahækkun á óhollustu mögulega forvarnaleið.**

**HEILBRIGÐISMÁL**. „Ég mun efna til fundar með fulltrúum Lýðheilsustöðvar, fulltrúum tannlækna og tannlæknadeildar Háskóla Íslands,“ segir Ögmundur Jónasson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra spurður um viðbrögð vegna umræðu um slæma tannheilsu barna. Ráðherra segir nauðsynlegt að skoða allar hliðar málsins, meðal annars gjaldskrána sem endurgreiðsla til foreldra frá Sjúkratryggingum ríkisins miðast við. „Staðreyndin er sú að tannheilsa er á heildina litið góð en hluti barna er afskiptur í þessum málum.“ Ögmundur segir engin áform uppi um að endurvekja skólatannlækningar til að ná til þessara barna en skoða þurfi hvernig það verður best gert.

Heilbrigðisráðherra segir vel hugsanlegt að beita skattahækkunum á sykur og aðra óhollustu til að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Hann segir ábendingar Lýðheilsustöðvar um slíka leið hafa verið hunsaða af fyrri ríkisstjórnum sem hafi þvert á móti lækkað virðisauka á til dæmis gosdrykki, þrátt fyrir sannað samhengi gosdrykkju og tannskemmda.

Ingibjörg Sara Benediktsdóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands, segir nauðsynlegt að koma upp einhvers konar eftirliti með tannheilbrigði skólabarna, rétt eins og fylgst er með heilsufari þeirra hjá skólahjúkrunarfræðingum og sjónin mæld. „Það verður að hugsa málið frá grunni og reyna að nálgast öll börn og foreldra þeirra.“ Ingibjörg bendir á að forsenda þess að hægt sé að vísa öllum börnum með skemmdar tennur til tannlæknis sé að endurgreiðsla til foreldra verði hærri eða að tannlækningar barna verði að fullu endurgreiddar af hinu opinbera.

Brýnt sé að endurskoða gjaldskrá heilbrigðisráðherra sem miðað er við í endurgreiðslu tannlækninga. Hún hafi hækkað lítið síðan 1999 sem þýðir að misræmi milli gjaldskrárinnar og þeirra gjalda sem tannlæknar innheimti sé orðið verulegt.

Ingibjörg segir að efla megi forvarnir í skólum, en forvarnir dugi ekki á skemmdir. Hún segir fullyrðingar um að tannheilsa barna sé með ágætum ekki standast. Tölur Sjúkratryggingarstofnunar sem sýna færri tannviðgerðir á hvert barn sem kemur til tannlæknis segi bara hluta sögunnar, stundum sé til dæmis gert við eina tönn í barni með fjórar skemmdar og það skili sér ekki aftur til tannlæknis. **sigridur@frettabladid.is**

## RÍKIÐ GREIÐIR MINNIHLUTANN

Algengt verð á skoðun hjá tannlækni eru á bilinu 3.000 til 4.000 krónur, segir Ingibjörg Sara Benediktsdóttir formaður Tannlæknafélags Íslands. Við endurgreiðslu vegna skoðunar á börnum er hins vegar miðað við að skoðun kosti 1.780 krónur. Endurgreiddar eru 75 prósent af því eða 1.335 krónur. Ef skoðunin kostar 3.500 krónur greiða foreldrar því 2.165 eða 60 prósent heimsóknarinnar. Hluturinn er minni eða stærri eftir því hvort læknirinn rukkar nær 3000 krónum eða 4000 krónum. Sama á við um tannsteinshreinsun, þar er verð svipað og mismunurinn svipaður.










NÝTT KORTATÍMABIL
Opið
9 - 22
Fullt af flottum vörum
Sprengidagur
25%
AFSL.
AF ÖLLU*
nema 15% afsláttur
af allri snyrtivöru
*Munið að 25% Sprengidagsafsláttur gildir ofan á allar útsöluvörur
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Flóttamenn frá átakasvæðunum í Pakistan lýsa framferði talibana:

# Ógnarstjórn í Swat-dalnum

**PAKISTAN, AP** Hörð átök halda áfram í Swat-dalnum í Pakistan, þar sem stjórnarherinn leggur allt kapp á að vinna bug á talibönum, sem höfðu lagt dalinn undir sig.

Flóttamenn frá átakasvæðinu hafa sumir hverjir gefið ófagrar lýsingar á framferði talibana og öfgafullum stjórnarháttum þeirra, sem greinilega hafa ekkert breyst frá ógnarstjórninni í Afganistan.

Sextán ára stúlka frá Mingora, stærstu borginni í Swat-dalnum, segist hafa komið að ættingja sínum hálshöggnum. Þetta hafi talibanar talið hæfilega refsingu fyrir njósnir, sem þeir sögðu hann hafa stundað. „Það eina sem ég gat hugsað um er að ég saknaði þeirra daga þegar við vorum hamingjusöm,“ sagði stúlkan. Hún segir þær takmarkanir, sem talibanar leggja á ferðafrelsi kvenna, hafa orðið til þess að hún þurfti að hætta í vinnu, sem hún stundaði til að hjálpa til við að framfleyta fjölskyldunni.

Einhverju sinni var hún stöðvuð úti á götu fyrir að vera aðeins með hefðbundinn höfuðklút, því talibanarnir vilja að konur gangi í búrkum sem hylja líkamann allan.

Ein helstu gatnamótin í Mingora eru nú jafnan nefnd „blóðugu gatnamótin“, því dag eftir dag skildu talibanar þar eftir hálshöggvin lík, oft tvö eða þrjú í einu. - gb



**Á FLÓTTA UNDAN TALIBÖNUM** Pakistanskur hermaður kannar skilríki flóttamanns frá Swat-dalnum. NORDICPHOTOS/AFP



**LOFTBRÚARAFMÆLI** Traute Gier frá Waco í Texas, sem segist vera barn Loftbrúarinnar, fagnar 60 ára afmæli hennar við athöfn í Berlín á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samstarf um ættleiðingar:

# Hægt að ættleiða frá Nepal

**STJÓRNSÝSLA Íslendingum býðst nú að ættleiða börn frá Nepal. Dómsmálaráðherra, Ragna Árnadóttir, gaf í gær út löggildingu fyrir Íslenska ættleiðingu til að annast milligöngu þar um.**

**Íslensk ættleiðing sér nú um milligöngu ættleiðingar frá sjö löndum: Nepal, Kína, Kólumbíu, Indlandi, Tékklandi, Makedóníu og Taílandi. Þar að auki hefur Alþjóðleg ættleiðing fengið leyfi til að annast milligöngu um ættleiðingar frá Póllandi. Samkvæmt lögum verður löggilt ættleiðingarfélag að sjá um milligöngu ættleiðinga milli landa. - kóp**

Páfinn í Miðausturlöndum:

# Ítrekar samúð með Palestínu

**PALESTÍNA, AP** Benedikt XVI. páfi ítrekaði í gær stuðning sinn við stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna, sagðist hafa skilning á örvæntingu þeirra en hvetur þá jafnframt til að standast þá freistingu að grípa til ofbeldis og hryðjuverka.

Á ferðalagi sínu um Miðausturlönd kom páfi í gær til Betlehem og hitti þar Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar.

Í messu, sem hann hélt í Fæðingarkirkjunni í Betlehem lýsti hann sérstaklega samúð með hlutskipti íbúa á Gazasvæðinu, sem hafa búið við einangrun og máttu þola harðar árásir af hálfu ísraelska hersins í byrjun ársins. - gb



**STRANDBYGGÐIR Í HÆTTU** Indónesískur fiskimaður á hefðbundnum bát við fiskiþorp Bajau-ættbálksins á Kapota-ey undan suðaustanverðri Sulawesi í Indónesíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dómsdagsspá um framtíð lífs í sjónum

**Heilu sjávarvistkerfin og strandsamfélög eru í hættu verði ekki gripið til ráðstafana til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta er niðurstaða skýrslu sem kynnt var á alþjóðlegri ráðstefnu um heimshöfin og loftslagsmál í gær.**

**UMHVERFISMÁL** Verði losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið ekki minnkuð um 25 til 40 prósent fyrir árið 2020 er hætta á því að aukinn sjávarhiti og súrnun hafanna leiði til þess að heilu sjávarvistkerfin þurrkist út, þar með talinn um helmingur fiskistofna í þeim. Með þessu sé afkomu um 100 milljóna strandbúa jarðar ógnað.

Þessa dómsdagsspá birtu alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin World Wildlife Fund á alþjóðlegri ráðstefnu um heimshöfin, sem fram fer þessa dagana í Manado í Indónesíu.

Ráðstefnan, sem ber enska heitið World Ocean Conference, er liður í undirbúningi fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember næstkomandi.

Í 220 síðna skýrslu WWF er vísað í niðurstöður um 300 nýlegra rannsóknaverkefna og tuttugu sérfræðinga í loftslagsmálum.

„Það verður að grípa til afgerandi ráðstafana strax, ef afstýra á tröllauknum vanda,“ segir í niðurstöðum skýrslunnar.

„Hundruð þúsunda einstæðra lífvera og heilu samfélögin verða í hættu,“ segir þar.

Vísindamenn hafa lengi varað við því að hlýnandi loftslag muni valda hraðari bráðnun heimskauta- og jökulíss og valda hækkandi sjávarborði, sem muni þurrka út ófá eyjasamfélög og strandvistkerfi. Aukin binding koltvísýrings í höfunum er einnig að valda súrnun þeirra, sem spillir kóralrifjum, skelfiski og öðru sjávarlífi.

Mörgum spurningum varðandi samspil sjávar og loftslags er þó enn ósvarað. „Við erum að vinna að því að byggja upp betri skilning á hlutverki hafsins í loftslagskerfinu,“ hefur AP-fréttastofan eftir Mary M. Glackin, aðstoðarráðherra haf- og loftslagsmála í Bandaríkjastjórn. „Þetta er heill lífsvefur,“ segir hún, „svo að það þarf að taka tillit til alls frá smæstu örverum upp í rándýrin efst í fæðukeðjunni.“ Hún lýsir áhyggjum af því að súrnun sjávar kunni að hafa skelfilegar afleiðingar fyrir margar þessara tegunda.

Fisktegundir sem lifa í kóralrifjum, fenjum og grunnsævisþangskógum Asíu kváðu standa undir sjávarútvegi sem skapar milljónum íbúa strandhéraða á þessum slóðum alls um þrjá milljarða Bandaríkjadala í tekjur á ári. **audunn@frettabladid.is-**

Stjórnmál í Georgíu:

# Þrýst á forseta að segja af sér

**GEORGÍA, AP** Eduard Shevardnadze, fyrrverandi forseti Georgíu, hefur skorað á Mikheil Saakashvili, núverandi forseta, að segja af sér þar sem ástandið í landinu sé hörmulegt.

Shevardnadze varaði við því að atburðir gætu farið úr böndunum. „Mikil spenna einkennir stöðuna í Georgíu þessa stundina,“ segir þessi fyrsti forseti Georgíu eftir fall Sovétríkjanna. Hann var neyddur til að víkja af valdastóli í Rósabyltingunni svonefndu árið 2003, Hann segist hafa sagt af sér af eigin hvötum til að komast hjá blóðbaði í landinu.

Vinsældir Saakashvilis hafa dvínað mjög eftir stríðið við Rússa í ágúst. - ghs



**ÞÆR GREIDDU ATKVÆÐI** Indverskar konur sýna merki á fingri til staðfestingar því að þær hafi greitt atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingkosningarnar á Indlandi:

# Síðustu lotu kosninga lokið

**INDLAND, AP Tugir milljóna manna gengu að kjörborði á Indlandi í gær, þegar síðasta lotan af fimm var haldin. Búist er við að úrslitin verði kunngerð á laugardaginn kemur.**

**Alls voru 714 milljónir manna á kjörskrá, en kosningunum var dreift á nokkrar vikur til að auðvelda framkvæmdina og tryggja öryggið betur.**

**Skoðanakannanir benda til þess að erfitt verði að mynda stjórn að loknum kosningunum, þar sem hvorki stjórnarflokkunum né stjórnarandstöðunni er spáð afgerandi sigri. - gb**






Í farbanni grunuð um smygl:

# Catalina laus úr gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Catalina Mikue Ncogo, sem grunuð er um mansal og aðild að fíkniefnasmygli til landsins, er laus úr gæsluvarðhaldi. Hún hefur hins vegar verið úrskurðuð í farbann til 10. júní.

Catalina er grunuð um að tengjast tveimur belgískum konum og belgískum karlmanni sem öll hafa verið handtekin við komuna til landsins með fíkniefni innvortis. Þá er Catalina talin tengjast smygltilraun til Íslands, en kærasti hennar var handtekinn með kókaín í Amsterdam. Hún er jafnframt grunuð um að hafa flutt konur til landsins til að láta þær stunda hér vændi.

Enn engar atvinnuumsóknir Íslendinga sendar vegna hægagangs aðila í Kanada:

# Segist senda tölvupósta út í tómið

**ATVINNUMÁL** „Ég get alveg viðurkennt að það er kergja í okkur vegna þessa máls. Við sendum tölvupóst út í tómið og fáum engin svör,“ segir Valdimar Grétar Ólafsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun. Enn hafa engar atvinnuumsóknir Íslendinga verið sendar til Kanada, en félagsmálaráðherra Íslands og atvinnumálaráðherra Manitobafylkis í Kanada undirrituðu í byrjun mars samkomulag sem ætlað er að skapa tímabundna atvinnumöguleika fyrir Íslendinga í Kanada. Valdimar segir ástæðuna vera hægagang í skriffinnskunni vestanhafs.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, sagði í Fréttablaðinu á laugardag að tíu umsóknir Íslendinga hefðu þegar verið sendar til Kanada. Að sögn Valdimars var það á misskilningi byggt. „Við höfum tekið við umsóknum, flokkað þær eftir starfsgreinum og erum reiðubúin að senda þær í einum pakka, sem ætti að hraða afgreiðslu atvinnuleyfa þar vestra. Kanadamennirnir vildu gefa okkur ákveðna dagsetningu til að senda umsóknirnar út, en við höfum enn ekki náð sambandi við þá til að fá þessa dagsetningu. Það gengur illa að fá svör, meðal annars vegna þess að ákveðnir aðilar úti eru í sumarleyfi, og því skrifast þetta algjörlega á Kanada. Skiljanlega vilja umsækjendur fá einhver svör um tímasetningar og annað, en við getum ekki gefið þeim nein svör.“

Að sögn Valdimars er Vinnumálastofnun í sambandi við ræðismann Íslands í Manitoba. Vonir standi til að umsóknirnar, tuttugu talsins, verði sendar út sem fyrst. - kg



**ÁHUGI** Mörg hundruð manns sóttu kynningarfund um atvinnumöguleika í Kanada um miðjan mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KANNABISRÆKT** Plönturnar voru á mismunandi stigum ræktunar. Myndin tengist málunum ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjórir menn handteknir:

# 400 kannabisplöntur fundust

**LÖGREGLUMÁL Lögregla fann samtals um 400 kannabisplöntur á tveimur stöðum í iðnaðarhverfi í Hafnarfirði í fyrradag. Fjórir karlmenn voru handteknir.**

**Eftir hádegi fundust um 230 plöntur á ýmsum stigum ræktunar á fyrri staðnum. Tveir karlar á þrítugsaldri voru handteknir og fannst nokkurt magn af marijúana á heimilum þeirra.**

**Um kvöldmatarleytið fundust síðan um 170 plöntur á öðrum stað. Tver menn, annar á þrítugsaldri og hinn á fertugsaldri, voru handteknir í tengslum við rannsókn málsins. - sh**

Dæmdur til sektargreiðslu:

# Beit dyravörð í brjóstkassann

**DÓMSMÁL** Tvítugur maður hefur verið dæmdur til að greiða dyraverði 177 þúsund krónur í bætur, með vöxtum, fyrir að hafa bitið hann í bringuna í átökum þeirra á milli í júlí í fyrra.

Maðurinn neitaði því að hafa bitið dyravörðinn en hann var hins vegar með greinilegt bitfar á brjóstinu og þótti það nægilegt til sakfellingar. Dómurinn tók hins vegar tillit til þess að atvikið varð í ryskingum sem ekki þótti ljóst hvernig hefðu hafist. Það, auk þeirra staðreynda að maðurinn er ungur og ekki refsibrot á sakaskrá, leiddi til þess að refsingu mannsins var frestað. - sh


íslensk hönnun og handverk



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is



Fyrrverandi starfsmenn SPRON boðnir velkomnir til starfa hjá Byr sparisjóði



Ýlfa Proppé Einarsdóttir, nýr þjónustustjóri í Byr Hraunbæ
Anna Ásta Khan Hjartardóttir, nýr ráðgjafi í Byr Borgartúni
Dagrún Deirdre Georgsdóttir, nýr gjaldkeri í Byr Garðabæ
Hjördís Þorsteinsdóttir, nýr ráðgjafi í Byr Kópavogi
Gréta Kjartansdóttir, nýr ráðgjafi í Byr Borgartúni
Jónína Pálsdóttir, nýr gjaldkeri í Byr Hraunbæ

DYNAMO REYKJAVÍK

Fáðu persónulega þjónustu

Anna, Dagrún, Gréta, Hjördís, Jónína og Ýlfa taka vel á móti þér. Þær eru hluti af öflugri 230 starfsmanna liðsheild sem kappkostar að veita þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf.

Fjárhagsleg heilsa

Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum

Lausnir með fjárhagslegri heilsu

Fjármálanámskeið á mannamáli ▪ Stöðumatið mitt og Heimilisbókhald ▪ Fjármálapróf ▪ Heilsupróf og ráðgjöf ▪ Lenging lána ▪ Greiðslujöfnun húsnæðislána ▪ Fyrirframgreiðsla Lífsvals ▪ Frysting erlendra lána ▪ Niðurgreiðsla lána

BYR SPARISJÓÐUR
www.byr.is | sími 575 4000




Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ

Rússar móta stefnu sína í öryggismálum næsta áratuginn:

# Búa sig til átaka um auðlindir

**RÚSSLAND, AP** Átök um auðlindir, þar á meðal á norðurskautssvæðum, verða meginviðfangsefni rússneskrar herstjórnar næsta áratuginn, samkvæmt stefnuskjali sem þjóðaröryggisráð Rússlands hefur birt á heimasíðu sinni.

„Alþjóðastefnan til langs tíma beinist einkum að því að ná yfirráðum yfir auðlindum, þar á meðal í Mið-Austurlöndum, í landgrunni Barentshafs og öðrum norðurskautssvæðum, í Kaspíahafinu og Mið-Asíu," segir í stefnuskjalinu, sem er undirritað af Dmitrí Medvedev Rússlandsforseta.

„Í samkeppnisátökum um auðlindir er ekki hægt að útiloka að hervaldi verði beitt til að leysa aðsteðjandi vandamál," segir enn fremur í skjalinu. „Mögulegt er að núverandi valdajafnvægi við landamæri Rússlands og vinaþjóða þess verði raskað."

Nánari útlistanir á þessu er ekki að finna í skjalinu, né heldur eru tilgreind sérstök dæmi.

Í skjalinu segir að Rússar stefni að því að eiga samstarf við Bandaríkin á jafnréttisgrundvelli, en áform Bandaríkjanna um að koma sér upp eldflaugavörnum í Evrópu eru sögð ein af þeim hættum sem helst steðji að þjóðaröryggi Rússlands þessa stundina. **- gb**


**MEDVEDEV MUNDAR RIFFIL** Rússneskir herinn býst við átökum út af norðurskautinu og öðrum auðlindasvæðum. NORDICPHOTOS/AFP

110 kíló voru í skútunni:

## Helmingurinn var amfetamín

**LÖGREGLUMÁL Lögregla hefur lokið við að greina efnin sem fundust í skotti bíls á Austfjörðum 19. apríl síðastliðinn og hafði verið smyglað til landsins með skútunni Sirtaki.**

**Efnið var alls um 110 kíló. Þar af voru 55 kíló amfetamín, 34 kíló voru marijúana og um 19 og hálft kíló var hass. Þá fundust 9.400 e-töflur.**

**Sex menn, fimm Íslendingar og Hollendingur, sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Þrír þeirra voru handteknir í landi og þrír til viðbótar um borð í skútunni til að flótta út úr landhelginni tæpum sólarhring síðar. - sh**

Sautján ára stúlka var prinsessa Íslands á Alparósahátíð Norfolk-borgar í Virginíu:

# Þrjátíu feta víkingaskip á Natóhátíð

**FÓLK** Fulltrúar Íslands settu glæsilegan svip á Alparósahátíðina sem haldin var í byrjun maí í Norfolk í Virginíuríki í Bandaríkjunum.

Í Norfolk eru höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins í Bandaríkjunum. Borgin heldur á hverju ári hátíð og velur eina Natóþjóð til að vera í öndvegi. Að þessu sinni var það Tékkland sem þannig átti drottningu hátíðarinnar. Hinar 27 þjóðir bandalagsins áttu hins vegar hver sína prinsessu.

Haldin var glæsileg skrúðganga um götur borgarinnar og var Tanja Bryndís Thorsteinsson prinsessa Íslands að þessu sinni. Sat hún í hásæti á þrjátíu feta löngum vagni Íslendingafélagsins í Norfolk, en vagninn var í formi víkingaskips. Sér til beggja handa hafði Tanja síðan hafmeyjar en þær kynjaverur eru einmitt tákn Norfolk-borgar. **- gar**


**PRINSESSAN KRÝND** Frú Sesselja Seifert, formaður Íslendingafélagsins, krýnir Tönju Bryndísi Thorsteinsson sem prinsessu Íslands.



**ÍSLENSKIR VÍKINGAR** Tanja Bryndís Thorsteinsson var prinsessa Íslands og Hilmar Jónsson víkingur í stafni á vagni á Alparósahátíðinni í Norfolk.



# Viðarvörn nr. 1 á Íslandi




# Notaðu sumarið til að verja viðinn!

## Verið viðbúin vetrarhörkum

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

## Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður

málning

*- það segir sig sjálft -*

**Útsölustaðir Málningar:**

BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptúni • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Snæþvottur, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur, byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL




1498
KJÖRFUGLS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 KR./KG.

1798
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 1798 kr./kg.

## FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



3498
K.S LAMBALUNDIR FROSNAR
3498 kr./kg.

1359
K.S FROSINN HRYGGUR Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.

2698
K.S LAMBAFILLET FROSIÐ 2698 kr./kg.

## KRYDDIÐ SJÁLF - VINSÆLASTA KJÖTIÐ Í BÓNUS Á GRILLIÐ



1798
K.S FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.

1359
K.S FROSIÐ LÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.

1198
INNFLUTTAR GRÍSALUNDIR *(FRYSTIVARA)*
1198 kr./kg.

## 33% - 50% MEIRA MAGN- SAMA VERÐ




998
ANDREX WC PAPPÍR 998 kr.

197
MYLLU BEYGLUR 197 kr

198
BÓNUS FROSIN SMÁBRAUÐ 198 kr.

1169
BÓNUS LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI 1169 kr./kg.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR** VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

398

187

Caj P GRILLOLÍUR 500 ml 398 kr.
HUNTS BBQ SÓSUR 612 ml 187 kr.

598

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 998 KR./KG. 598 kr./kg.

279

SUNMAID RÚSÍNUR 500g
279 kr.

98

489

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr.
BÓNUS PYLSUR 10 STK 489 kr./kg.
pylsan ca 25 kr.stk.

498

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL 498 kr./kg.

279

SUNSWEET SVESKJUR 400g
279 kr.

450

ÍSLANDSFUGL FROSINN HEILL KJÚKLINGUR 450 kr./kg.

# HEILL KJÚKLINGUR

Mjög áhugaverð uppskrift á *bonus.is*: Heill kjúklingur og 40 hvítlauksrif .
Rómaður Franskur kjúklingaréttur frá Provance. Einstaklega spennandi !

398

EMMESS TOPPAR 4 stk.
HNETU OG DAIM 398 kr.

219

BÓNUS SNAKK 160 gr
219 kr pokinn.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

69

PEPSI - PEPSI MAX - APPELSÍN 500 ml 69 kr.

398

EMMESS SKAFÍS 1,5 LÍTRAR 398 kr. VANILLU-SÚKKULAÐI-DAIM.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

„ORÐRÉTT“

*Inngrips-ismi?*

**„Var það mál manna að hugmyndafræðin um snemmbær inngrip í veikindaferli einstaklingsins væri úrræði sem hefði vantað.“**

BÆJARINS BESTA bb.is 13. maí

*Hættu nú alveg*

**„Við endurreisnina þarf að tryggja að annarleg sjónarmið ráði ekki þegar ríkið ræður fólk til starfa.“**

REYNIR TRAUSTASON RITSTJÓRI DV 13. maí

tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR, ANNAR VARAFORMAÐUR BSRB:

## *Hlustar á farfuglana syngja*

„Við erum fyrst og fremst að vinna að því að lágmarka þann skaða sem, félagsmenn okkar og fjölskyldur þeirra verða fyrir í þessu kjara- og efnahagsástandi sem er fram undan,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, starfandi formaður FOSS, Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi, og annar varaformaður BSRB.

„Starf félaganna gengur út á það þessa dagana að gera það sem við getum til að varðveita störf og félagslega þjónustu, Við reynum að tryggja að félagsleg þjónusta sveitarfélaga og ríkisins verði sem mest á næstu misserum. Það skiptir miklu máli.“

Elín Björg telur að staðan í efnahags- og kjaramálum þjóðarinnar sé sá málaflokkur „sem allt okkar líf snýst um þessa dagana. Sem annar varaformaður BSRB tek ég þátt í umræðum við viðsemjendur okkar í stærra samhengi. Við erum að bíða eftir ríkisstjórninni núna. Við höfum haldið okkur til hlés og verið í nefndastörfum um einstaka málaflokka til að vinna í haginn fyrir okkur en við gerum ráð fyrir því að vera aðili að þríhliða stöðugleikasáttmála og förum í þær viðræður um leið og það skapast svigrúm til þess. Við erum að bíða núna eftir að geta farið í þær og látið reyna á þær. Það er ekkert í hendi hvað verður með framhaldið en það er áhugi innan BSRB að láta reyna á hvort það takist að ná samkomulagi,“ segir hún.



Á vorin finnst Elínu Björgu skemmtilegast þegar farfuglarnir tínast til landsins. „Ég fer gjarnan í langan göngutúr klukkan sex á morgnana áður en ég fer af stað í vinnuna. Þá hlusta ég á farfuglana koma til landsins og syngja fyrir mig.“

## TAPAS-RÉTTIR

**FORN SKORDÝRAFÆLA**



■ Tapas-réttir eru upprunnir á Spáni. Nokkrar mismunandi skýringar eru til á uppruna tapas-réttanna. Sú vinsælasta er á þá leið að til að koma í veg fyrir að flugur sæktu í drykkjarföng hefði flatbrauð eða diskur verið lagt ofan á glasið, en spænska orðið tapa merkir lok. Í tímans rás hafi síðan sá siður myndast að raða smáréttum á „lokið“ – þar með hafi tapas-rétturinn sem við þekkjum í dag orðið til.

**SJÓNARHÓLL**

AFSTAÐA STJÓRNARLIÐA Í ESB-MÁLI

## *Samfylking sannfæri VG og öfugt*

„Mér finnst að vissu leyti í lagi að stjórnin sé klofin í afstöðu sinni til ESB. Ef ríkisstjórnin væri alfarið fylgjandi ESB-aðild gegn vilja þjóðarinnar þá þætti mér það ekki sterkt. Eins öfugt, ef þjóðin væri fylgjandi ESB en ríkisstjórnin á móti. Ég held að það verði frekar til að skoða málin ef stjórnarflokkarnir hafa hvor sína afstöðuna, þetta verði betur rætt því að Samfylkingin þarf að sannfæra VG og öfugt. Mig grunar helst að það verði þjóðaratkvæðagreiðsla þegar upp er staðið,“ segir Jósef Gíslason sem er atvinnulaus. Jósef segir að ríkisstjórnin þurfi nú að horfa inn á við, atvinnuleysið sé gríðarlegt og gjaldmiðillinn ónýtur. Fjármálamarkaður landsins standi mjög veikum fótum og hrikti í honum áfram. Umræða um aðild að ESB sé hluti af því að horfa inn á við. „Mér þykir vænt um krónuna en það ræður enginn við krónuna eins og sést best á bensínverðinu. Nafnið flotkróna er réttnefni. Þótt maður vilji gjarnan halda í krónuna er spurning hvort evran gæti verið sniðug.“



**JÓSEF GÍSLASON** ATVINNULAUS.

# Reynt á táp og toppstykkið

**Í sumar munu fjölmörg fyrirtæki láta reyna á styrk, þol og útsjónarsemi starfsmanna sinna í fjölþrautakeppni á Laugarvatni. Þar verður róið, hlaupið, synt í Laugarvatni og sitthvað fleira sem ekki fæst upp gefið.**

Starfsmenn verða að vera fráir á fæti og úrræðagóðir vilji þeir færa fyrirtæki sínu sigurinn frá Laugarvatni dagana 15. til 16. ágúst í sumar. Hjördís Ýr Johnson, frá fyrirtækinu Practical sem stendur fyrir keppninni, segist viss um að ekki vanti neitt upp á gjörvileikann, hvað þá keppnisskapið. „Það eru ófáir búnir að horfa bláklát í augun á mér og segjast ætla að taka þetta,“ segir hún og brosir við. En það er þó hægara sagt en gert því synda þarf 300 metra í Laugarvatninu og róa þar síðan líka, púla í herbúðastíl, hlaupa upp á Laugarvatnsfjall, hjóla upp á Lyngdalsheiði og rata í skóglendi. Inn á milli allra þessara þrauta á að reyna á þær gráu með einhverjum hætti en Hjördís Ýr er fámál um þær þrautir. „Já, þessar hugarþrautir eru algjört hernaðarleyndarmál. Ég get hins vegar sagt að þær felast ekki í því að svara spurningum eða að reikna en þær eiga eftir að reyna á toppstykkið.“ Hún segir kennara við Íþróttaháskólann á Laugarvatni hafa hannað fjölþrautakeppnina og hún sé þannig saman sett að þær reyni á alla þá eiginleika sem góðan fjölþrautarmann eigi að prýða; sama hvors kyns er.



**HJÖRDÍS ÝR JOHNSON**

Fjórir eru í hverju liði og á Hjördís von á 15 til 20 slíkum en hún leggur mikla áherslu á að þetta sé fjölskylduskemmtun þannig að ekki verður lögð minni áhersla á fimmta liðsmanninn sem er áhorfendur; hvort sem það eru samstarfsmenn eða fjölskyldumeðlimir. En varðandi liðsmennina fjóra, þá langaði blaðamann að vita hvort margir væru til í að púla frá þrjú til tæplega átta á laugardegi og vakna svo fyrir klukkan fimm að sunnudagsmorgni til að halda púlinu áfram og fram yfir hádegi.

„Já, það er enginn skortur á slíku fólki,“ svarar Hjördís Ýr. „Það eru svo margir í dag sem leggja stund á einhvers konar íþróttir og við eyjarskeggjar erum líka þannig að það skortir ekkert á keppnisskapið. Sumir hafa sagt að þrautirnar líti út fyrir að vera ekki nógu erfiðar. Svo eru þeir náttúrlega til sem ekki vilja nálægt íþróttum koma; okkar markmið er að báðir þessir hópar skemmti sér vel að Laugarvatni.“

**jse@frettabladid.is**



**RÓIÐ Á LAUGARVATNI** Það verður synt í og róið á Laugarvatni auk þess sem hlaupið verður í kringum það. Asinn verður líklega mun meiri en hjá þessum ræðurum því ekkert skortir á kappið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA


# Leiða saman listir og viðskipti

„Það myndast ótrúlega skemmtilegt andrúmsloft í svona húsi, þar sem viðskiptafræðingum og kerfisfræðingum er blandað saman við listamenn. Þar sem annars myndu myndast ferhyrningar og kassar myndast nú hin ýmsu form,“ segir Gunnar Karl Níelsson, annar verkefnisstjóra hjá Hugmyndahúsi háskólanna sem opnað var í gær.

Hugmyndahús háskólanna er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands, og voru það rektorar skólanna tveggja sem opnuðu húsið með formlegum hætti í gær. Hugmyndin á bak við verkefnið er að leiða saman ólíka einstaklinga úr öllum atvinnugreinum, til dæmis verslun, þjónustu, framleiðslu, listum og fjármálum, og veita þeim tækifæri til að skapa sér ný tækifæri.

Hugmyndahúsið hefur aðsetur úti á Granda, og hefur undirbúningur þess staðið yfir í þó nokkurn tíma. „Við opnuðum óformlega fyrir tæpum mánuði og síðan þá hefur orðið á götunni séð um kynninguna fyrir okkur. Við erum vel tengd í grasrótina og því hafa viðbrögðin verið gríðarleg,“ segir Gunnar Karl.

Að sögn Gunnars borga einstaklingar og nýstofnuð fyrirtæki sem fá aðstöðu í húsinu málamyndaleigu, en ætlast er til þess að þau gefi af sér til annarra aðila í húsinu í staðinn. Heildarmarkmiðið er að skapa störf fyrir framtíðina.“



**HUGMYNDIR** Rektorar HR og LHÍ opnuðu Hugmyndahúsið formlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kaffihús er einnig starfrækt í húsinu. „Við höfum því þá grunnþætti sem eru nauðsynlegir í fyrirtækjarekstri. Rafmagn, internet og kaffi,“ segir Gunnar og hlær.

**- kg**



**ALGIRDAS SLAPIKAS** Litháar halda mót í götubolta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íþróttaviðburður á Ásvöllum:

## Litháar halda götuboltamót

**SAMFÉLAGSMÁL** Götuboltamót Litháa verður haldið á Ásvöllum í Hafnarfirði um þarnæstu helgi. „Þetta hefur verið draumur hjá mér lengi og nú þegar við erum búnir að stofna þetta félag er komið tækifæri til að hrinda þessu í framkvæmd,“ segir Algirdas Slapikas, sem er í stjórn Félags Litháa og Íslendinga sem stendur fyrir keppninni. Algirdas á von á átta liðum í keppnina. „Hugmyndin er sú að gera með þessu síðan heilsteypt lið Litháa í körfubolta, sem er eiginlega okkar þjóðaríþrótt, og þá getum við tekið þátt í öðrum keppnum.“

Rúmlega 1.600 Litháar eru skráðir með lögheimili hér á landi.

**- jse**

# LOFTRIFFLAR

## Úrval sem á sér ekki hliðstæðu

### Loftrifflar á verði við allra hæfi.  Æfðu þig í allt sumar.



**Hatsan 85X – Nákvæmur og kraftmikill loftriffill í hlaupvídd 4,5mm.**
Kraftur 305 m/s.  Einskota riffill með lamarlás.  Svart synthetic skefti.
Skeftisplötur fylgja svo hægt er að lengja eða stytta skefti eftir þörfum.
3-9x32 sjónauki fylgir ásamt sjónaukafestingum. Muzzle Brake. **Verð aðeins 29.995**



**Hatsan 85X Camo - Nákvæmur og kraftmikill loftriffill í hlaupvídd 4,5mm.**
Kraftur 305 m/s.  Einskota riffill með lamarlás. Mossy Oak Break Up
felulitað skefti. Skeftisplötur fylgja, hægt að lengja eða stytta skefti..
3-9x32 sjónauki fylgir ásamt sjónaukafestingum. Muzzle Brake. **Verð aðeins 35.995**



**Hatsan AT44-10 Beech – Nákvæmur og kraftmikill loftriffill í hlaupvídd 4,5mm.**
Kraftur 325 m/s.  10 skota riffill knúinn þrýstilofti.
Vandað hnotuskefti með stillanlegum púða. Stillanleg Tru-Glo sigti.
Spor fyrir sjónauka.**Verð aðeins 65.900**



**Hatsan AT44-10 Synthetic – Nákvæmur og kraftmikill loftriffill í hlaupvídd 4,5mm.**
Kraftur 325 m/s.  10 skota riffill knúinn þrýstilofti.  Svart „thumbhole"
skefti með stillanlegum púða. Stillanleg Tru-Glo sigti.
Spor fyrir sjónauka. **Verð aðeins 59.900**.



**Hatsan AT44-10 Camo – Nákvæmur og kraftmikill loftriffill í hlaupvídd 4,5mm.**
Kraftur 325 m/s.  10 skota riffill knúinn þrýstilofti.  „Thumbhole" skefti með
stillanlegum púða. Stillanleg Tru-Glo sigti.  Mossy Oak Break Up felulitaður.
Spor fyrir sjónauka. **Verð aðeins 69.900**



**BSA Lonestar – Ensku BSA loftrifflarnir eru þekktir fyrir vandaða smíði og mikla**
nákvæmni.  Hlaupvídd 4,5mm.  Einskota riffill knúinn þrýstilofti.  Kraftur 328 m/s.
Vandað viðarskefti með gúmmípúða.  Sérlega vandað og nákvæmt hlaup.
Sjónauki á mynd er aukabúnaður. **Verð aðeins 99.900**



**BSA Scorpion T10 Beech – Ensku BSA loftrifflarnir eru þekktir fyrir vandaða**
smíði og mikla nákvæmni.  Hlaupvídd 4,5mm.  10 skota riffill knúinn þrýstilofti.
Kraftur 328 m/s.  Vandað skefti og nákvæm hlaup einkenna BSA rifflana.
Spor fyrir sjónauka.  Muzzle Brake. Sjónauki á mynd er aukabúnaður. **Verð aðeins 139.900**



**BSA Scorpion T10 Tactical – Ensku BSA loftrifflarnir eru þekktir fyrir vandaða**
smíði og mikla nákvæmni.  Hlaupvídd 4,5mm.  10 skota riffill knúinn þrýstilofti.
Kraftur 328 m/s.  Tactical útfærslan af Scorpion rifflinum.  Spor fyrir sjónauka.
Muzzle Brake. Sjónauki á mynd er aukabúnaður. **Verð aðeins 129.900.**



**Gamo CO2 Extreme – Nýr byltingarkenndur 10 skota, þrýstiloft knúinn**
pumpuriffill frá Gamo.  4,5mm hlaupvídd.  Auka magasín fylgir.
Kraftur 250 m/s.  Stillanleg fibersigti.  Spor fyrir sjónaukafestingar.
**Verð aðeins 55.900.**



**Gamo Whisper X – Kraftmikill og nákvæmur einskota riffill með lamarlás.**
Kraftur 300 m/s.  Hlaupvídd 4,5mm.  Tactical skefti.  Hlaup með Muzzle Brake.
Fiber sigti.  3-9x40 sjónauki fylgir ásamt sjónaukafestingum.  **Verð aðeins 55.900**



**Gamo Shadow RSV – Nákvæmur einskota riffill með lamarlás.  Kraftur 300 m/s.**
Hlaupvídd 4,5mm.  Vandað plastskefti með púða.  Hlaup með Muzzle Brake.
4x32 sjónauki fylgir ásamt sjónaukafestingum..  **Verð aðeins 49.900**



**Gamo Shadow Sport – Einn vinsælasti Gamo riffillinn í Bandaríkjunum.**
Einskota loftriffill með lamarlás.  Nýtt vandað hlaup.
Vandað plastskefti með púða.  Kraftur 300 m/s.
3-9x40 sjónauki og sjónaukafestingar fylgja.  Verð aðeins 46.900



**Gamo Delta Fox Combo –  Vinsæll pakki fyrir minni skotmenn.**
Einskota riffill með lamarlás. Kraftur 160 m/s.   Tactical skefti.
4x30 sjónauki og sjónaukafestingar fylgja.  Einnig fylgja skotskífur,
gildra og ein dós af skotum Delta Fox pakkanum.  **Verð aðeins 29.995**

***Einnig úrval af fylgihlutum svo sem skotskífur, gildrur, skotmörk, töskur og fleira***

***Til þess að eignast loftriffil þarftu að vera orðinn 20 ára og með skotvopnaleyfi***

**SPORTBÚÐIN**




Sportbúðin - Krókhálsi 5 -  517 8050 - sportbudin.is

**Útgjöldin**
>Rútufargjald milli Selfoss og Reykjavíkur




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS.

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN** EVA HRÖNN GUÐNADÓTTIR, GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

## *Læri seint af reynslunni í fatakaupum*



„Bestu kaupin sem ég hef gert eru klárlega bíllinn minn, hann Litli-London eins og ég kalla hann," segir Eva Hrönn Guðnadóttir, grafískur hönnuður, þegar hún er spurð um bestu og verstu kaupin sem hún hefur gert á ævinni. „Ég keypti bílinn minn á hundrað þúsund kall fyrir þremur árum og hafði hugsað mér að hann myndi kannski endast í mesta lagi eitt ár. Annað kom heldur betur í ljós, því Litli-London er enn þá skröltandi um borg og bý og kemur mér og mínum hvert á land sem er. Svo hef ég auðvitað gert mörg kaup í gegnum tíðina sem ég tel nánast fullkomin, eins og kaupin á fartölvunni minni og þvottavélinni. Ég veit ekki hvar ég væri án þessara þarfaþinga."

Verstu kaup Evu fóru fram á suðrænum slóðum. „Einu sinni keypti ég mér pitsu á Spáni og pantaði þistilhjörtu á hana sem er artichoke á ensku. Í staðinn fékk ég fiskapitsu með ansjósum, sem er anchovies á ensku, og gat ómögulega borðað pitsuna. Ég var öfga svekkt með þetta, eins og gefur að skilja! Svo hef ég líka fjárfest grimmt í fötum og skóm sem ég hef aldrei notað. Ég virðist ekki læra af reynslunni í þeirri deildinni," segir Eva Hrönn Guðnadóttir.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### TÍMASETJA ÁHYGGJUR

■ *Með því að skrifa niður áhyggjuefni og ákveða hvenær eigi að takast á við það getur komið í veg fyrir svefnleysi, segir Magnús Árni Magnússon, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar.*



„Svefnleysi stafar stundum af áhyggjum. Í raun er það líkaminn að minna á eitthvað sem annars gæti gleymst. Þá borgar sig að vera með dagbók eða skrifblokk við rúmstokkinn og skrifa niður áhyggjuefnið. Þá segir maður við sjálfan sig; „ég ætla ekki að hafa áhyggjur af þessu núna, heldur á morgun í hádeginu." Þegar búið er að tímasetja hvenær takast á við áhyggjuefnið er í flestum tilfellum hægt að sofna vært."




■ **Biðlistar eftir skólagörðum**

## Skólabörn ólm í að rækta garðinn sinn

Alls 500 börn hafa nú þegar skráð sig í Skólagarða Reykjavíkur og að sögn Auðar Jónsdóttur verkstjóra er áhuginn og eftirspurnin mun meiri en síðustu ár. „Það er óvenjulegt ástand núna og stefnir í að færri fái pláss en vilja," segir Auður en í fyrra voru ekki öll pláss fullnýtt. Nú þegar eru garðarnir í Skerjafirði uppbókaðir en eitthvað er laust í hinum görðum Reykjavíkurborgar sem alls eru um 600. Fyrir 3.000 krónur fá börn á aldrinum sex til tólf ára 18 fermetra garð, plöntur og fræ sem er eftirsótt í kreppunni. Eldri borgarar hafa einnig mátt sækja um pláss en skólabörn eru í forgangi er kemur að úthlutun. Að sögn Auðar eru þó nokkrir eldri borgarar, sem greiða 4.000 krónur fyrir garðinn og þurfa sjálfir að kaupa útsæði og fræ, komnir á biðlista. Starfsemi garðanna hefst í byrjun júní. Nánari upplýsingar og innritun er í netfangi skolagardar@rvk.is og símum 693 2323 og 411 8500.



# Leiðir til orkusparnaðar

**Fólk leitar almennt fleiri leiða til að minnka orkunotkun sína en áður, segir deildarstjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Fjölmörg hollráð varðandi orkunotkun heimila er að finna á heimasíðu fyrirtækisins.**

„Við höfum tekið eftir því að fólk er orðið meðvitaðra um orkureikninginn sinn en áður var. Oft var þetta þannig að fólk leit á þennan reikning sem sjálfsagðan hlut og borgaði án þess að hugsa mikið út í það, en núna leitar fólk leiða til að halda orkueyðslu í lágmarki. Þetta gildir jafnt um einstaklinga sem fyrirtæki," segir Ingibjörg Valdimarsdóttir, deildarstjóri í Markaðsdeild Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Á heimasíðu OR er að finna fjölda hollráða varðandi það hvernig nýta megi orkuna betur á heimilinu.

Að sögn Ingibjargar hefur OR lengi boðið upp á slík hollráð í einhverri mynd, meðal annars á vefsíðu sinni og í útgefnum bæklingum, en efnahagshrunið hafi gert það að verkum að aukin áhersla hafi verið lögð á þessi mál. „Við viljum gera það sem við getum til að koma til móts við fólk með því að leiðbeina því um hvernig megi nýta orkuna betur. Viðbrögðin við þessum hollráðum okkar hafa verið mjög góð. Það eru svo margar sparnaðarleiðir sem almenningur er kannski ekki meðvitaður um."

Hér á síðunni gefur að líta nokkur sparnaðarráð sem OR mælir með. Ítarlegri fróðleik um þessi mál er að finna á heimasíðu OR, á slóðinni or.is/hollrad . Eins mælir starfsfólk OR með því að fólk skoði hvaða orku heimilistækin eru að nota á www.or.is/reiknivelar. Einnig er mögulegt að fylgjast með orkunotkun sinni á síðunni Orkan mín, orkanmin.or.is, fyrir viðskiptavini Orkuveitunnar.

kjartan@frettabladid.is




**ORKUREIKNINGUR** Ingibjörg segir að margar sparnaðarleiðir í orkunotkun, sem almenningur viti oft ekki um, séu mögulegar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### SÓKNARFÆRI TIL AÐ BÆTA ORKUNÝTINGU

**Orkusparnaður í húshitun**
Íslensk heimili nota að meðaltali 4-5 tonn á fermetra af heitu vatni á ári. Um níutíu prósent af notkuninni fara í að hita upp húsakynni okkar. Til að minnka notkun á heitu vatni og lækka orkureikninginn liggur því beinast við að skoða hvernig við nýtum heita vatnið sem best til húshitunar.

- Látið jafnvægisstilla hitakerfi hússins þannig að hámarksrennsli til hvers ofns sé stillt og þægilegur innihiti skapist.
- Hitanemi ofna má ekki vera lokaður af með húsgögnum, of stórum sólbekkjum eða gluggatjöldum.
- Það er eðlilegt að ofnar séu kaldir ef mikið er af ókeypis varma í herberginu, svo sem sólarljós og raflýsing.
- Fylgist með hitastiginu með innihitamæli.
- Farið yfir þéttleika og einangrun glugga og hurða.
- Lokið gluggum þegar kalt er úti.
- Loftræsið aðeins í stuttan tíma í senn þar sem mikill varmi tapast ef gluggar eru hafðir opnir lengi.

**Þvottahúsið**
Í langflestum þvottahúsum á heimilum eru þvottavél og þurrkari. Þessi tæki eru almennt mjög orkufrek og beita má ýmsum ráðum til að minnka orkunotkunina:

- Þvoum ekki eða þurrkum hálftómar vélar.
- Þvoum ekki við hærri hita en nauðsynlegt er. Við það að lækka hitann um helming minnkar orkunotkun um um það bil sextíu prósent.
- Hengjum þvottinn út á snúru þegar tækifæri gefst.

**Tölvur og tæki**
Á dæmigerðu íslensku heimili er fjöldi rafmagnstækja. Góð regla er að slökkva á þeim á kvöldin.



- Skjáhvílur spara ekki rafmagn, slökkvum á skjánum.
- Fartölvur nota minni orku en borðtölvur.
- Tökum öll hleðslutæki úr sambandi eftir notkun.

# SKÍRNIR
## tímaritið sem skarar framúr!




Meðal efnis:
**Hvert er alþjóðlegt samhengi íslensku fjármálakreppunnar?**
– Már Guðmundsson.
**Hver eru lífsgildi Íslendinga?**
– Páll Skúlason.
**Hvaða erindi á Sturlunga við samtímann?**
– Guðrún Nordal.
**Er frjálshyggjan sjöunda plága Íslands?**
– Stefán Snævarr.

Lestu um það í Skírni.
Fæst í næstu bókabúð.
Nýir áskrifendur velkomnir, áskriftarsími 588-9060, hib@islandia.is

*Skírnir – Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags er elsta tímarit á Íslandi og á Norðurlöndum – stofnað 1827 – og er það tímarit sem oftast er vitnað til þegar mikilvæg málefni eru til umfjöllunar.*

**Hið íslenska bókmenntafélag**
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

**Neytendur:** Mix með upprunalegu bragði vekur lukku

## *Afturhvarf til einfaldari tíma*



**KJARTAN GUÐMUNDSSON**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Staðgengill umboðsmanns neytenda fékk tölvupóst frá kátum neytanda: „Það gladdi mig ósegjanlega þegar ég sá að nú er loksins hægt að fá aftur Egils Mix eins og það var á gullaldarárum þess. Fyrir nokkrum árum tók Ölgerðin nefnilega það óheillaskref að spilla uppskriftinni með einhverjum skuggalegum sætuefnum svo þetta ástsæla gos var ekki nema svipur hjá sjón á eftir. Nú þarf bara að endurheimta gamla Egils Greipfrúttið, en ekki eru mörg ár síðan það hlaut sömu grimmilegu örlög og Mixið."

Halldóra Tryggvadóttir, vörumerkjastjóri fyrir Egilsvörur hjá Ölgerðinni, segist hafa orðið vör við mikla ánægju fólks með þessa umbreytingu á Mixinu sem kom á markað fyrir um tveimur vikum. „Við breyttum Mixinu árið 2006, þegar markaðurinn kallaði á sykurskerta drykki. Alveg síðan þá höfum við fengið margar fyrirspurnir um hvort von væri á gamla Mixinu aftur. Það er því ljóst að margir geta tekið gleði sína á ný núna. Mixið er auðvitað séríslenskt fyrirbæri, rammíslensk uppskrift og blanda, og það er skemmtilegt. Bragðið er svo hressilegt, og það var þessi hressleiki sem fólk saknaði eftir að við breyttum uppskriftinni."




Fyrirspurn neytandans um Greipið svarar Halldóra á þennan hátt: „Greipinu var breytt á sama tíma og Mixinu, þannig að það er spurning hvort við förum ekki að endurskoða það líka."


www.ellingsen.is
14.–16. MAÍ
LOOP-DAGAR
Flugukastkennarinn Klaus Frimor veitir ráðgjöf
20%
afsláttur af völdum veiðivörum frá LOOP
KLAUS FRIMOR KASTAR FLUGU ...
... OG LANDAR ÞEIM STÓRA
14. maí, kl. 13.00–18.00
Klaus Frimor verður til ráðgjafar hjá Ellingsen Fiskislóð.
Klaus Frimor er þekktur kastkennari sem hefur farið víða um heim, sýnt og kennt fluguköst. Hann hefur verið um árabil hér á landi við leiðsögn bæði í lax- og silungaveiði.
LOOP
Adventure-vöðluskór
Verð 15.900 kr.
Kynnum nýju Yellow Line-stöngina frá LOOP
LOOP-YELLOW LINE
Flugustöng
Verð frá 44.900–75.900 kr.
LOOP-WAD
Multi-vöðlujakki
Verð 29.900 kr.
LOOP-ADVENTURE
Tvíhenda
Verð 37.900 kr.
LOOP
Adventure-útöndunarvöðlur
Verð 29.900 kr.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 31 **Velta:** 83 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 254 **-1,12%**

**OMX ÍSLAND 6** 689 **-0,82%**

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **BAKKAVÖR** | 12,00% |
| **CENTURY ALUM.** | 11,87% |
| **MAREL** | 1,02% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 2,90 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 575,00 +0,00% ... Bakkavör 1,98 -12,00% ... Eik Banki 83,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,50 +0,00% ... Marel Food Systems 58,40 -1,02% ... Össur 101,50 -0,98%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Risasekt lögð á Intel

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur sektað bandaríska örgjörvaframleiðandann Intel um einn milljarð evra, jafnvirði rúmra 180 milljarða íslenskra króna á gengi gærdagsins, fyrir að brjóta alvarlega gegn samkeppnislögum. Sektin er sú hæsta sem sambandið hefur lagt á eitt fyrirtæki til þessa.




**MERKI INTEL** Bandaríski örgjörvaframleiðandinn Intel hefur fengið í bakið metsekt vegna alvarlegra samkeppnisbrota í Evrópu.

Rannsókn á málinu hófst árið 2001 þegar AMD, helsti keppinautur Intel, kvartaði til framkvæmdastjórnarinnar og sagði Intel beita óheiðarlegum aðferðum til að hefta samkeppni á örgjörvamarkaðnum.

Í fyrra var Intel með áttatíu prósent af heimsmarkaðnum þegar kemur að örgjörvum en AMD með tólf prósent.

Sektin er sú hæsta sem ESB hefur lagt á eitt fyrirtæki fyrir samkeppnislagabrot og helmingi hærri en sektin sem lögð var á bandaríska tölvurisann Microsoft fyrir fimm árum fyrir að misnota markaðsráðandi stöðu. Hún var upp á tæpan hálfan milljarð evra. **- jab**

# Samningar við kröfuhafa tefjast

Samningar við erlenda kröfuhafa gömlu bankanna; Kaupþings, Glitnis og Landsbankans, tefjast fram á fyrri hluta næsta mánaðar þar sem efnahagsreikningur nýju bankanna liggur ekki fyrir. Af þeim sökum er ekki búið að gera upp á milli nýju og gömlu bankanna. Áður var stefnt að því að ljúka málinu eftir miðjan maí.

Þetta kemur fram í viðtali Indriða Þorlákssonar, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, við Reuters. Indriði segir óformlegar viðræður við kröfuhafa hafnar og sé stefnt að því að ljúka þeim þegar búið verði að gefa út skuldabréf í tengslum við eignaflutninginn. **- jab**

# Annar bílarisi ekur að gjaldþrotagilinu

Gengi hlutabréfa bandaríska bílarisans General Motors (GM) féll um tuttugu prósent í fyrradag í kjölfar þess að sex framkvæmdastjórar fyrirtækisins losuðu sig við alla eignarhluti sína í því.

Bandaríski dagblaðið Los Angeles Times segir söluna vísbendingu um að stjórnendum fyrirtækisins sé fullljóst hvert það stefni og vilji koma eignum í skjól á meðan hægt er.

Fallið hélt áfram í gær, fór við upphaf viðskiptadagsins í einn dal á hlut og hafði þá ekki verið lægra í 76 ár, eða síðan 1933. Það náði hæstu hæðum, 41 dal á hlut, í október árið 2007.

GM var umsvifamesti bílaframleiðandi heims þar til Toyota tók fram úr fyrirtækinu í fyrra.

Frestur stjórnenda GM til að skila inn rekstraráætlun til að fá björgunarfé bandarískra stjórnvalda rennur út um mánaðamótin. Takist það ekki þykir líklegt að fyrirtækið fari sömu leið og Chrysler, sem fór í þrot í apríllok.

Markaðsverðmæti GM nam um miðjan dag í gær einungis 690 milljónum dala, jafnvirði 87,8 milljarða íslenskra króna, og er það nú minnsta fyrirtækið af þeim þrjátíu sem reiknuð eru inn í Dow Jones-hlutabréfavísitöluna.

Til samanburðar var markaðsverðmæti stoðtækjafyrirtækisins Össurar tæpir 43 milljarðar króna í gær. **- jab**

# Framtíðarsýn skortir hér

**Tækifærin eru innan í fólki. Þetta segir rithöfundurinn Andri Snær Magnason. Hann lýsir eftir framtíðarsýn hér á landi.**

„Jafnvel bankabólan var byggð á framtíðarsýn," segir rithöfundurinn Andri Snær Magnason. Hann segir framsæknustu einstaklinga landsins hafa keyrt á slíku, jafnvel þótt það hafi keyrt um þverbak á endanum. Hann segir framtíðarsýn hafa almennt skort hér á landi lengi og fólk verði að setja heilann í bleyti til að átta sig á möguleikunum. Sjálfur sjái hann tækifærin í náttúrunni og inni í fólkinu sjálfu.

Andri Snær hélt erindi um málið á vegum Félags viðskipta- og hagfræðinga í gær undir yfirskriftinni: Er íslensk hagfræði viðundur?

Hann lýsti því hvernig Íslendingar hafi keyrt á uppblásinni framtíðarsýn allt frá þar síðustu aldamótum þegar Einar Benediktsson og fleiri framsýnir létu teikna upp virkjanakosti landsins langt umfram raforkuþörfina. Það sama hafi verið uppi á teningnum þegar stjórnvöld sögðu framtíðina felast í loðskinnaframleiðslu og fiskeldi á níunda áratug síðustu aldar.

Andri Snær sagði að víða mætti byggja upp góð tækifæri með stóra drauma á lofti. Það gæti tengst ýmsu, svo sem Konungsbók Eddukvæða, fisknum í sjónum og hvalarannsóknum á Húsavík. „Við erum ginnkeypt fyrir skyndilausnum en við megum ekki setja allt okkar á eina stoð," sagði Andri Snær.

**jonab@markadurinn.is**

### FRJÓTT FÓLK Í HUGMYNDARÁÐUNEYTINU

„Frjóasta fólkið sem ég hef hitt eftir þrjátíu ára dvöl erlendis er í Hugmyndaráðuneytinu. Þar eru frumkvöðlar sem hafa flosnað úr námi en eru að skapa framtíðarsýn," sagði Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, á fundinum í gær. Hún velti því upp hvort frjóan hugsanahátt skorti innan háskólasamfélagsins.

Egill Helgason, sjónvarpsþáttamaður og fundarstjórnandi, gekk fram fyrir skjöldu háskólasamfélagsins og sagði frumkvöðlana leita þangað eftir „köntuðu" fólki, viðskiptaþenkjandi einstaklingum sem horfi ekki út fyrir kassann, til að ýta hugmyndum úr vör og skapa úr þeim verðmæti.


# Gleðilegt RSÍ sumar!

**Orlofshús RSÍ um land allt**

Rafiðnaðarsamband Íslands á og rekur 42 orlofshús á 13 stöðum á landinu og 13 tjaldvagna. Erlendis býðst félögum íbúð í Kaupmannahöfn og 2 hús á Spáni. Alls 58 orlofseiningar.

**Skógarnes**
**glæsilegt orlofssvæði RSÍ við Apavatn**

Skógarnes er 25 hektara orlofssvæði sem rafiðnaðarmenn hafa byggt markvisst upp á undanförnum árum. Þar eru **15 orlofshús**, þar af 10 ný og glæsileg 100m² hús og eitt 270m², **tjaldsvæði** með grillhúsi, 2 rúmgóðum snyrtihúsum með sturtum og uppþvottaaðstöðu. Félagsmönnum býðst **veiði** í Apavatni og **bátar**, **golfvöllur**, 9 holur með 50m-250m par3 brautum og 9 holu púttvelli, **göngu- og hlaupastígar**, **knattspyrnuvöllur**, **strandblaksvöllur**, **körfuboltavöllur**, risastórt **trampólín** og 3 vel útbúnir **leikvellir**.
Ath. Svæðið er einungis ætlað félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og gestum.

**Fjölskylduhátíðin** verður um Jónsmessuna **19.-21. júní** í Skógarnesi.

**Spennugolfið** verður **26. júní** á Öndverðarnesvelli.

**Veiði- og útilegukortin** verða á 25% afslætti í sumar.

Nánari upplýsingar á orlofsvef RSÍ á rafis.is

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS



# Eimskip losar sig við vandræðafélag

„Nú er einu púsli af mörgum lokið,“ segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips.

Félagið hefur gert samning um sölu á 65 prósenta hlut í finnska skipafélaginu Containerships. Kaupandi er Container Finance, sem verið hefur minnihlutaeigandi finnska félagsins. Salan er gerð með fyrirvara um samþykki stjórnar félagsins og að takist að létta af veðum.

Gangi salan í gegn munu skuldir Eimskips lækka um ellefu milljarða króna en Eimskip tapar 3,9 milljörðum króna á henni.

Salan á Containerships er liður í fjárhagslegri endurskipulagningu Eimskips, sem unnið hefur verið að frá í fyrravor og stefnt er á að ljúki fyrir júnílok. Þar á meðal er sala á eignum sem ekki tengjast kjarnastarfsemi, svo sem frystivörugeymslum Versacold. Gylfi sagðist í gær sannfærður um að það takist.



**GYLFI SIGFÚSSON** Forstjóri Eimskips segir einu púsli lokið í endurskipulagningu fyrirtækisins.

Eimskip keypti hlutinn í Containerships í október árið 2006 og hefur rekið félagið sem sjálfstæða einingu innan samstæðu Eimskips síðan þá. Tíu skip sigla undir fána félagsins á Eystrasalti. Aðstæður þar hafa hins vegar reynst dragbítur á rekstri Eimskips, líkt og kom fram á síðasta uppgjörsfundi félagsins.

Þrátt fyrir söluna er stefnt að því að félögin starfi áfram saman. Eimskip verður áfram umboðsaðili Containerships í Danmörku og Containerships verður umboðsaðili Eimskips í Finnlandi. - jab

# Veltumesti dagur ársins í gær

„Það eru góðar líkur á að nýtt veltumet verði slegið á skuldabréfamarkaði í vikunni,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Heildarvelta með skuldabréf nam rúmum 24,6 milljörðum króna í Kauphöllinni í gær og var þetta veltumesti dagur ársins. Til samanburðar nam heildarvelta allrar síðustu viku, þeirrar bestu á árinu, 58,3 milljörðum króna.

Þórður segir veltuna í gær framhald af þeirri þróun sem sést hafi upp á síðkastið að viðbættu útboði Seðlabankans á ríkisbréfum, sem fram fór í gær. „Við teljum að skuldabréfamarkaðurinn nái sér á strik á þessu ári,“ segir hann. - jab



Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

# Virði hvers smells

Fáir auglýsendur nota herferðarmælingar, til að mæla áhrif vefauglýsinga, samkvæmt könnun Soffíu Kristínar Þórðardóttur, ráðgjafa og verkefnastjóra hjá TM Software. „Það er óábyrgt og kærulaust að kaupa þessar vefauglýsingar og fylgjast svo ekki með því hvort fjárfestingin er að skila sér,“ segir hún.

Soffía kannaði auglýsingar á stóru vefmiðlunum fyrir einu ári, og endurtók könnunina í mánuðinum. Um tólf prósent voru með herferðarmælingar til að fylgjast með hverju smellir á auglýsingar skiluðu, hvort sem var í sölu eða skráningum. Í ár voru einungis, sem nemur sex prósent auglýsinga með slíkar mælingar.

„Auglýsendur eru greinilega ekki að vakna til vitundar um möguleikana sem eru í boði,“ segir Soffía. Hún telur að auglýsendur treysti frekar á tölur frá auglýsingamiðlunum,



en að greina þær sjálfir. „Það er erfitt að sjá hvort auglýsingar skili tilætluðum árangri ef mælingar eru ófullnægjandi,“ segir hún.

Ýmis tól eru í boði til að fylgjast með vefumferð og greina hana. Sum þeirra, líkt og Google Analytics sem er í mikilli sókn, eru ókeypis og ættu því ekki að vera hindrun í vegi greiningar. Soffía segir að margir hins vegar mikli fyrir sér fyrirhöfnina við slík tól. „Það er treyst á að auglýsingastofur og veffyrirtækin veiti þessa ráðgjöf og mættu fleiri veita þessa þjónustu, líkt og TM Software gerir.“ - ss

# Enn samdráttur innan OECD

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) greinir enn merki um djúpan efnahagssamdrátt í mælingum á hagvísum aðildarríkjanna (e. Composite Leading Indicators) í mars. Þó bendi margt til að draga sér úr niðursveiflunni í Frakklandi, Ítalíu, í Bretlandi og Kína.

OECD segir í nýjustu mælingu sinni að ekki megi vænta snarps viðsnúnings í bráð enda merkin dauf.

Hvorki er slíku að skipta um önnur aðildarríki OECD né þau sem standa utan við stofnunina. Þar eru hagvísar enn neikvæðir.

Mæling OECD á helstu hagvísum er ætlað að gefa upplýsingar um stefnubreytingar í hagsveiflum til skemmri tíma og veita innsæi hvort hagkerfi séu að vaxa eða dragast saman.

Mælingar helstu hagvísa á meðal OECD-ríkjanna sýna 0,1 prósents samdrátt í mars og er það 9,5 prósentum lægra en fyrir ári. - jab



**BRESKA ÞINGHÚSIÐ** Vísbendingar eru um að hægja sé á niðursveiflunni í Bretlandi, samkvæmt nýjustu mælingu OECD á hagvísum.

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tannheilsa segir til um menningarstig þjóðar.

## Skilvirk skimun tannskemmda

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Hefði ég efni á að gefa öllum íslendingum tannbursta, mundi ég gera þjóðinni meira gagn en þótt ég skrifaði handa henni ódauðleg ljóð,“ sagði Halldór Laxness í Alþýðubókinni sem út kom árið 1929 og enn áttatíu árum síðar er tannheilsa Íslendinga mörgum áhyggjuefni.

Tannheilsa manna er enda eitt af mörgu sem gefur til kynna menningarstig þjóðar og nú ber svo við að eftir að tannheilsa Íslendinga hafði batnað verulega undanfarna áratugi og var orðin sambærileg tannheilsu annarra Norðurlandabúa bendir allt til þess að henni sé að hraka að nýju.

Velta má fyrir sér hvers vegna tannheilbrigðisþjónusta lýtur ekki sömu lögmálum og önnur heilbrigðisþjónusta. Vissulega þarf að sinna viðhaldi á tönnum með öðrum hætti en gegnir um aðra hluta líkamans. Hitt er annað að tannskemmd er í raun eins og hver annar sjúkdómur sem fólk leitar sér lækninga við.

Á fáeinum áratugum tókst að stórbæta tannheilsu Íslendinga, aðallega með fræðslu um mikilvægi tannhirðu en einnig með því að tannlæknaþjónusta fyrir börn var ókeypis, og sem ekki skipti síður máli, að það náðist til allra barna gegnum skólatannlækningakerfið. Það er líklega ekki síst niðurlagning þess sem nú er að koma í bakið á þjóðinni.

Það vegur einnig þungt að tannlæknaþjónusta er ekki lengur ókeypis fyrir börn. Hún á að vísu að heita að vera endurgreidd að þremur fjórðu. Raunin er hins vegar sú að viðmiðunargjaldskrá endurgreiðslnanna hefur ekki þróast í takti við raunveruleikann þannig að raunendurgreiðsla er að líkindum talsvert undir helmingi útlagðs kostnaðar vegna tannlæknaþjónustu við börn.

Á tímum eins og nú er óhægt að biðja um aukin útgjöld vegna tannlæknaþjónustu við börn. Samt sem áður ætti það að vera markmið að tannlæknaþjónusta við börn sé endurgjaldslaus og að þangað til því markmiði verði náð sé að minnsta kosti miðað við raunhæfa gjaldskrá tannlækna þegar endurgreiðsla er reiknuð.

Færa má rök fyrir því að ekki sé skynsamlegt að reka fullbúnar tannlæknastofur innan veggja grunnskólans. Hvergi næst þó til allra barna nema einmitt þar og innan veggja skólans fer fram heilbrigðisskoðun. Það hlýtur að koma til álita að fella reglulega tannskoðun inn í þá skoðun. Barnið færi svo heim með skilaboð á sama hátt og til dæmis ef það er ekki talið sjá eða heyra nægilega vel.

Tannskemmdir eru meðal algengustu sjúkdóma mannfólksins. Andstætt kvefpest læknar tíminn ekki tennurnar. Því er öflug fræðsla um áhrif tannhirðu og mataræðis á tannheilsu, skipulögð og skilvirk skimun á tannskemmdum ásamt aðgengilegri, ódýrri og helst endurgjaldslausri lækningaþjónustu við tannskemmdum grundvallaratriði ef við ætlum aftur að ná því að vera í sama flokki og nágrannaþjóðirnar þegar kemur að tannheilsu.

Það hlýtur þó að koma nokkuð spánskt fyrir sjónir að þjóðin standi frammi fyrir slíku tiltektarverkefni beint í kjölfar mestu hagsældarára Íslandssögunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Allir nema við**

Stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar er ítarleg lesning og er meðal annars vikið að jafnréttismálum en stjórnin hefur uppi göfug áform í þeim málum. Þar stendur meðal annars: „Áhrif kvenna í endurreisninni verði tryggð. Því mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að jafna hlutfall kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og grípa til sértækra aðgerða sé þess þörf.“ Þetta er verðug áskorun. En fyrst allt samfélagið er nú undir færi þá ekki vel á því að ríkisstjórnin gengi undan með góðu fordæmi og byrjaði á að jafna kynjahlutfallið í ríkisstjórninni? Beitti jafnvel til þess sértækum aðgerðum?



**Réttarbætur**

Í stjórnarsáttmálanum segir líka að hugað skuli „að réttarbótum í málefnum kynskiptinga“. Því ber auðvitað að fagna. Þess má þó geta að ein af þeim úrbótum sem fólk úr þessum hópi hefur óskað eftir er að vera ekki kallað kynskiptingar; betur fari á að tala um „transgender“ eða leiðréttingu á kyni. Svo langt virðist ríkisstjórnin ekki reiðubúin að ganga.

**Fullnaðarsigur**

Höldum okkur við stjórnarsáttmálann. Þar kemur líka fram að til standi að leggja fram þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að ESB, boðað verði til stjórnlagaþings og lagt verði fram frumvarp um persónukjör. Í gær var svo tilkynnt að Alþingi hafi fallið frá bindisskyldu þingmanna. Á aðeins rúmlega hálfum mánuði hafa þannig öll helstu stefnumál Borgarahreyfingarinnar verið uppfyllt. Nú er bara að bíða og sjá hvort fallist verði á að láta einn glugga á alþingishúsinu standa opinn. Verði það samþykkt getur Borgarahreyfingin líklega farið að kalla þetta gott.



bergsteinn@frettabladid.is

# Bréf frá Nígeríu



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Peningamál

Þegar Nígería var brezk nýlenda, var sterlingspundið lögeyrir í landinu. Í aðdraganda sjálfstæðs lýðveldis í Nígeríu 1960 var Seðlabanki Nígeríu settur á fót, og Nígeríupundið varð þá þjóðmynt landsins. Íbúafjöldi Nígeríu var 42 milljónir á móti 52 milljónum á Bretlandi. Gengið var pund fyrir pund: eitt Nígeríupund jafngilti einu brezku pundi eins og ein færeysk króna jafngildir enn í dag einni danskri krónu, engin lausung þar, ekki í peningamálum.

Þessi skipan hélzt í Nígeríu til 1973, þegar Bretar tóku upp tugakerfið í bankamálum. Þeir hættu þá að skipta pundinu í tólf skildinga og hverjum skildingi í tuttugu pens eins og þeir höfðu gert um aldir og skiptu pundinu heldur í hundrað pens. Það ár, 1973, tóku Nígeríumenn upp nýja mynt, naíru, og skiptu henni í hundrað kóbó. Gengið var enn einn á móti einum: ein naíra jafngilti einu brezku pundi. Smám saman veiktist naíran vegna óstjórnar í Nígeríu. Ríkisútgjöld fóru langt fram úr skatttekjum þrátt fyrir miklar útflutningstekjur af olíu eftir 1970. Hallareksturinn var brúaður með lántökum og peningaprentun, sem kyntu undir verðbólgu og gengisfalli. Nú eru 220 naírur í hverju pundi samkvæmt skráðu gengi. Það þýðir, að gengi naírunnar gagnvart pundinu hefur fallið um 16 prósent á ári frá 1973. Svartamarkaðsgengi naírunnar er nú um fimmtungi lægra en skráð gengi vegna gjaldeyrishafta. Vilji menn kaupa innfluttan varning, sem er ekki á frílista (gamall orðaforði úr bankasögu Íslands kemur að góðum notum í Nígeríu), fá þeir ekki yfirfærslu í bönkum og geta þá leitað fyrir sér á svörtum markaði, þar sem allt er falt.

Upptöku naírunnar sem þjóðmyntar 1973 var ætlað að efla fullveldi Nígeríu með því að veita Seðlabanka Nígeríu færi á sjálfstæðri stjórn peningamála. Hugsunin á bak við breytta skipan var, að sjálfstæð peningastjórn þjónaði hagsmunum þjóðarinnar betur en órofa binding naírunnar við brezka pundið. Reynslan vitnar þó um mikið – 99,5 prósent! – gengisfall naírunnar gagnvart pundinu frá 1973. Slíkt gengisfall væri kannski réttlætanlegt, hefði Nígeríumönnum tekizt að draga á Breta í lífskjörum, en það tókst þeim ekki. Kaupmáttur þjóðartekna á mann í Nígeríu er nú helmingi minni miðað við Bretland en hann var 1980. Nú hyggst Nígería í ljósi reynslunnar leggja naíruna til hliðar og ganga í myntbandalag við fjögur eða fimm önnur Vestur-Afríkulönd (Gambíu, Gíneu, Gönu, Síerra Leóne og kannski Líberíu). Fyrirhugað myntbandalag lætur þó á sér standa meðal annars vegna þess, að Nígería er langfjölmennasta landið í hópnum (155 milljónir) og minni löndin óttast um sinn hag. Sumir kvíða því að missa spón úr aski sínum, þegar sameiginlegur seðlabanki myntbandalagsins tekur við ýmsum verkefnum einstakra seðlabanka aðildarlandanna, en það er einmitt tilgangurinn. Nýjum seðlabanka bandalagsins er hugað staðsetning í Accra, höfuðborg Gönu (24 milljónir). Seðlabanki myntbandalags á ekki heima í höfuðborg fjölmennasta ríkisins. Afríkusambandið stefnir að einum gjaldmiðli handa öllum löndum álfunnar 2028. Fyrirmyndin er ESB og evran.

Myntum heimsins fækkar smátt og smátt. Æ fleiri þjóðir sjá sér hag í að sameinast um gjaldmiðla. Þegar myntbandalag Nígeríu og nágrennis kemst á laggirnar, verða gjaldmiðlar Afríku helmingi færri en löndin. Fyrirhugað myntbandalag fimm landa í Austur-Afríku mun fækka myntum álfunnar enn frekar. Hagkvæmni knýr á um samstarf um færri og stærri myntir. Gegn þessu miðsóknarafli standa fullveldissjónarmið, sem knýja á um varðveizlu þjóðmynta líkt og gerðist í Nígeríu og einnig á Íslandi.

Íslenzka krónan kom fram á sjónarsviðið 1886 og var jafngild danskri krónu til 1920. Gengi krónunnar lækkaði síðan um fimmtung, en náði aftur jafnvirði danskrar krónu 1933 og hélt því til 1939. Fram að því ári hækkaði verðlag á Íslandi litlu meira en í Danmörku. Í heimsstyrjöldinni 1939-45 tók verðlag á Íslandi að hækka mun hraðar en í Danmörku, þar eð íslenzk stjórnvöld gættu ekki nauðsynlegs aðhalds. Gengi krónunnar hlaut því að lækka. Nú, 70 árum síðar, er gengið 23 íslenzkar krónur á móti einni danskri, eða réttar sagt 2300 íslenzkar, þar eð tvö núll voru tekin aftan af gömlu krónunni 1981. Gengi krónunnar hefur lækkað um 99,95 prósent síðan 1939. Gengi krónunnar gagnvart danskri krónu hefur því að jafnaði fallið um 12 prósent á ári frá 1939. Seðlabanki Nígeríu býst nú til að taka tvö núll aftan af naírunni, ef stofnun myntbandalagsins dregst á langinn.

# Hagsmunir Íslands eru í Evrópu

**UMRÆÐAN**

Elvar Örn Arason skrifar um varnar- og öryggismál



**ELVAR ÖRN ARASON**

Ógnir og átakasvæði í alþjóðakerfinu hafa breyst eftir lok kalda stríðsins. Hagsmunir Bandaríkjanna hafa færst til annarra heimsálfa og því ekki pólitískur vilji til að taka þátt í sameiginlegum vörnum Evrópu í sama mæli og áður. Í kjölfarið hefur Evrópa þurft að axla meiri ábyrgð á sínum öryggis- og varnarmálum. Þetta á einnig við um Ísland. Brotthvarf bandaríska hersins og breyttar áherslur NATO kalla á nýtt hagsmunamat.

Í kalda stríðinu var náin samvinna á milli Norðurlandanna á sviði öryggis- og varnarmála. Danmörk, Noregur og Ísland gengu í NATO meðan Svíþjóð og Finnland aðhylltust hlutleysisstefnu. Á yfirborðinu leit út fyrir að þjóðirnar væru klofnar og stefndu í þveröfuga átt. Staðreyndin var sú að þau voru samtíma í að halda hinu svokallaða „norræna jafnvægi“. Í því fólst að halda sig í fjarlægð frá átökum stórveldanna og forðast átök við þau. Þessi sameiginlega afstaða leiddi til óformlegs öryggissamfélags, þar sem ríkin höfðu ávallt hagsmuni svæðisins að leiðarljósi.

Norrænu ríkin í NATO stóðu vörð um pólitískan stöðugleika á svæðinu. Þau vísuðu oft til norrænnar samstöðu þegar staða Finnlands var rædd á vettvangi NATO. Pólitískur þrýstingur Sovétríkjanna á Finnland hefði óhjákvæmilega aukist ef Danmörk og Noregur hefðu fallist á varðveislu kjarnorkuvopna og viðveru Bandaríkjahers. Í tvípólakerfi kalda stríðsins stóðu Norðurlöndin að mörgu leyti betur að vígi en ríki Mið-Evrópu, þar sem þeim tókst að mestu leyti að komast hjá átökum stórveldanna.

Í dag eru öryggis- og varnarhagsmunir Norðurlandanna samtvinnaðir Evrópu. Þau hafa í gegnum tíðina varið takmörkuðum fjármunum til vígbúnaðar og lagt áherslu á mannréttindi, lýðræði, lög og reglu í alþjóðakerfinu og samvinnu innan alþjóðastofnana. Þessi grunnstef í utanríkisstefnu þeirra samrýmast vel afstöðu ESB og eru í samræmi við hefðbundnar áherslur þeirra.

Utanríkis-, öryggis- og varnarsamstarf ESB er í stöðugri þróun. Íslendingar geta skipað sér í sveit með hinum Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum innan þess. Inngangа Ísland í ESB og þátttaka í sameiginlegri stefnu þess í utanríkis- og öryggismálum mun uppfylla það varnarlega tómarúm sem skapaðist eftir brotthvarf Bandaríkjahers og minna vægi NATO í vörnum Íslands.

*Höfundur er MA í alþjóðasamskiptum.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Lykill að lægra verði
Með Staðgreiðslulyklinum geturðu greitt fyrir bæði eldsneyti og vörur á næstu Skeljungsstöð um leið og þú tryggir þér afslátt, punkta og aukna þjónustu.
Sæktu um Staðgreiðslulykilinn í dag á www.skeljungur.is.
Skeljungur
Raunstærð
Það er bara Staðgreiðslulykillinn sjálfur sem er minni, fríðindin eru þau sömu og þú færð með Staðgreiðslukorti Skeljungs!

# Hjólað út í sumarið

**UMRÆÐAN**

Þóra Magnea Magnúsdóttir skrifar um umferðaröryggi



ÞÓRA MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR

Nú á vordögum fjárfesta margir í nýjum hjólum eða yfirfara hjólin sem biðu inni í geymslu í vetur. Þegar kaupa á hjól er mikilvægt að kaupa rétta stærð, þau mega ekki vera of stór. Fyrir yngstu börnin er gott að miða við að barn nái með báðum fótum samtímis niður á jörð. Mögulegt er að ekki fylgi ljós að framan og aftan, bjalla, bretti, lás eða keðjuhlíf. Þá þarf að kaupa það sérstaklega. Fyrsta tvíhjólið þarf að vera einfalt, án aukahluta eins og gíra eða annars sem dregur athygli barnsins frá því að hjóla. Það er mikilvægt þegar börn byrja að hjóla að þau búi yfir færni til að halda jafnvægi en það er yfirleitt ekki fyrr en um fimm ára aldur. Áríðandi er að þau kunni umferðarreglurnar. Almenna reglan ætti að vera sú að börn undir tólf ára aldri hjóli aðeins á gangstéttum og göngu- og hjólreiðastígum. Fyrr hafa þau ekki þann þroska og reynslu sem til þarf að hjóla samhliða bifreiðum. En þótt börn hjóli ekki í umferðinni ættu reiðhjól þeirra að vera búin sama öryggisbúnaði og hjól hinna eldri. Að auki er mælt með því að settar séu appelsínugular veifur á hjól yngstu barnanna. Það auðveldar ökumönnum og öðrum farþegum að koma auga á þau.

Höfuðáverkar eru alvarlegustu áverkar sem hljótast af hjólreiðaslysum. Notkun hlífðarhjálms kemur ekki í veg fyrir slys en dregur úr skaðanum og minnkar líkurnar á alvarlegum höfuðmeiðslum. Hjálmur getur greint á milli heilahristings og höfuðkúpubrots, jafnvel lífs og dauða. Skylt er að nota hjálm á reiðhjóli upp að fimmtán ára aldri en hjólreiðamenn eldri en fimmtán ára eru ekki síður í hættu að slasast ef þeir detta. Því hvetur Umferðarstofa alla hjólreiðamenn, unga sem aldna, til að nota hjálma. Allir hjálmar á markaði eiga að vera CE-merktir, sem þýðir að hjálmurinn uppfyllir lágmarkskröfur um öryggi. Líftími hjálma er fimm ár frá framleiðsludegi en þrjú ár frá söludegi, svo framarlega sem hjálmurinn verður ekki fyrir hnjaski. Hjálmurinn þarf að vera af réttri stærð. Hann þarf að passa vel, sitja þétt á höfðinu og má ekki renna aftur á hnakka. Mikilvægt er að fá góðar leiðbeiningar í upphafi um hvernig á að stilla hjálminn þannig að hann sitji rétt á höfðinu. Ef hlífa þarf höfði við kulda er best að nota þunna lambhúshettu, „buff“ eða eyrnahlífar sem eru sérstaklega hannaðar fyrir hjálma. Aldrei má líma eða mála á hjálminn því við það getur höggþol hans minnkað. Þegar hjálmurinn er kominn á sinn stað og öll önnur öryggisatriði eru í lagi er ekkert annað eftir en að hjóla út í sumarið. Munum að við eigum alltaf að hjóla hægra megin ef við hjólum úti í umferðinni. Verum örugg í umferðinni – alltaf.

*Höfundur er fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu.*

**SKYLDUBÚNAÐUR HJÓLA:**

- Bremsur í lagi á fram- og afturhjóli
- Bjalla – ekki má nota annan hljóðmerkjabúnað
- Ljós að framan – hvítt eða gult (ef hjólað er í myrkri eða skertu skyggni)
- Rautt ljós að aftan (ef hjólað er í myrkri eða skertu skyggni)
- Þrístrennd glitaugu – rautt að aftan og hvítt að framan
- Keðjuhlíf – til varnar því að fatnaður festist í keðjunni
- Teinaglit í teinum
- Glitaugu á fótstigum
- Lás

# Hlutverk Neytendastofu

**UMRÆÐAN**

Trygggvi Axelsson skrifar um Neytendastofu



TRYGGVI AXELSSON

Í Fréttablaðinu föstudaginn 1. maí sl. birtist grein eftir Sighvat Björgvinsson, fyrrum ráðherra neytendamála, undir fyrirsögninni „Nú er lið að Neytendastofu“. Þar gerir Sighvatur að umræðuefni nýlegar hugmyndir Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda, um lagasetningu þar sem kröfur eða lán til neytenda með veðum í íbúðarhúsnæði yrðu tekin eignarnámi. Í greininni gætir misskilnings, sem Sighvatur hefur reyndar leiðrétt hér í blaðinu um störf og starfsemi Neytendastofu en að gefnu þessu tilefni þykir þó rétt að gera nánari grein fyrir hlutverki og starfsemi hennar.

Embætti talsmanns neytenda er samkvæmt lögum sjálfstætt embætti einstaklings sem skipaður er af viðskiptaráðherra og því ekki undir umsjón Neytendastofu. Hún er hins vegar sjálfstæð ríkisstofnun sem hefur það meginhlutverk samkvæmt lögum að starfa hlutlægt að því að tryggja öryggi og lögvarin réttindi neytenda. Neytendastofa gegnir mikilvægu stjórnsýsluhlutverki við eftirlit og „löggæslu“ með starfsemi markaðarins hér á landi sem fara verður eftir margvíslegum lögum sem vernda neytendur. Stofnunin tekur við kærum frá neytendum og fyrirtækjum eða rannsakar mál að eigin frumkvæði um ætluð brot. Neytendastofa getur með ákvörðunum bannað óréttmæta skilmála, lagt sölubann við hættulegum vörum eða beitt sektum ef þess gerist þörf í tilefni af brotum.

Auk þess vinnur Neytendastofa að stefnumótun á sviði neytendamála og beitir sér fyrir að gerðar verði rannsóknir á starfssviðum hennar, annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga fyrir neytendur og fagaðila.

Reynsla af starfsemi Neytendastofu undanfarin ár sýnir að neytendur vilja að lögvarin réttindi þeirra séu virt og leita í auknum mæli aðstoðar í því sambandi eins og vaxandi málafjöldi hjá stofnuninni sýnir. Vanti lög eða úrræði á sviði neytendamála leggur Neytendastofa fram tillögur sem byggjast á þekkingu og reynslu stofnunarinnar á markaðsaðstæðum hverju sinni eins og lög um stofnunina kveða á um. Á grundvelli laga sem Neytendastofu er falið eftirlit með hefur hún á undanförnum árum tekið margvíslegar ákvarðanir er varða lögmæti skilmála og viðskiptahátta, svo sem fjármálafyrirtækja, fjarskiptafyrirtækja, byggingarvöruverslana og ferðaskrifstofa, svo aðeins nokkur dæmi séu nefnd. Neytendur og aðrir viðskiptamenn sem þannig hafa fengið úrlausn mála hjá Neytendastofu hafa kunnað að meta að í stjórnsýslunni sé til traustur bakhjarl sem getur framfylgt lögum um neytendavernd.

Neytendur og aðilar í atvinnulífinu eru hvattir til að kynna sér álit og ákvarðanir Neytendastofu á heimasíðu hennar, www.neytendastofa.is. Þar er einnig að finna greinargóðar upplýsingar um stofnunina sem kemur í veg fyrir misskilning um starfsemi og hlutverk Neytendastofu.

*Höfundur er forstjóri Neytendastofu.*

**Hef opnað móttöku í Læknamiðstöðinni Lífsteini, Álftamýri 1-5 Reykjavík.**



Tímapantanir í síma 530 8300

**Ágúst Birgisson**
lýtalæknir og bæklunarskurðlæknir

www.ablæknir.is

# Umboðsmaður barna heimsæki skóla reglulega

**UMRÆÐAN**

Kolbrún Baldursdóttir skrifar um hag barna



KOLBRÚN VALDURSDÓTTIR

Hlutverk umboðsmanns barna er víðtækt og því gerð góð skil á heimasíðu hans sem er að öllu leyti til fyrirmyndar.

Í embætti umboðsmanns barna hefur ávallt verið ráðinn lögfræðingur. Embættið hefur verið að þróast og vafalaust tekið hvað mestum breytingum þegar skipti hafa orðið á umboðsmanni. Nýir siðir og venjur koma með nýjum embættismönnum enda þótt lagaramminn hafi e.t.v. haldist nokkuð óbreyttur frá upphafi. Lagaumhverfið sem lýtur að börnum er grundvallaratriði sérhvers samfélags sem vill gæta þess að hagsmunir þeirra séu ávallt hafðir í fyrirrúmi. Þess vegna er það forgangsatriði að fylgst sé gaumgæfilega með að þjóðréttarsamningar sem snerta réttindi og velferð barna og Ísland er aðili að séu virtir og að íslensk lög og reglugerðir sem lúta að börnum og velferð þeirra séu aðlöguð jafnóðum og aðstæður eða samfélagsumhverfið gera um það kröfur.

En það eru önnur verkefni sem ekki er síður mikilvægt að embætti umboðsmanns barna sinni af alúð. Hér er átt við að umboðsmaður barna geri sér sérstaklega far um að vera í beinum tengslum við börnin í samfélaginu. Leiðin að börnunum er aðeins ein og hún er sú að umboðsmaðurinn byggi sér brú yfir til þeirra með því að heimsækja leikskóla og skóla landsins.

Tilgangur heimsókna er í raun tvíþættur: að umboðsmaðurinn kynni sig og embættið og að hann kynnist raunheimi barnanna. Að sækja börnin heim í skóla þeirra er ein áhrifaríkasta leiðin ef umboðsmaðurinn hefur áhuga á að skynja, upplifa og kynnast samfélagi barna og unglinga.

Það er trú mín að börnin sjálf munu hafa bæði gagn og gaman af slíkri heimsókn. Á Íslandi hefur lengst af verið borin ákveðin virðing fyrir mikilvægum embættum og ef heimsóknar er að vænta frá embættismönnum finna börnin til sín og hlakka til. Þetta hefur margsinnis sýnt sig þegar t.d. forseti Íslands vísiterar eða borgarstjóri. Umboðsmaður barna hefur með þessum hætti gullið tækifæri til að ræða við börnin um fjölmarga hluti sem lúta að þeim og umhverfi þeirra t.d. um jákvæð samskipti og hversu áríðandi það er að þau beri virðingu fyrir hvert öðru. Góð vísa sem þessi er aldrei of oft kveðin.

Ávinninginn af slíkum heimsóknum umboðsmanns barna er e.t.v. ekki hægt að mæla með beinum hætti. En gera má ráð fyrir að því fleiri aðilar frá ólíkum stofnunum samfélagsins sem bætast í hóp þeirra sem miðla nauðsynlegum skilaboðum til barna auki líkur þess að þau meðtaki boðskapinn.

Ég vil í þessari grein hvetja umboðsmann barna að gera sér far um að komast í beina tengingu við börnin í landinu, hlusta með eigin eyrum á hvað þau hafa að segja og á sama tíma ræða sérstaklega við þau um mikilvægi þess að koma vel fram hvert við annað hvort heldur þau eru í skólanum, í hverfinu þar sem þau búa eða á veraldarvefnum.

*Höfundur er sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði.*

NICOTINELL



Nicotinell

Munnsogstöflur með MINTUbragði!

15% afsláttur

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni þegar reykingum er hætt. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt. **Munnsogstöflur:** skammtar mega þó aldrei vera stærri en 30 stykki á dag af 1 mg og mest 15 stykki á dag af 2 mg. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 18 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Apótekarinn
lyf á lægra verði

Red Curry er eitt vinsælasta krydd Tælendinga. Þessi blanda af karrý, chilli og framandi kryddi kallar fram spennandi bragð sem á vel við kjúklingakjöt. Kókósmjólkin gefur réttinum síðan milt og rjómakennt bragð.



THAI-CHOICE

Toppurinn frá Thailandi




**Thai karrý-kjúklingur**

1 dós Thai Red Curry sósa (290g)
1/2 dós Thai Choice kókosmjólk (200g)
250g kjúklingabringa skorin í strimla
100g grænmet
(t.d. paprika, gulrætur, spergilkál og sveppir)

Steikið kjúklinginn og grænmetið á pönnu við háan hita í 3-4 mín. Bætið Thai Red Curry sósuni og Thai Choice kókósmjólkinni út í og eldið þangað til kjötið er full eldað (ca. 5 mín.) Þessi réttur er einnig ljúffengur með nautakjöti eða rækjum. Einnig er hann góður með grænmeti í stað kjöts.

Berið fram með Jasmine hrísgrjónum.



**MICHELLE OBAMA** þykir hafa puttann á tískupúlsinum. Hvíti kjóllinn eftir Jason Wu, sem hún klæddist við hátíðardansleik eftir innsetningu manns síns í forsetaembættið, hefur orðið til þess að auka mjög vinsældir kjóla með einum hlýra.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447





Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

Eirberg

Ný sending af sundfatnaði komin
www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25




Jóhanna Svala Rafnsdóttir í sumarlegum kjól frá Nikita þar sem hún starfar sem grafískur hönnuður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Elskar afslappaða tísku

**Jóhanna Svala Rafnsdóttir deilir ekki því vandamáli margra að vita ekkert í hvað hún á að fara á morgnana. Skemmtilegur fylgifiskur vinnu hennar hjá Nikita er nefnilega að prófa splunkunýjar flíkur.**

„Þessi kjóll er úr Selekzion-línunni frá Nikita. Hún er meira stíluð inn á eldri kúnnahóp en Nikita hefur verið þekkt fyrir, að minnsta kosti hér á landi,“ segir Jóhanna Svala Rafnsdóttir, sem starfar sem grafískur hönnuður hjá Nikita. „Fötin í þessari línu eru fínni og pæjulegri en aðrar flíkur frá Nikita. Mér finnst þessi kjóll sérstaklega skemmtilegur að því leyti að það er hægt að breyta honum svolítið, hafa hálsmálið ýmist þröngt eða vítt. Hann virkar bæði sem fínn kjóll en líka hversdags við gallabuxur. Það er því mjög auðvelt að dressa hann upp og líka niður.“

Hönnun Nikita er seld um allan heim og markaðurinn er alltaf að stækka. Einungis brot af hönnun fyrirtækisins er fáanlegt hér á landi. Það sem helst fæst hér eru brettaföt og götuföt, eins og víðar buxur, bolir og hettupeysur. Margir hafa saknað þess að geta ekki keypt alla línuna hér, enda fyrirtækið alíslenskt. Nú stendur til að bregðast við þessu en opna á vefverslun á næstu misserum. Þangað til geta forvitnir kíkt á heimasíðu fyrirtækisins, www.nikitaclothing.com, og skoðað það sem í boði er.

Jóhanna er hluti af sjö manna hönnunarteymi Nikita. Auk þess að vinna sem grafískur hönnuður sinnir hún ýmsum hliðum framleiðslunnar. Hún sér meðal annars um að undirbúa föt fyrir framleiðslu og sinnir meðal annars gæðaeftirliti með grafík.

Fötin eru framleidd í Kína og Taívan og svo send til Íslands sem sýnishorn. „Við göngum í fötunum sjálf, til að prófa sniðin og finna hvort flíkurnar séu ekki örugglega að virka sem skyldi. Það er stöðug vöruþróun í gangi.“

Hún þarf því sjaldan að eiga við það hversdagslega vandamál sem flestir þekkja, að eiga ekkert til að fara í á morgnana. „Þetta er alveg ágætis bónus, skal ég segja þér. Föt frá Nikita eru sennilega um níutíu prósent af fataskápnum mínum í dag. Þau smellpassa líka við minn fatastíl en ég er mikið fyrir svona afslappaða götutísku. Mér finnst ég vera mjög heppin að hafa fundið þessa vinnu, því þetta eru yfirleitt föt sem ég hefði viljað kaupa hvort sem var.“

*holmfridur@frettabladid.is*



FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti

NÝTT
Flex Max kr. 24.900,-
Flex kr. 19.950,-
System kr. 29.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
S&S stutt og strangt
Stutt og strangt
Skráning alltaf í gangi! Sími 581 3730
Komdu á rétta sporið í ræktinni!
- Tveggja vikna námskeið í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi
- Tilvalið að mæta með vinkonunum – hámark 5 í hóp
- Leiðbeiningar um mataræði
- Mæling og vigtun í byrjun og enda námskeiðs

Tímar frá mánud. til föstud.
kl. 7:15, 12:00, 17:00 og 18:00
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
TT námskeið
Taktu þér tak!
Viltu ná kjörþyngd?
Innritun hafin á síðustu námskeið fyrir sumarfrí! Sími 581 3730
Öflug átaksnámskeið fyrir stelpur á aldursbilinu 16 - 20+!
• Líkamsrækt við skemmtilega tónlist • leiðbeiningar um mataræði
• fundir, aðhald, viktun og mælingar.
Lokuð 9 vikna námskeið, mánud og miðvikud kl. 18:30 og einn tími í tækjasal.
ÖLLUM NÁMSKEIÐUM FYLGIR OPIÐ KORT Í STÖÐINNI TIL 21. ÁGÚST
- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal til 21. ágúst. Verð kr. 15.000.

Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

Þurrkari
- 10 kg -
Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**FÆTUR** tískumeðvitaðra kvenna munu líða í sumar. Tískuhönnuðir boða mjög háa hæla, 11 til 14 sentimetra háa. Hönnuðir á borð við Louis Vuitton, Marc Jacobs og Givenchy hafa á boðstólum litríka og háa hælaskó sem kosta frá þúsund upp í tvö þúsund dollara.



# Kaupendur varir um sig

**Vestanhafs merkja menn breytingar á kaupmunstri fólks og hafa verslunareigendur víða brugðist við með því að bjóða í auknum mæli upp á klæðnað sem hæfir árstíð í stað þess að vera skrefi á undan.**

Kreppan hefur sett mark sitt á tískuheiminn og vestanhafs merkja menn breytingar á kaupmunstri fólks. „Svo virðist sem fólk kaupi nú frekar það sem það vantar hér og nú en síður eitthvað fram í tímann,“ segir í grein eftir Anne D‘innocenzio hjá AP-fréttastofunni. „Þegar góðærið stóð sem hæst áttu margir það til að kaupa sandala í febrúar og lopapeysur í ágúst til að draga fram þegar rétt veðurskilyrði væru fyrir hendi, en nú vita margir ekki hvað framtíðin ber í skauti sér og halda því að sér höndum.“

Stóru vöruhúsin, sem mörg hver áttu það til að vera skrefi á undan árstíðinni og miða vöruúrvalið að einhverju leyti við tískusýningar sem sýna vor- og sumartísku að hausti og haust- og vetrartísku að vori, hafa mörg brugðist við. Þau leggja nú aukna áherslu á svokallað „wear-now clothing“ í anda „fast fashion“ keppinauta eins og H&M og Zöru sem eru þekktir fyrir að taka stöðugt inn nýjar sendingar í takt við árstíð og ríkjandi strauma í stað þess að bjóða til dæmis upp á snið sem eiga að verða heit næsta sumar um miðjan vetur. Framleiðendur á borð við DKNY og Oscar de La Renta eru á meðal þeirra sem farnir eru að fikra sig í þessa átt.

Fréttablaðið hafði samband við nokkra innkaupa- og viðskiptastjóra á höfuðborgarsvæðinu og voru þeir sammála um að vöruúrvalið á Íslandi væri yfirleitt í takt við ríkjandi árstíð. „Það er helst að fólk kaupi kannski pels á vorútsölu og léttari flíkur á haustútsölu,“ segir Guðrún Gunnarsdóttir hjá Sævari Karli. „Mín reynsla er annars sú að þeir sem kaupa sumarflíkur að vetri eru á leið til útlanda og ætla því að nota fötin um leið.“

Innkaupastjórar eiga þó nokkuð erfitt með að áætla innkaup sökum kreppunnar. „Við erum búin að draga saman eins og við þorum en mér finnst þó margir láta það eftir sér að fá sér eitthvað nýtt fyrir sumarið,“ segir Anna Kristín Magnúsdóttir, innkaupastjóri hjá Debenhams, og í sama streng tekur Hulda Ingvarsdóttir, viðskiptastjóri hjá Karen Millen, en þar rjúka sumarvörurnar út.

*vera@frettabladid.is*



Oscar De La Renta

DKNY leggur áherslu á „wear now clothing“ til að bregðast við kreppunni.

Oscar De La Renta verður með sérstaka sumarlínu sem kemur í verslanir frá júní og fram í ágúst.

# Áberandi sólgleraugu í sumar

**„Umgjarðir úr plasti eru mikið í tísku,“ segir Kjartan Kristjánsson hjá Optical Studio.**

„Stór sólgleraugu með plastumgjörðum verða áberandi í sumar,“ segir Kjartan Kristjánsson, sjónfræðingur og eigandi Optical Studio í Smáralind. „Fræg tískumerki eins og Chanel, Prada, Tom Ford, Roberto Cavalli og Ray Ban gefa alltaf tóninn í gleraugnatískunni á hverjum tíma.“



Prada hefur yfir sér einhvern dularblæ að sögn Kjartans sem segir að það sé eins og allir vilji eiga eitthvað frá Prada. Hann er á því að það gæti afturhvarfs til fortíðar í gleraugnatískunni núna og tiltekur hann sérstaklega sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar sem áhrifavald. „Ray Ban „Wayfair“ formið kom fyrst á markað 1952. Audrey Hepburn var með svoleiðis sólgleraugu í kvikmyndinni Breakfast at Tiffany‘s,“ nefnir hann.

„Áberandi er hjá Chanel, Bulgari og Dolce & Gabbana að mynstur og litir sólgleraugnanna eru þeir sömu og þeir sem eru notaðir í handtöskum og skartgripum þeirra,“ bendir Kjartan á.

*- vg*



Seiðandi sólgleraugu frá Prada.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar
SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Ítalskir gæðaskór
Light Step
á dömur & herra
St: 41-47
St: 39-47
Allir með dempun í hæl
St: 40-47
xena
GLÆSIBÆ S: 553 7060

NÝKOMNIR AFTUR
OFUR VINSÆLU
AÐHALDS BOLIRNIR
TANKTOP
1... 2... ready!
teg. Tanktop - í stærðum S,M,L,XL,2X,3X,4X
litur: húðlitur, verð kr. 5.850,-
Misty
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Nýjar vörur
30-50%
afsláttur af völdum vörum
ponny
EUROSKO
SKÓHÖLLIN
Firði Hafnarfirði S: 555-4420

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
Plokkari með ljósi
SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

## Stuttbuxnadrengir með sól í hjarta

Seint verður hægt að tala um byltingarkennda herratísku en það er ekki seinna vænna en að fara aðeins yfir strauma og stefnur komandi sumars.

Nú fer hver að verða síðastur til að ná í réttu stærðirnar, í það minnsta hvað varðar fínu tískuhúsin. Ódýrari búðir eiga þó oft stærri lager og líklega eitthvað eftir til að selja. Svo má auðvitað ekki gleyma áhrifum kreppunnar og sjálfsagt eiga sum tískuhús eftir að slá verulega af verðinu með útsölum.

Herratískan tekur reglulega upp nýjungar og ef þær ná fótfestu eru þær áberandi í nokkur ár. Þetta má segja um bleika litinn sem í eina tíð þótti allt annað en karlmannlegur en hefur frá bleika sumrinu fyrir nokkrum árum tekist að ná varanlegri fótfestu í fataskápum karla eins og sjá mátti á bleikum jakkafötum Páls Óskars í „Alla leið“. Sama má segja um bermúda-buxurnar og lítur út fyrir að þriðja sumarið í röð verði þær áberandi, sem og allar stuttbuxur. Eflaust hefur það einhver áhrif að hálfsíðar buxur eru mjög þægilegur og frjálslegur klæðnaður fyrir herra, líkt og pils fyrir konur og gott þegar hitastigið hækkar að leyfa loftinu að leika um leggina. Ég tala nú ekki um ef enn eitt góðviðrissumarið bíður. Tískublöðin segja að sú tíð sé liðin að karlar noti aðeins bermúdabuxurnar á ströndinni. Nú eiga þær að koma í staðinn fyrir síðbuxur til daglegrar notkunar yfir sumarið. Síddin getur hins vegar verið mismunandi, um hné eða fyrir ofan og ekki má gleyma kvart-buxunum sem ná niður á miðja ökkla.

Efnin eru mismunandi, frá bómull og líni yfir í fínni efni eins og ullarefni úr léttu gaberdíni eða jafnvel silki.

Önnur nýjung í sumar er litadýrðin. Jafnt í stuttbuxunum sem í öðrum herrafötum. Jafnvel jakkafötum, svo dæmi séu tekin. Rauðgult er bæði notað í sportlegar stuttbuxur sem og jakkaföt. Bleikt er inni eins og áður er nefnt og svo eiturgrænt. Stakir jakkar eru ómissandi með öllum þessum buxum, stuttum og löngum, jakkar úr taui eða gallaefni. Ekki er verra að hafa stráhatta með í farteskinu, jafnvel hvíta að hætti Humprey Bogart í Casablanca. Svo er nauðsynlegt að eiga fína leðursandala eða Conversestrigaskó.

Til að fullkomna „lúkkið“ er nauðsynlegt að nota einhvern af nýju „sumarsöfunum“ eins og Lanvin l´Homme Sport en þetta tískuhús sem hefur dustað af sér rykið undanfarin ár sendir nú nýjan herrailm á markaðinn fyrir sumarið. Sömuleiðis má reyna Extreme frá Tom Ford eða Eau d´Été frá Issey Miyake og Kenzo.

Þá vantar bara nýja broshrukkukremið frá Gaultier fyrir herra svo sumarið verði gott.

*bergb75@free.fr*

# Kynþokkafull lengd

**Mínipilsin ollu usla á sjöunda áratugnum.**

Saga mínipilsins er rakin til konu að nafni Mary Quant sem rak fatabúðina Bazaar á King‘s Road í London. Síðla á sjötta áratugnum fór hún að prófa sig áfram með styttri pils og til varð mínipilsið árið 1965 sem tröllreið tískunni á sjöunda áratugnum.

Aðrir sem komu mínipilsinu á framfæri voru Helen Rose sem gerði slíkt pils fyrir leikkonuna Anne Francis fyrir kvikmyndina Forbidden Planet árið 1956, John Bates sem hannaði svipað pils fyrir Diönu Rigg í sjónvarpsþáttunum The Avengers, og franski hönnuðurinn André Courrèges sem setti öllu víðari mínipils á markað með línu sinni Mod look sumarið 1965. Pilsinu fylgdu hvít gógóstígvél sem hönnuð voru með dans í huga. Stígvélin urðu síðar aðalsmerki Courrèges.



Hversu stutt pils þarf að vera til að það sé mínipils er ekki á hreinu. Þumalputtareglan er þó sú að standi kona bein með hendur niður með síðum á hún ekki að ná niður fyrir pilsfaldinn með löngutöng.










## BÍLAR & FARATÆKI


Audi Q7 Quattro 4.2 V8 9/2006 Ekinn 36 þ.km. Einn m/ öllu frábært verð 6.500.000.- ath. 100% lán


M.Benz E 400 CDi diesel 2/2005 ek. 50þúsund sjálfskiptur, leður ,topplúga og m/fleira Verð 5.980.000.-


Toyota Corolla Sedan Sol 1.6 7/2006 ekinn 60þúsund sjálfskiptur Verð 1.690.000.- ath.100% lán

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**



**Vantar á söluskrá og á staðinn.**
Húsbíla-hjólhýsi-fellihýsi-tjaldvagna Og vélhjól. Mikil eftirspurn. Skráið á bilas@ bilas/bilas.is Bílás/Bílasala Akranes s-431-2622/bilas.is

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**


FORD F150 SUPERCREW KING RANCH, árg 2006, ek 94.þ km, 5.4L Sjsk 300 hö, Draglok á palli, Einn með öllu, Verð 3.190.þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700


VW GOLF COMFORTLINE, árg 10/1998, ek 132 þ. km, 1.6L beinskiptur, 3 dyra, Nýleg tímareim, gott eintak, Verð 450 þ. Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700



**TILBOÐ 800 þ. stgr**
SKODA OCTAVIA ELEGANCE COMBI, árg 7/2003, ek 109.þ km, 2.0L beinskiptur, Nýleg tímareim, Listaverð 1.150. þ Áhv 745.þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

## Bílar til sölu


BMW M3 Individul SMG Árg. 2004, ek. 92 þ. km, smg skipting og bara algerlega með öllu eins og nýr, utan sem innan. Verð 5.900, skoða skipti, gott stgr. verð. Uppl. 860 1929


BMW 728 I - Sá ódýrasti Árg. 1999, ek. 190 þ. km, steptronic, lúga, leður, 18" álfelgur, ný dekk, glæsilegur og góður bíll. Verð 1.590 þús. TILBOÐ 1.090 stgr. Uppl. 860-1929 - Skoða skipti.


Nissan Terrano II DIESEL 2,7 Árg. 2000, ekinn 185 þ. km, beinsk., 7 manna, dráttarkrókur, álfelgur, fallegur bíll. Verð 1.250, tilboð 890 stgr. Uppl. 860-1929


Pontiac Firebird V8 Árg. 1996, ekinn 120, sjsk. T toppur, leður, 17" og 19" álfelgur, ógeðslega góður bíll. Verð 1.790. Tilboð 1.350 stgr. Uppl. 860-1929 Skoða skipti


Nýr bíll - Lada 111 station Árg. 2004, beinskiptur, ekinn 2.000 km, fínn bíll. Verð 490, tilboð 290 stgr. Uppl. 860-1929 skoða skipti.


TOYOTA COROLLA SEDAN 1,4 Árg. 2004, ekinn 77 þ. km. Beinskiptur, álfelgur, fallegur bíll. Verð 1.350. TILBOÐ 1.090 stgr. Skoða skipti. Uppl. 860-1929


Toyota Hiace 4WD Diesel Árg. 2000, ekinn 190 þ. km. Beinskiptur, 6 manna, drkr., þakbogar, álfelgur, nýleg dekk, góður bíll. Verð 1.190, tilboð 990 stgr. Skoða skipti. Uppl. 860-1929


VW Passat 1,6, trendline árg 2000, ek. 102 þús. Bs, rafmagn í öllu, nýleg dekk, spoiler. Verð 690 þús, tilboð 490 þús. Skoða skipti,. Upp. í s. 860 1929


Subaru Impresa árg '99, ek. 160 þús, bs, álfelgur, rafmagn í rúðum. Góður bíll. Sko '10. Verð 390 þús. Upp. í s. 860 1929


TOYOTA LAND CRUISER 100 VX 37". Árgerð 2005, ekinn 63 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur, auka sæti, leður, lúga, TMS. Verð 7.690.000.- Uppl. í síma 893 4443.



**Audi A6 3.2 2007**
Ekinn 28 þús km. Hlaðinn aukahlutum 250 HÖ 19 tommu felgur. Ásett verð 6.5 m.kr. Skipti möguleg. Uppl. í síma 665 8052.


Ford Transit turbo Dísel 14 farþega leyfisksoðaður ódýr. Árgerð 1999 ekinn 90 þús 14 farþega dráttarbeisli fínu ástandi. S. 694 3883, skoða skipti.


VW TRANSPORTER DOUBLE CAB SYNCRO árg. 8/'05. Diesel 6 manna 4x4 nýsk. '10 ek. 120þ. VSK númer. Verð 1980 þús. + vsk. S. 847 6400.


Isuzu NPR65PL Pallbíll Toppbíll nýsk. '10 ek. 135þ. dísel mikið endurnýjaður. V. 980þ. S. 847 6400.


Nissan Patrol árg. '03 ek. 120 km Sjálfskiptur, 7 manna, 35" 172 felgur, ný dekk, drkr., grindur og kastarar. Verð 2.690 þ., áhvílandi 2.350 þús. Glitnir, 48 á mán. Skoða skipti. Uppl. 860-1929

VW Passat '02 til sölu vegna fluttninga. Uppl. í s. 866 6985.

Renault Traffic 2006 til sölu. Keyrður 96.000 km. Disel. Vsk bíll. Yfirtaka á láni í boði. Gott eintak. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma: 8663189

Pajero diesel 2,5, beinskiptur '96. 7 manna. Skoðaður 2010. Góður bíll skipti athugandi, ódýrari. S. 891 9847.

## 0-250 þús.


Nissan Almera 1,6 slx. 3/2000 5 gíra. E. aðeins 113þ. Nýskoðaður. Selst með skemd á afturbretti. V. 190þ. Uppl. s. 864 8338



**TILBOÐ 225 ÞÚS!!!**
PEUGEOT 306 1,6 SYMBIO árg'99 5 dyra,ný skoðaður 2010,eyðsla 6,9ltr/100 í blönduðum, ásett 370 þús TILBOÐ 225 ÞÚS. S.841 8955

VW Vento '97 ek 160 þús nýsk án athugasemda, góðu standi, verð 250þús S: 8239328

## 250-499 þús.



**Tilboð 295 þús !**
Hyundai Accent árg 2000, ek.105 þús,5 dyra, svartur, ný skoðaður 2010, eyðir litlu,ásett verð 440 þús, TILBOÐ 295 ÞÚS. s.841 8955

## Bílar óskast



**Óska eftir vinnubílum**
Vantar VW Transporter, 1 Double cab, 1 Regular Cab og 1 lokaðan skutlubíl. Bílarnir verða að vera 2004 árgerð og yngri. Uppl. í síma 860 2971.




**Nú er tími notaðra bíla**
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

**0-150 STAÐGREITT!!!**
Óska eftir bíl ekki eldri en '97 má þarfnast lagfæringa á 0-150 þús. skoða allt s. 691 9374.

**Vantar ódýran**
Vantar bíl á verðbilinu 20-120 þús. allar tegundir koma til greina. Má þarfnast lagf. S. 857 9326.

Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla

## Jeppar


FORD EXCURSION LTD 4WD Módel 2000 ekinn 97 þ.km. Sjálfskiptur. Verð 1.890.000 Skipti ath. Uppl. í síma 898 3960

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar



Leigð'ann og aktu sjálfur. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól



SHINERAY XY200 árg.2007 ekið 200km. Verð.170,000 diesel@diesel S. 821 7660 & 663 8928



**Viltu leigja mótorhjól ?**
Erum með BMW GS 650 og Yamaha XT660 til leigu. Erum einnig með 50cc vespur til leigu(bílpróf dugar) www. bluemountain.is Rofabær 9,S.5787860 S:821 6386



**American Big Dog Pitbull**
Ekið 2200 km. 10 ára afmælistípa. 1700 cc hardtail. Uppl. í síma 665 8052.

## Reiðhjól

Rafmagnsreiðhjól - engin tryggingariðgjöld / bensínkostnaður. www.elbike.is

## Kerrur


Ný kerra mál 3m lengd 135cm breidd innan mál verð 190 þús. Uppl. í s. 867 3022.


Innanmál: 105x84x32 cm - heildarþyngd 350 kg - burðargeta 277 kg - dekk 8" TILBOÐ: 45.900 Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is

## Hjólhýsi

Til sölu Hobby 720 árg. '07. Sólarsella, nýtt fortjald, 2 gaskútar og TV loftnet. Nánari uppl. í s. 866 7691 & 895 3534.

Til sölu Hobby Hjólhýsi 460 Ufe. Excelent '08. Ónotað. Til sýnis í Hobby húsinu í Dugguvogi. Gott verð. S. 898-5256

## Fellihýsi

Óska eftir að kaupa nýlegt fjalla fellihýsi. Uppl. í s. 824 4320.

## Pallhýsi



**Travel Lite Pallhýsi**
Eigum örfá hús eftir á gamla genginu. (62$). Einnig fyrir japanska bíla. Ferðapallhýsi Oddagötu 8 Rvk s. 663 4646

## Tjaldvagnar




## Vinnuvélar


Til sölu Scania + Numela körfubúnaður. Lítillega tjónaður. Verð 900 þús. m. vsk. S. 893 3573.

Óskum eftir að kaupa vel með farna traktorsgröfu JCB 3CX eða sambærilega vél, árg 2005. Áhugasamir sendi upplýsingar og verðhugmyndir á innkaupasamband@gamil.com

## Bátar

**Óska eftir DNG handfærarúllum**
Óska eftir nokkrum DNG handærarúllum. Ásmudur s. 895 3000.

## Aukahlutir í bíla

Er að leita að dráttarbeisli undan VW passat syncro árgerð '98-2005 s: 697 3187.

## Hjólbarðar

4 stk dekk 185/65R15 á flottum álf. á 40þ. 4 stk dekk 175/70R13 á Escord felgum á 10 þ. 3 stk 225/60 15" á 10þ 3 stk 175/70 13" á Golf felgum á 10þ. 1 stk 185/70 14" á Legacy fel. á 3þ.. S. 896 8568.

**UMFELGUN - UMFELGUN !**
Fólksbíl 5.490.- Smá jeppar 6.490.- 30-32" 8.990.- 33-35" 9.490.- VDO BORGARDEKK BORGARTÚN 36 588 9747


Olíur og dekk fyrir motocross og enduro með 15% afslætti dagana 12-25 Mai á Maxxis og Micheline dekkjum og Olíum frá Motul Hagkaup Garðabæ opið 10-20 alla daga S 563 5411

## Varahlutir




Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatcback '96, Escord '98, Sunny 4x4, Sedan Twin Cam árg. '92. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. Vinstra framljós á BMW X3, aftari hljóðkútur á Hyundai Tuscon S. 896 8568.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Viðgerðir




## ÞJÓNUSTA

## Ræstingar

Tek að mér ýmis þrif, allt kemur til greina. Uppl. s. 848 8360.

# frístundir og námskeið

FIMMTUDAGUR 14. MAÍ 2009




NORDICPHOTOS/GETTY

CONNECT WITH ENGLISH

Sumarnámskeið / Summer Courses

www.connectwithenglish.is



**Dansfræði og æfingar (Dans í kvikmyndum)**
Dags: 20. - 23. júlí og 10.- 13. ágúst
Aldurshópur: 13 - 16 ára



**Ensku kennsla og íþróttatímar**
Dags: Vikulega frá 15. júní til 3. júlí / vikulega frá 6. júlí til 23. júlí
Aldurshópur: 10 - 12 ára



**Enska fyrir fullorðna sem stefna á nám eða vinnu erlendis**
Dags: 15. júní til 3 júlí / 6. júlí til 23. júlí
Aldurshópur: 21 árs og eldri



Jóhann Breiðfjörð kennir krökkum á aldrinum sex til tólf ára að byggja úr tæknilegoi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Læra að búa til þyrlur og bíla með mótorum

Tæknilegonámskeið verða í boði í sumar fyrir krakka á aldrinum sex til tólf ára. „Ég er með gamlan lager af tæknilegói sem ég fékk sendan frá Lego-fyrirtækinu á sínum tíma og hef bætt í hann eitthvað af mótorum og fleiru,“ segir Jóhann Breiðfjörð, leiðbeinandi námskeiðanna, en hann starfaði í fimm ár sem hönnuður, hugmyndasmiður og ráðgjafi hjá tæknideild danska leikfangafyrirtækisins Lego. Hann hefur haldið yfir 300 nýsköpunarnámskeið fyrir grunnskólanemendur undanfarin ár og fjölda fyrirlestra um skapandi hugsun bæði innan fyrirtækja og á eigin vegum.



„Þegar ég starfaði hjá Lego fór mig að gruna að krakkar væru ekki að byggja mikið sjálf úr tæknilegoinu heldur færu frekar eftir teikningum. Síðan væru hlutirnir geymdir uppi í hillu,“ segir Jóhann sem telur hönnuði oft gera of flókna hluti þannig að karkkar veigri sér við að rífa hlutina í sundur til að búa til eitthvað sjálf. „Hjá mér hafa krakkarnir frjálsar hendur með verkefni en ég kenni þeim að nota tannhjól og mótora,“ útskýrir Jóhann en námskeiðin eru ætluð að hvetja krakkana til að gera tilraunir og byggja meira upp á eigin spýtur.

Jóhann hefur hins vegar einfaldar grunnteikningar fyrir krakkana til að styðjast við en síðan er hægt að bæta við þær. Hann segir hvern sem er geta haft gaman að tæknilegoinu enda snúist þetta fremur um að gera tilraunir frekar en að vera klár á vélar eða tækni.

En er þetta bara fyrir stráka? „Nei, strákar eru kannski í meirihluta en stelpurnar eru að sækja í sig veðrið,“ svarar Jóhann og telur stelpurnar alveg jafn góðar í tæknilegoi og strákana.

Námskeiðin verða haldin í allt sumar í nokkrum skólum en um tólf krakkar eru saman í hóp og reynt verður að skipta hópunum niður eftir aldri.

Á vefsíðu Jóhanns, www.nyskopun.com, er hægt að nálgast allar frekari upplýsingar um tímasetningar og skráningar. *- sg*





Raj segir þátttöku í hafnabolta hafa farið fram úr björtustu vonum á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Keppt í hafnabolta í fyrsta sinn á Íslandi

**Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur stendur fyrir fyrsta Íslandsmótinu í hafnabolta.**

„Þegar ég flutti hingað til að kenna tennis var enginn hafnabolti spilaður. Í gegnum starf mitt sem landsliðsþjálfari í tennis komst ég svo að því að kastgetu íslenskra ungmenna var ábótavant, en hún er ein af undirstöðuatriðunum í tenniskennslu. Ég fór þess vegna að mæta með hafnaboltahanska á æfingar til að bæta úr því. Smám saman vatt þetta upp á sig, fólk fór að æfa íþróttina og fyrr en varði var ég kominn á kaf í hafnabolta.“

Þannig lýsir Raj Bonifacius, landsliðsþjálfari í tennis og formaður Hafna- og mjúkboltafélags Reykjavíkur, aðdragandanum að stofnun félagsins á síðasta ári en það er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. „Þetta hefur verið reynt áður, en þá var ekkert félag, engin skipulögð starfsemi í kringum þetta,“ útskýrir hann og bætir við að strax í fyrra hafi þjálfarar úr röðum Evrópska hafnaboltasambandsins (Confederation of European Baseball) því verið fengnir til að veita ráðgjöf við stefnumótun og uppbyggingu íslenska félagsins.

Uppátækið mæltist vel fyrir meðal íslenskra ungmenna þar sem fjörutíu börn voru skráð á námskeiðin, auk þess sem fullorðnir létu ekki sitt eftir liggja. „Þetta voru mest drengir, því miður, þar sem stelpur eru alveg jafn góðar í hafnabolta. Krakkarnir voru áhugasamir, sem er gott, og mættu margir með hanska og kylfur á svæðin hjá Húsdýra- og fjölskyldugarðinum og í Fossvoginum enda þarf ekki mikið meira til að spila íþróttina. Á síðasta ári var takmarkað við börn á aldursbilinu níu til fjórtán ára en nú verður tekið á móti krökkum frá sex til fimmtán ára.“

Raj segir að gæðastaðlinum verði haldið í ár, sem sjáist meðal annars af því að bandaríski þjálfarinn Patrick Pace hafi verið fenginn til að kynna og kenna börnum og fullorðnum hafnabolta, fyrst í grunnskólum frá 25. maí og svo almenningi frá 8. júní. „Þá verður hann með námskeið fyrir börn í hádeginu.“

Hápunktinn telur hann án efa fyrsta Íslandsmótið í hafnabolta hinn 14. júní. „Ég er akkúrat núna að hvetja íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu til að stofna lið og vera með. Þau eru velkomin að mæta á ókeypis kvöldæfingar hjá Pace þar sem við erum að undirbúa menn fyrir mótið. Þarna eiga þeir möguleika á að verða fyrstu Íslandsmeistararnir í hafnabolta,“ segir hann.

Næsta námskeið verður haldið 8. júní, en félagið er með aðstöðu fyrir ofan Húsdýra- og fjölskyldugarðinn og í Fossvoginum. Nánari upplýsingar á www.hafnabolti.com. *- rve*


Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið


# Facebook metið til fjár

„Þetta er hin hliðin á þessu fyrirbrigði Facebook, sú sem snýr að markaðssetningu og viðskiptum,“ segir leikstjórinn og framleiðandinn Maríanna Friðjónsdóttir, sem kennir námskeiðið Facebook sem markaðstæki hjá Endurmenntun Háskóla Íslands dagana 27. og 28. maí.

Facebook hefur að hennar sögn fremur verið nýtt til persónulegra samskipta hingað til. Á námskeiðinu verður hins vegar lögð áhersla á markaðssetningu fyrirtækja og stofnana með hjálp Facebook en sú aðferð hefur verið að ryðja sér til rúms vestanhafs. „Fyrirtæki ytra hafa smám saman áttað sig á því að nýta má samskiptin á fleiri vegu en til persónulegra tjáskipta,“ bendir hún á og bætir við að aðferðin eigi fullt erindi við Íslendinga. „Við þurfum að gera okkur grein fyrir þeim möguleikum sem þetta býður upp á enda eru notendur yfir tvö hundruð milljónir um allan heim.“



„Facebook byrjaði árið 2004 og var svo opnað almenningi 2006. Við það varð gríðarleg sprenging,“ segir Maríanna.

En er ekki hætt við því að Facebook glati aðdráttarafli sínu nái markaðssetning þar yfirhöndinni? „Alls ekki. Sú persónulega nálgun sem Facebook býður upp á smitar viðskiptaleiðina, markaðssetningin verður því sjálfkrafa persónulegri,“ segir Maríanna, sem kveðst vera mikill internetnörd. „Mér finnst bara öll hugmyndavinna áhugaverð og hvernig hugmyndum er komið á framfæri, hvort sem það er á netinu eða í öðrum miðlum.“

Facebook-námskeiðið er nú kennt í þriðja sinn vegna mikilla vinsælda og ætlar Maríanna að auki að vera með sérstakt framhaldsnámskeið 3. og 4. júní. Nánar á www.endurmenntun.hi.is. *- rve*




bhs.is
bifrost.is
fa.is
fb.is
fg.is
fiv.is
fnv.is
frae.is
fsh.is
fss.is
fsu.is
fva.is
hi.is
hr.is
idan.is
idnskolinn.is
klak.is
misa.is
mk.is
simey.is
tskoli.is
unak.is
va.is
vma.is

# 2012 tækifæri

Iðnaðurinn árið 2012 óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.

Á næstu árum verða vaxtarsprotar íslensks atvinnulífs í áliðnaði, byggingariðnaði, listiðnaði, líftækni, matvælaiðnaði, málm- og véltækni, prentiðnaði og upplýsingatækni.

Nám í verkmenntaskólum, háskólum og öðrum menntastofnunum er skynsamleg leið til að búa sig undir fjölbreytt tækifæri.

*Mótum eigin framtíð – Núna er rétti tíminn!*

*Samtök iðnaðarins – www.si.is*

SI
Samtök iðnaðarins

HVITA HÚSIÐ/SÍA – 09-0066






Gyðja og Hekla viðra sig. MYND/HALLDÓR KRISTJÁNSSON

# Hafa gaman af að fikta

**Í Tölvu- og verkfræðiþjónustunni á Grensásvegi er auðvelt á ná tökum á tækninni við stafrænar ljósmyndir og vídeó. Halldór Kristjánsson framkvæmdastjóri lýsir sumarnámskeiðunum fyrir unglinga.**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**„Við kennum krökkunum bæði að taka myndir og vinna þær í tölvum," segir Halldór og lætur okkur í té nokkrar af sínum myndum til að skreyta blaðið.**

„Við förum í leiðangra um næsta nágrenni og tökum þar bæði vídeó- og ljósmyndir. Þegar sólin skín er það mun skemmtilegra en að halda fólki algerlega innan dyra," segir Halldór um unglinganámskeiðin í ljósmyndun, sem tuttugu ára reynsla er komin á. Hvert þeirra varir í viku og hann segir þau ótvírætt höfða til krakka.

„Við kennum þeim bæði að taka myndir og vinna þær í tölvum," segir hann og bendir á að nú sé orðið vinsælt hjá krökkum að setja vídeó inn á Youtube. „Í vídeóinu erum við að gera skemmtilega hluti og leika okkur með ýmis brögð. Svo kennum við krökkum að búa til hreyfimyndir og setja inn á vefsíður."

Spurður hvort ungmennin séu fljót að tileinka sér þessa tækni svarar Halldór: „Já, þau eru áhugasöm og hafa afskaplega gaman af að fikta. Fólk lærir mest á því."

Tölvu- og verkfræðiþjónustan er starfandi allt árið og er með úrval af námskeiðum yfir sumartímann, nema í júlímánuði. „Þó er alltaf hægt að ná í okkur því fólk getur hringt í okkur í þrjátíu daga eftir námskeiðin án þess að borga fyrir það," segir Halldór. „Það er þjónusta sem enginn annar skóli býður."

*-gun*

# Afreksskóli og ókeypis gæsla

„Við viljum að krakkarnir hafi úr sem mestu að velja," segir Guðbjörg Norðfjörð, íþróttastjóri Hauka í Hafnarfirði. Hún byrjar á að lýsa fjölbreyttum hálfsdagsnámskeiðum fyrir sex til tólf ára þar sem leikið er til skiptis í boltaíþróttum og farið í hjólatúra og sund. Afreksskóli Hauka er einnig á dagskrá fyrir þá sem vilja bæta við sig í fótbolta, handbolta og körfubolta og námskeið fyrir tveggja til fimm ára. „Þessar fjórar vikur sem leikskólarnir hér í Hafnarfirði eru lokaðir erum við með námskeið fyrir litlu börnin," tiltekur Guðbjörg.

Undanfarin ár hafa um 500 krakkar sótt sumarnámskeið Hauka þær níu vikur sem þau standa. Verðið er það sama og í fyrra, 3.500 krónur fyrir vikuna fyrir hálfan daginn og sjö þúsund fyrir heilsdagsnámskeið. Auk þess er boðin gæsla milli klukkan 8 og 9 og 16 og 17 fyrir börn sem eru á námskeiðunum og hún er ókeypis. „Það er aukin þjónusta frá því í fyrra og vonandi kemur hún sér vel," segir Guðbjörg sem er er körfuboltakona og skrapp til KR í tólf ár en kveðst þó Haukamannseskja inn að beini.

*-gun*



**Guðbjörg segir sumarnámskeið verða í boði hjá Haukum fyrir leikskólabörn.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Fjölskyldan hjólar saman í sumar
dömu / herra / barnahjól
59.900
Giant Experssion DX
Álstell, demparagaffall, sætisdempari, 21 gír, bretti, bögglaberi og ljós.
43.900
Giant Rock
Dömu fjallahjól. Álstell, demparagaffall, 21 gír.
55.900
Giant Boulder
Herra fjallahjól. Álstell, demparagaffall sem hægt er að stilla og læsa, 24 gírar.
45.900
Giant Sedona
Dömu comforthjól. Álstell, demparagaffall og dempari í sæti, stillanlegur stýrishalli, 21 gír.
34.900
6-8 ára
Norco Spice
Stelpuhjól. Álstell, 12 gírar, standari.
22.900
4-6 ára
Norco Rainbow
Stelpuhjól.
Einnig til fyrir 3-4 ára: 19.900.
21.900
Norco ZX-50
Strákahjól.
4-6 ára
37.900
8-10 ára
Norco Detonator
Strákahjól. Álstell, 18 gírar, standari.
Vönduð þríhjól
Verð frá 9.900
MARKIÐ
www.markid.is • Sími 553 5320 • Ármúla 40

# Löngu tímabært nám fyrir fullorðna

Mæðgurnar Þorbjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Þorbjargardóttir hafa lagt stund á hestamennsku um margra ára skeið og hafa nýlokið við að taka knapamerki eitt og tvö.

Knapamerki er stigskipt nám í hestamennsku sem er meðal annars ætlað að auðvelda aðgengi að menntun í reiðmennsku og bæta þekkingu á meðferð, notkun og umhirðu íslenska hestsins.



Þorbjörg á Hugleik frá Fossi ásamt dóttur sinni, Jóhönnu, á Sólon Íslandus. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Námið er kennt víða en námsefnið kemur frá Hólum. Upphaflega var það eingöngu ætlað börnum og unglingum en nú hefur það verið sniðið að fullorðnum sem mér finnst löngu tímabært,“ segir Þorbjörg. „Við mæðgurnar tókum fyrstu tvö stigin í einu en námið skiptist í bóklegt og verklegt. Námið gekk að miklu leyti út á umhirðu og umgengni við hesta, ásetu, jafnvægisæfingar og stjórnun og þó ég hafi riðið út með hléum frá því að ég var tíu ára þá gafst þarna tækifæri til að dýpka kunnáttuna til muna,“ bætir hún við.

Prófað er bæði úr verklega og bóklega þættinum en mestu máli skiptir að nemendur sýni fram á að þeir hafi tileinkað sér þau viðhorf og þá umgengni gagnvart hestunum sem kennd er í náminu.

Mæðgurnar stefna að því að taka þriðja stigið í haust en þá verður farið meira í fimiæfingar, líkamsbeitingu hestsins og að samhæfa hest og knapa. „Það er svo aldrei að vita nema við höldum áfram en stigin eru í heildina fimm.“

Nánar á www.holar.is/knapamerki/index.htm - ve


# Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




Hér er Róbert á flugi við bæinn Ölu Deniz í Tyrklandi árið 2006. MYND/CHRIS WHITE

# Svifið þöndum vængjum

**Sviffélag Reykjavíkur stendur fyrir námskeiði í svifvængjaflugi á hverju sumri og var eitt slíkt að hefjast.**

Námskeið í svifvængjaflugi hjá Sviffélagi Reykjavíkur er þrjú til fjögur bókleg skipti sem allir taka saman en síðan fer eftir mætingu hve margir hópar eru í verklegu. „Verklegu skiptin eru fimm til átta, allt eftir hve fljótir menn eru að ná þessu. Bóklegu tímarnir eru um þrír klukkutímar í hvert sinn en þeir verklegu eru um fjórir klukkutímar,“ útskýrir Róbert Bragason sem sér um námskeiðið.

Námskeiðið kostar 50.000 krónur en í gjaldinu er allur búnaður á meðan námskeið stendur yfir innifalinn, árlegt félagsgjald í Fisfélagi Reykjavíkur sem felur í sér alþjóðlega slysatryggingu og síðan er kennslubók ásamt DVD-mynddiski. „Kennd eru undirstöðuatriði svifvængjaflugs, beiting vængsins og fræðileg atriði á borð við veðurfræði, flugreglur og fleira. Reyndustu flugmenn Fisfélags Reykjavíkur annast kennsluna. Meðan á námskeiði stendur hafa þátttakendur aðgang að búnaði en að því loknu þurfa þeir að útvega sér eigin búnað. Margir kaupa notað til að byrja með,“ segir Róbert.



Róbert segir marga rugla svifvængjaflugi við svifdrekaflug sem sé deyjandi íþrótt. Þarna er hann á flugi yfir Butterfly Valley í Tyrklandi árið 2006. MYND/RÓBERT BRAGASON

Samkvæmt Lognbókinni voru 120 flugdagar á landinu á síðasta ári sem er nokkuð mikið. Róbert segir ástæðuna fyrir því að hann byrjaði í svifvængjaflugi vera að líkt og svo margir hafi hann átt sína flugdrauma. „Það er eins og alla dreymi einhvern tíma um að fljúga og svo var það þannig að félagi minn lærði þetta úti í Bandaríkjunum og sagði mér frá þessu. Fram að þeim tíma hélt ég að í sportinu fælist að príla upp á fjall og fljúga beint niður en komst að því að þess í stað fer maður upp á fjall, flýgur upp og hangir uppi. Mitt lengsta flug á Íslandi er til dæmis um þrír og hálfur tími,“ segir hann. Ekki hefur verið mikið um slys í svifvængjaflugi á Íslandi. „Á námskeiðinu svörum við því þannig að fólk stjórni áhættunni að mestu sjálft.“

Námskeiðin hafa verið nokkuð vel sótt og útlit er fyrir tvö verkleg námskeið í vor. „Þeir sem hafa áhuga á svifvængjaflugi setja sig einfaldlega í samband við mig með því að hringja í 898 7771 eða senda tölvupóst á robert.bragason@gmail.com. Enn er hægt að skrá sig á bóklega námskeiðið og hugsanlega hefst fyrsta verklega námskeiðið um næstu helgi, en þetta ræðst allt saman af veðri,“ segir Róbert og bætir við brosandi að þetta sé nú einu sinni skemmtilegasta sport í heimi. - hs

# Töframáttur tarotspila

„Ég er að kenna fólki að koma auga á hvað það vill í lífinu,“ segir spákonan Michalina Skiba, sem verður á næstunni með námskeið í notkun tarotspila á efri hæð verslunarinnar Gjafir jarðar við Ingólfsstræti. Tilgangurinn er að læra að efla eigið innsæi.

Á námskeiðinu verður hverjum og einum kennt að læra að draga eigin ályktanir af merkingu þeirra tákna sem koma fyrir í spilunum. „Hægt er að líta á tarotspil sem tæki til sjálfsþekkingar og með því að læra um merkingu þeirra getum við lært meira um okkur sjálf,“ segir Michalina, sem hefur verið heilluð af tarotspilum og upptekin af draumum og táknum allt frá því hún var lítil stelpa í Póllandi.

„Reglum tarotspila má líkja við reglurnar í lífinu,“ útskýrir hún og nefnir að hvert spil segi ákveðna sögu. „Á bak við hverja sögu er merking sem getur svo opnað fyrir vissar tilfinningar og þrár sem búa í okkur hverjum og einum.“

Þá leggur Michalina mikla áherslu á að fólk læri að nota sín eigin spil og þjálfist þannig í að tengja sig við tákn þeirra. „Tarotspil eru til í margs konar útgáfum og þess vegna verður hver og einn að velja



Michalina Skiba, sem er að ljúka námi í sálfræði, er heilluð af tarotspilum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sér spil sem henta viðkomandi.“ Hún bendir á að hluti af því að uppgötva töfra tarotspila sé að læra að virkja eigið ímyndunarafl.

Námskeiðin eru ætluð bæði einstaklingum og hópum og fara fram á ensku. - vg



Kristín Einarsdóttir, þjóðfræðingur og dagskrárgerðarkona, er umsjónarmaður námskeiðs í þáttagerð sem haldið verður í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rjóminn af RÚV

**Rúmlega fjörutíu nemendur við Háskóla Íslands munu sitja nýstárlegt námskeið í útvarpsþáttagerð í sumar. Margt reyndasta útvarpsfólk landsins kennir og verða þættirnir fluttir á RÚV í vetur.**

„Það hefur verið draumur minn í nokkur ár að það verði hálftíma háskólaútvarp í viku hverri í Ríkisútvarpinu. Og nú sýnist mér sá draumur ætla að verða að veruleika,“ segir Kristín Einarsdóttir, aðjúnkt í þjóðfræði, dagskrárgerðarmaður og umsjónarmaður nýs námskeiðs sem Háskóli Íslands býður í sumar í samstarfi við RÚV.

Nemendur munu vinna útvarpshandrit og gera útvarpsþætti, byggða á þekkingu sinni og hugmyndum sem sprottið hafa úr námi þeirra.

Kennslan fer fram í höfuðstöðvum Ríkisútvarpsins í Efstaleiti í þrjár vikur í sumar. Þaulvant fjölmiðlafólk, sem er hlustendum Ríkisútvarpsins að góðu kunnt, kemur að kennslunni. Þeirra á meðal eru Hjálmar Sveinsson, Ævar Kjartansson, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Lísa Pálsdóttir, Lana Kolbrún Eddudóttir, KK og margir fleiri.

Hugmyndina að námskeiðinu fékk Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Rásar 1 og Rásar 2, þegar Háskólinn var að leita leiða til að bæta námsframboð á sumarönn fyrir nemendur sína. Hún segist stolt og ánægð með framtakið. „Þátttökulistinn og mikill áhugi starfsmanna RÚV á að taka þátt sýnir að það var þörf fyrir þetta nám,“ segir hún. „Við erum spennt að fá ungt fólk hérna inn og ég held að það eigi eftir að verða vítamínsprauta fyrir okkur. Hver veit nema við finnum líka þarna dagskrárgerðarfólk framtíðarinnar.“

Námskeiðið byggir á grunni námskeiðs í þjóðfræði sem Kristín hefur kennt í mörg ár, þar sem nemendum bauðst að gera tíu mínútna útvarpsþátt í stað þess að skila ritgerð. Út úr því munu margir góðir útvarpsþættir hafa sprottið.

Háskólanemar hafa tekið námskeiðinu vel og hafa 47 nú þegar skráð sig. Áhugasamir utan Háskólans verða að bíða og vona að haldið verði áfram, því námskeiðið býðst eingöngu þeim sem skráðir voru í Háskólann í vetur.

Rúsínan í pylsuendanum er svo sú að nemendur uppskera ríkulega afrakstur erfiðis síns, þar sem þættirnir verða á dagskrá Ríkisútvarpsins á komandi vetri. Háskólaútvarpið hefst þó strax í júní, en þá hefst flutningur þátta þjóðfræðinema sem teknir voru upp í vetur. *- hhs*

# Kennir bestu brögðin

„Bestu brögðin eru dregin fram á einu kvöldi,“ segir Friðgeir Ingi Eiríksson, yfirmatreiðslumeistari veitingahússins Gallery á Hótel Holti, um matreiðslunámskeið þar á bæ.

„Við förum yfir hvernig eigi að að útbúa þriggja rétta veislumáltíð á aðeins tveimur tímum,“ útskýrir hann og bætir við að þátttakendur verði margs vísari um hvernig eigi að bera sig að við veisluhöldin heima án þess að stressast. „Gestgjafinn á að geta fengið sér fordrykk með gestunum í rólegheitunum,“ bendir hann á og segir að með góðu skipulagi megi láta allt ganga vel fyrir sig. Þegar þátttakendur hafa lokið við eldamennskuna fá þeir að gæða sér á réttunum ásamt völdum vínum, um leið og helstu atriði námskeiðsins verða rifjuð upp.

Friðgeir bendir á að einnig sé tekið á móti lokuðum hópum, eins og sauma- og veiðiklúbbum. „Það hefur komið skemmtilega út þegar strákahópar koma til að elda og bjóða svo konunum sínum í mat og heilla þær þannig upp úr skónum með glæsilegri framkomu.“



Friðgeir Ingi stjórnaði eldhúsi Michelinstaðarins Clairfontaine í Lyon í Frakklandi í fimm ár og lumar því á leyndarmálunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Næstu námskeið verða haldin 19. og 26. maí en þá er farið yfir hvernig eigi að elda hina fullkomnu grillsteik fyrir sumarið. *- vg*









Krakkar í Golfleikjaskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ný námskeið í hverri viku

Golfleikjaskólinn verður með byrjendanámskeið við Álftanesveg flesta mánudaga í sumar. Leiðbeint verður í undirstöðuatriðum golfíþróttarinnar í skemmtilegum leik og alvöru, eins og segir á heimasíðu Golfleikjaskólans.

Kennt verður fimm virka daga í röð, í eina og hálfa klukkustund í senn. Leiðbeinandi á námskeiðunum er Anna Día Erlingsdóttir, íþróttafræðingur og stofnandi Golfleikjaskólans, ásamt fleirum.

Að hámarki komast tíu til tólf þátttakendur að í hverjum hópi. Námskeiðsgjald er 7.000 krónur og innifalið í því er vallargjald þegar spilað er á golfvelli síðasta daginn. *- hhs*



**Vel er tekið á móti þeim sem skrá sig á námskeið hjá Heilsuakademíunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Unglingar í herbúðir

Heilsuakademían býður upp á Herbúðir Heilsuakademíunnar fyrir þrettán til sextán ára unglinga sem vilja efla heilsuna í sumar. Á námskeiðunum fara krakkarnir í herþjálfun, fjallgöngur, hjólaferðir, sund, hópefli, sjálfsstyrkingu og margt fleira.

Námskeiðin eru vikulöng og hefjast þau fyrstu 15. júní. Hægt er að vera fyrir hádegi frá klukkan 9-12 eða eftir hádegi frá klukkan 13 til 16 viku í senn.

Verð er 7.990 krónur. Veittur er tuttugu prósenta systkinaafsláttur og fimmtán prósenta afsláttur af öðru námskeiði, ef tekin eru fleiri en eitt námskeið.

Allar nánari upplýsingar á www.ha.is, skráning fer fram á síðunni og í síma 594 9666. Greiðsla fer fram við skráningu.

# Smíða sér hús með hamri og sög

Tólf smíðavellir verða starfræktir á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs í sumar en þar eru helstu viðfangsefni barnanna kofasmíði og smíði á ýmiss konar smáhlutum. Smíðavellirnir, sem eru ætlaðir börnum á aldrinum átta til tólf ára, eru undir stjórn leiðbeinenda en þó er ekki um eiginlega gæslu að ræða og er mæting frjáls.

Vellirnir verða opnir frá klukkan 9 til 12 og 13 til 16, með örfáum undantekningum, og verða starfræktir á eftirtöldum stöðum: Í Árseli, Austurbæjarskóla, Breiðagerðisskóla, Miðbergi, Hólmaseli, Engjaskóla, Foldaskóla, Kjalarnesi, við Kirkjustétt, Hlíðaskóla, Melaskóla og Þróttheimum. Nánari upplýsingar á www.rvk.is. *- ve*



**Marga krakka dreymir um að eignast kofa og á smíðavöllum getur sá draumur orðið að veruleika.** FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR


FORVARNIR ERU

BESTA LEIÐIN



**Ráðstefna um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum í Háskólanum í Reykjavík dagana 19. og 20. maí 2009**

**Skráning á www.blattafram.is**

**Markmið**

Markmið ráðstefnunnar er að skoða allar þær leiðir sem samfélagið getur farið í að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum. Þegar forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum eru ræddar eru viðbrögð almennings oft ótti, reiði og afneitun og er það miður. Um leið og lagðar eru fram tillögur um að þessi mál séu rædd, blátt áfram og í dagsljósinu þarf jafnframt að taka ábyrgð á því að vera gott fordæmi fyrir umhverfið. Það er gert með því að vekja athygli á þeim fjölda leiða sem eru færar til þess að fræðast um og fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum. Á þessari ráðstefnu verður lögð áhersla á meðferðarúrræði fyrir þolendur og unga gerendur kynferðislegs ofbeldis.

Á ráðstefnunni verður einnig haldið áfram að vekja til umhugsunar um að ofneysla áfengis, fíkniefna og lyfja er oft nátengd kynferðislegri misnotkun og/eða öðrum áföllum í æsku, eins og fjölmargar rannsóknir gefa til kynna.

**Ráðstefnan er öllum opin og fer fram á ensku.**

Fundarstjórar – Guðrún Ebba Ólafsdóttir grunnskólakennari og Sigríður Björnsdóttir framkvæmdarstjóri Blátt áfram.
Verð **9.500 kr.** og **5.500 kr.** fyrir nema og atvinnulausa.

Allar helstu upplýsingar er að finna á **www.blattafram.is** eða hjá Svövu Björnsdóttur **svava@blattafram.is**

Samstarfsaðilar:

LANDSPÍTALI · ÞROSKAHJÁLP · SAFT · HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · BLÁTT ÁFRAM!

**Dagskrá**

Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu setur ráðstefnuna.

David Burton MSW, Ph.D – Erindi um þann hóp sem fer órast vaxandi í kynferðisbrotum; ungmenni sem gera sig sek um kynferðislega misnotkun. David Burton mun fjalla um rannsóknir og samanburð á meðferðarúrræðum fyrir unga gerendur. Burton mun einnig kynna helstu meðferðarúrræði fyrir þolendur ofbeldis.

Linn Getz MD, Ph.D. – Áföll í æsku - leiðandi orsakir sjúkdóma á fullorðinsárum og ótímabærs dauða.

Britt Fredenman, Project Leader for BellaNet, WOCAD – Kynnir verkefni sem hjálpar unglingstúlkum sem misnota áfengi og eiturlyf og sýnir tengsl við ofbeldi sem margar þeirra hafa orðið fyrir.

Þorbjörg Sveinsdóttir, B.A. – Kynnir starfsemi Barnahúss og svarar spurningum um þjónustuleiðir fyrir börn sem sætt hafa ofbeldi.

Gerður Árnadóttir, Þroskahjálp – Kynnir fræðsluefni og nýútkominn bækling ætlaðan ungu fólki með þroskahömlun.

SAFT, vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga – Erindi um öryggi barna á Internetinu og samstarf við EFF2, framleiðanda Videntifier Forensic sem gerir lögreglu auðveldara með að finna ólöglegt myndefni .

Stígamót – kynning á þjónustu Stígamóta.

Sólstafir Vestfjarða – Erindi um samstarf við Blátt áfram og árangur þess með forvarnarátakið Verndarar Barna.

Blátt áfram – Erindi um forvarnarfræðslu sem er í boði hjá Blátt áfram. Einnig býðst ráðstefnugestum að taka þátt í námskeiðinu Verndarar Barna.







# KEYPT & SELT

## Til sölu



**www.vorutorg.is**
Kviðbelti á aðeins 9900Frí heimsending á höfuðbsv517-3030

**Tilboð**
2 Sontegra ljósabekkir lítið notaðir til sölu. Fara fyrir lítið. Uppl. í s. 695 1918.

Til sölu brother prjónavél módel 820. Rococo sófasett + sófaborð. Uppl. s. 567 3858.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Gefins AG ískápur vel með farin. Vegna fluttninga. Uppl. í s. 770 5797

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Gull - Gullskartgripir**
**Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000 Magnús Steinþórsson.**

Loppumarkaður Zimsen. Óskum eftir gefins húsgögnum og munum til að selja á flóamarkaði til styrktar fjölskylduhjálpar Íslands. Einnig óskum við eftir munum sem er hægt að nota á uppboði sem er til styrktar sama málefnis. Uppl. s. 772 0388.

Óska eftir ódýru! Bíllyfta burðargeta helst 3 tonn. Dekkjavél. Balleseringavél. Háþrýstidælu og Bílaryksugu. Skoða allt. Uppl. í s. 895 3534.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

Heitar fartölvur til sölu. Eins og nýjar. Frábært verð. Uppl. í síma 696 3938.

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Vélar og verkfæri




Óska eftir gömlum glufsa brotfleyg 100-150 kg. á góðu verði. Uppl. í s. 693 9003.

## Til bygginga

**STILLANSAR**
**Mikið magn af stillönsum til leigu. Hentar vel fyrir húsfélög og stærri framkvæmdir. Hagstæð leiga í boði. Sími 865 3414**

## Til sölu




## Verslun










## Fyrirtæki

**Hársnyrtist. í Hfj.**
Flott stofa og staðsetning. Lækkað verð í 2 milj. Risa tækifæri fyrir öflugt starfsfólk. Uppl. í s. 848 9816.

## Ýmislegt

SJÓSKÍÐI . Vantar notuð eða ný sjóskíði 1 par.uppl 8931036

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is




Aloe Vera DETOX! 9 dagar, góður árangur! S. 772 2885 Kristján Sjálfstæður Dreifingaraðili Foreverliving product

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE VEFVERSLUN - Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

„Vissir þú að ein sjeikmáltíð frá Herbalife kostar einungis kr. 227? - www.heilsufrettir.is/pesi - herbalife@visir.is"

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Skútusiglinganámskeið í Tyrklandi**
Íslensk skútuleiga í Tyrklandi verður með verkleg siglinganámskeið 3-10 júlí og 10-17 júlí Frábær leið til að sameiga áhugamál og skemmtiferð Nánari upplýsingar onni@seaways-sailing.com og www.sjoleidir.is

## Ökukennsla

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Reykjavík, sv. 101. Einnig langtímaleiga. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws www.starplus.info,

Hús til leigu í eyjum, á gosloka, shellpæjumóti. 6 Svh m. hjónarúm. Upl 698 2707.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**




Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

2-3 herb. 70 fm íbúð til leigu í vesturbænum nálægt miðbænum frá 1 júní-31 ágúst. Húsgögn geta fylgt. Net, hiti og rafmagn innifalið. Uppl. í síma 6980192

**TIL LEIGU.**
Til leigu ný, glæsileg 85 fm, 2ja herb íbúð í Garðabæ, fyrir 50 ára og eldri. Eikarparket á gólfum. Íbúðin er laus nú þegar. Upplýsingar í síma 693 7304.

Vesturbær. Nýuppgerð 3ja herb. íbúð með sérinng. til leigu. Uppl. í s. 562 1643.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Óska eftir plássi fyrir tónlistarstúdíó. Uppl. í s. 659 8869.

4ra herb. góð íbúð í bökkunum, 109 til leigu frá 1. júní. Uppl. í s. 690 0665 og 893 3596.

Til leigu ný 4 herb. íbúð í Ásakór, laus strax. Uppl. í s. 896 0240.

Til leigu 50 fm. íbúð í parhúsi á rólegum stað við Fossvogsdal. Reykl.og reglus. skilyrði. Uppl. í s. 694 1970 e. kl. 13.

**Útsýni**
3ja herb. íbúð til leigu í 108. Laus. 115þ. + hiti & rafm. S. 553 0690 & 865 3411.

## Húsnæði óskast

Óska eftir stúdíóíbúð - 2ja herbergja á sanngjörnu verði til leigu á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 660 6302

Reglusamur rúml. 50 ára maður óskar eftir 1-2 herb. íbúð á stórrvk.sv. Greiðslug. 65þ. S. 697 3708.

Reglusamt par óskar eftir rúmgóðu einbýli til leigu á sanngjörnu verði. Rekum netverslun frá heimili okkar. Æskileg staðsetning er 101-108. Langtímaleiga. Nánari uppl í síma 840 5221 eða hedinng@simnet.is

Ungt reglusamt par leytar eftir snyrtilegri og nýlegri 2 herb. íbúð til leigu í Árbæ, Grafarvogi, Grafarholti eða Mosfellsbæ. Greiðslug. upp að 80þ. Uppl. s. 849 1213.

2 reglusamir ungir menn óska eftir 4-5 herb. íbúð á höfuðborgarsv. S: 772 6380.

## Sumarbústaðir

Leigumiðlun sumarbústaða á www.sumarbustadur.is Vilt þú leigja bústaðinn þinn?

**Sumarbústaðarlönd til sölu.**
**Sölusýning á laugardag milli kl. 13-16 í landi Gilhrauns á Skeiðum. Kalt vatn, sími og rafmagn að lóðamörkum. Verið velkomin.**
**Hafið samband í síma 824 3040 Hlynur &**

**893 4609 Haukur. Heimsíðan er: www.kilhraunlodir.is**

## Atvinnuhúsnæði

319 m2 atvinnubil í Hafnarf.til leigu, stór hurð 4,2x4,2, stórt útisvæði, rekkar fyrir bretti geta fylgt, hagstæð leiga. S: 660-1060.

Til leigu á Funahöfða 1, Ártúnshöfða, gott bílasölu- eða verslunarhúsnæði, vel staðsett, 70 - 900 fm, leigist í hlutum eða einu lagi, mikil lofthæð og stórt útisvæði. S. 896-4495.

**Fyrir innlendan iðnað**
1.706 m2 framleiðsluhús á Eyrarbakka. Raf.inntak 1.200 amp Starfsm.aðstaða. Útisvæði og fl. Hagstæð leiga. S. 661-6800

## Geymsluhúsnæði




**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

28 fm Geymsluskúr til leigu í Móhellu Hfj. Laus strax. Uppl. í s. 899 1670

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

GISTING í 101 RVK. Íbúð fullbúin m/ svölum. Bílast. Frá 5,000.- kr. per sólarhr. uppl s: 898-4188

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Nonnabiti**
**Duglega starfskrafta vantar í afgreiðslu. Dag-kvöld og næturvinna.**
**Uppl. í s. 899 1670 & 898 5956**
**bjork@nonnabiti.is**



**Sexychat.is - tekjulind**
Sexychat.is er nýr og svolítið djarfur vefur þar sem ófeimnum, kynþokkafullum konum bjóðast ýmsir tekjumöguleikar. Kynntu þér málið á www.sexychat.is (tekjulind).

Gallery Restaurant - Hótel Holti óskar eftir framreiðslunemum, framreiðslufólki og vönu aðstoðarfólki í sal. Umsóknir sendast á fridgeir@holt.is

Óskum eftir starfsfólki á bar, í sal og dyravörslu. Ekki yndir 20 ára. Uppl. í s. 895 5010, Gunnar 7 gunnarmth@hotmail.com m. mynd.

GR-veitingar og þjónusta óska eftir að ráða í, uppvask, þrif og aðstoð í eldhúsi. Um er að ræða sumarstörf, frá mai til október. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Einungis vandað og jákvætt fólk kemur til greina. Umsóknir sendast á ht@xnet.is

Óska eftir hluta skrifstofu til framtíðar. Hef reynslu og meðmæli. Er reglugöm og stundvís. Get byrjað fljótlega. Upplýsingar í síma 844-7070

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Hjúkrunarheimili á Stokkseyri óskar eftir starfsfólki í sumarafleysingar. Herbergi á staðnum. Nánari upplýsingar gefur Sigurborg s: 483 1310 eða kum@simnet.is

VÁ! 844 dollarar á 10 klst! Skoðaðu málið á http://www.IncomePumper.com/islenska

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Viðskiptatækifæri

**Viðskipti 21 aldarinna**
Hefur þú fengið nóg af innantómum loforðum? Áttu draum um eigið viðskiptaveldi? Hringdu í S: 512-1604 og hlustaðu.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

Óska eftur vel með förnum og sparneytnun bíl á 300-470 þús. staðgreitt. Uppl. í s. 6929101 eða senda á valhal@hi.is

**Leitar þú**
yndislegrar stundar með yndislegri konu? Fertug kona vill kynnast karlmanni. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8283.



**Sexychat.is**
Sexychat.is er vandaður, nokkuð djarfur og mjög myndrænn vefur fyrir fólk sem vill sýna sig, spjalla og kynnast. Almenn áskrift er ókeypis. Fleiri áskriftarleiðir bjóðast, einnig fyrir djarfasta fólkið. Vertu æfinlega velkomin/n. Sexychat.is.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Fundir / Mannfagnaður

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

# Ársfundur 2009

Ársfundur LSK verður haldinn fimmtudaginn 28. maí nk.
í bæjarstjórnarsal Kópavogs, Fannborg 2, 1. hæð,
og hefst kl. 17:00.
Hefðbundin ársfundarstörf.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, og fulltrúar launagreiðenda eiga rétt til setu á ársfundinum.

Kópavogur, 6. maí 2009
Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

LSK
Fannborg 2
200 Kópavogur
S: 570 1500
F: 570 1501

## Þjónusta




## Útboð

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda-og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2009, Útboð 1 - Vestan Elliðavogs***
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 frá kl. 09:00 föstudaginn 15. maí 2009, í síma-og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 25. maí 2009, kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12263

***Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2009, Útboð 2***
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 frá kl. 09:00 föstudaginn 15. maí 2009, í síma-og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 25. maí 2009, kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12264

***Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2009, Útboð 3 - Austan Kringlumýrarbrautar***
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 frá kl. 09:00 föstudaginn 15. maí 2009, í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 25. maí 2009, kl. 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12265

***Fræsun malbiksslitlaga í Reykjavík 2009***
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 frá kl. 09:00 föstudaginn 15. maí 2009, í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 25. maí 2009, kl. 10:30, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12266

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Til sölu

# SÓFALIST

**Síðustu dagar útsölunnar, rýmum fyrir nýrri sendingu.**
**30-50% afsláttur**
**af sófa og stóla áklæðum.**




**www.sofalist.is S. 692 8022**
**Teigagerði 13**

## Tilkynningar

**Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi og breyttu aðalskipulagi.**

**Kópavogsbær**

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Hnoðraholt, Þorrasalir 1-15, breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 28. apríl 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Þorrasali 1-15. Athugasemdir bárust og hefur þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir verið send umsögn skipulagsnefndar og greinargerð með endanlegri áætlun. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26 . gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Gögnin um breytingu á deiliskipulagi verða send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar með kæru sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B- deild Stjórnartíðinda.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar skipulagsáætlanir er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:30 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

## Til leigu

Til leigu atvinnuhúsnæði að Stórhöfða 24 í Rvk. 220 fm. Lofthæð 2,8m.
Einnig til leigu að Smiðshöfða 19 í Rvk. 150 fm lofthæð 5m.
Stórar innkeyrslu dyr, gott útisvæði.

**Upplýsingar í síma 660 3833.**

## Til sölu

### Sófalist

Glæsileg og vönduð áklæði á plast / garðstóla, baststóla og eldhússtóla.
Ýmsir fallegir fylgihlutir, dúkar, diskamottur og fl.



www.sofalist.is - Teigagerði 13 - 108 Reykjavík S. 692 8022

## Atvinna

### Gott atvinnutækifæri á krepputíma

**Til sölu er fjarkennsluvefur í fullum rekstri. Vefurinn hefur verið rekinn í 12 ár samfellt.**

Hentar til dæmis einstaklingi með kennslureynslu og góða tölvuþekkingu. Hægt að reka hvaðan sem er, húsnæðisþörf er 15-20 ferm. Verð 6.000.000.-

Áhugasamir eru beðnir að senda nafn og símanúmer á netfangið: helginuma@endurskoðunhn.is

Við leitum að **sölufólki** í símasölu

Árangursdrifin laun eru í boði ásamt tímakaupi



argus

Sækið um á **argus.is**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## Tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

### Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunnamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

**Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

**1 Hjálmsstaðir II í Bláskógabyggð. Svæði fyrir frístundabyggð,**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Hjálmsstaða II. Í tillögunni felst að um 9 ha svæði sunnan og vestan Laugarvatnsvegar breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

**2 Þjórsárholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Svæði fyrir frístundabyggð**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 í landi Þjórsárholts. Í tillögunni felst að um 16 ha svæði austan aðkomuvegar að Þjórsárholti breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Gert er ráð fyrir stórum frístundahúsalóðum á svæðinu, allt að 5 ha að stærð. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

3 Þrándarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Íbúðarsvæði, Þrándartún.
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, spilda úr landi Þrándarholts. Í tillögunni felst að tæplega 10 ha svæði fyrir frístundabyggð úr landi Þrándartúns breytist í íbúðarsvæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir 6 lóðum fyrir íbúðarhús auk 6 lóðum fyrir hesthús. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

**Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

**4 Haukadalur í Bláskógabyggð. Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis við hótel Geysi og Geysstofu.**
Tillaga að deiliskipulagi 8 ha svæðis umhverfis Hótel Geysi og Geysisstofu, milli Biskupstungnavegar og Beinár. Á svæðinu eru í dag þrjú eldri skipulög sem falla úr gildi með gildistöku nýs deiliskipulags. Í tillögunni er gert ráð fyrir byggingar reit vegna stækkunar Geysisstofu um allt að 1.600 fm, byggingarreit fyrir hótel sunnan við núverandi dvalarhús sem gæti verið allt að 2.400 fm að grunnfleti og byggingarreit fyrir stækkun Hótels Geysis um allt að 4.500 fm. Í landi Haukadals 4, austast á svæðinu, er síðan gert ráð fyrir byggingarreit fyrir bílskúr, reit fyrir stækkun íbúðarhúss, reit fyrir nýtt frístundahús og reit vegna stækkunar núverandi frístundahúss. Deiliskipulagið gerir einnig ráð fyrir stækkun bílastæða vestan Geysisstofu.

**5 Hjálmstaðir II í Bláskógabyggð. Deiliskipulag frístundabyggðar, Fótarholt.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Hjálmsstaða II í Laugardal. Um er að ræða 6 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir 5 frístundalóðum að stærðinni 10.000 fm hver þar sem heimilt verður að reisa allt að 250 fm frístundahús og 30 fm aukahús. Aðkoma að svæðinu er frá Laugarvatnsvegi (nr. 37) gegnt afleggjara að Hjálmstöðum II. Tillagan er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sem auglýst er samhliða.

**6 Holtakot í Bláskógabyggð. Deiliskipulag frístundahúsalóðar.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundahúsalóðiar í landi Holtakots. Lóðin er um 0,5 ha fm að stærð og er gert ráð fyrir allt að 110 frístundahúsi og allt að 30 fm aukahúsi.

**7 Kjarnholt III Í Bláskógabyggð. Deiliskipulag landbúnaðarsvæðis.**
Tillaga að deiliskipulagi 4 ha spildu í landi Kjarnholts III. Um er að ræða 4 ha svæði milli íbúðarhúsa Kjarnholta I og III og er gert ráð fyrir um 0,8 ha lóð undir þegar byggt íbúðarhús og 0,74 ha lóð fyrir allt að 500 fm skemmu.

**8 Úlfljótsvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulag útilífsmiðstöðvar skáta.**
Tillaga að deiliskipulagi umráðasvæðis Skáta við Úlfljótsvatns í Grímsnesi. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir þremur byggingarreitum fyrir hús sem flutt hafa verið á svæðið frá Nesjavöllum.

**9 Öndverðarnes í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulag frístundabyggðar, Grjóthólsbraut.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á um 12 ha svæði úr landi Öndverðarness sem liggur upp að Snæfoksstöðum. Á svæðinu er gert ráð fyrir 17 lóðum á bilinu 0,5 til 0,6 ha að stærð með aðkomu frá Kambsbraut. Heimilt verður að reisa allt að 150 fm frístundahús og allt að 40 fm aukahús á hverri lóð, en nýtingarhlutfall má þó að hámarki vera 0.03.

**10 Garður í Hrunamannahreppi. Deiliskipulag lóða undir ferðaþjónustu.**
Tillaga að deiliskipulagi sem nær yfir land Garðs og hluta Hverahólma. Í tillögunni er gert er ráð fyrir breyttri notkun núverandi bygginga í tengslum við fyrirhugaða ferðaþjónustu

**11 Hvammur 2 í Hrunamannahreppi. Deiliskipulag.**
Tillaga að deiliskipulagi yfir um 4,2 ha svæðis innan Hvamms 2. Svæðið nær yfir íbúðarhús, gróðurhús, garðyrkjustöð, útihús og mannvirki næst íbúðarhúsum. Í tillögunni er gert ráð fyrir fyrir þremur nýju byggingarreitum, (A) fyrir ibúðarhús, (B) fyrir hesthús og (C) fyrir skemmu/gróðurhús.

**12 Þjórsárholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Deiliskipulag frístundabyggðar, Jarpholt.**
Tillaga að deiliskipulagi þriggja rúmlega 5 ha frístundahúsalóða í landi Þjórsárholts. Svæðið liggur á milli aðkomuvegar að bænum Þjórsárholti og nýsamþykkts deiliskipulags frístundahúsalóða vestan í Þjórsárholti (holtinu). Gert er ráð fyrir að á hverri lóð verði heimilt að reisa frístundahús og allt að 50 fm aukahús. Heildarnýtingarhlutfall lóðar má að hámarki vera 0.03. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

**13 Þrándarholt í Skeiða- og Gnúpverjarhreppi. Deiliskipulag íbúðarsvæðis, Þrándartún.**
Tillaga að deiliskipulagi sem nær yfir 9,70 ha svæði úr landi Þrándarholts. Gert er ráð fyrir sex 6.848 fm íbúðahúsalóðum og sex 5.000 fm lóðum undir hesthús, matjurtagarð eða trjárækt. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

**14 Hjálmholt í Flóahreppi. Deiliskipulag frístundalóðar.**
Tillaga að deiliskipulagi 10 ha landspildu úr landi Hjálmholts sem ætluð er fyrir frístundabyggð. Landið er í Merkurhrauni ofan Skeiðavegar með aðkomu um veg að efnisnámu. Heimilt verður að reisa frístundahús og gestahús á landinu og er nýtingarhlutfall lóðarinnar 0.03.

**15 Hróarsholt 2 í Flóahreppi. Deiliskipulag nýbýlis.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hróarsholt 2 spilda 2 lnr. 217808 sem liggur sunnan Villingaholtsvegar og austan Lækjarvegar/ Hróarholtsvegar. Á spildunni, sem er 46,4 ha, er gert ráð fyrir að stofnað verði nýtt lögbýli og að þar verði heimilt að reisa allt að 250 fm íbúðarhús, 500 fm skemmu/hesthús og 700 fm reiðhöll.

**16 Klængssel í Flóahreppi. Deiliskipulag tveggja lóða.**
Tillaga að deiliskipulagi tveggja lóða í landi Klængssels lnr. 165489, sem heita Klængssel 1 og Klængssel 2. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum á hvoru landi, fyrir allt að 350 fm búðarhúsi og allt að 1.000 fm útihúsi/geymslu/skemmu.

**Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:**

**17 Skálabrekka við Þingvallavatn, Bláskógabyggð. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í landi Skálabrekku við Þingvallavatn. Í breytingunni felst að lóð nr. 27 sem er 8.400 fm og skráð sem opið svæði breytist í 6.200 fm frístundahúsalóð. Þeir 2.200 fm sem eftir standa verða áfram skilgreindir sem opið svæði.

**18 Sólheimar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breyting á deiliskipulagi, íbúðarsvæði og athafnasvæði.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Sólheima sem felst í að íbúðarhúsalóðum á svæði norðan Upphæða fjölgar og fyrirkomulag vega breytist. Þá er einnig gert ráð fyrir að byggingum austan Sólheimavegar fækki.

**19 Hagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar. Fagraland.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fagralands í landi Haga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Gert er ráð fyrir að Fagraland verði skipt upp í tvær lóðir, Fagraland 1 sem er þegar byggð lóð og verður 5,4 ha eftir breytingu og Fagraland 2 sem er ný 0,5 ha frístundalóð.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 14. maí til 25. júní 2009. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 25. júní 2009 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**

WWW.BIFROST.IS




HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# Betra líf!

Búðu þig undir framtíðina í Háskólanum á Bifröst með hagnýtu námi sem beinist að atvinnulífi, samfélagi, réttarfari og stjórnmálum og byggir á greinandi og skapandi hugsun.

Bifröst býður upp á grunn- og meistaranám á háskólastigi í þremur deildum auk náms í frumgreinadeild og símenntunar á sviði viðskipta og rekstrar. Ennfremur bjóða allar deildir skólans nemendum sínum upp á mikið og öflugt fjarnám.

Bifröst er framsækinn skóli fyrir metnaðarfulla nemendur. Kynntu þér málið nánar á bifrost.is eða komdu í heimsókn.

ENNEMM / SÍA / NM37988

**FRUMGREINADEILD:**
- Staðnám
- Fjarnám

**SÍMENNTUN:**
- Máttur kvenna
- Diplómanám í verslunarstjórnun
- Rekstur smærri fyrirtækja
- Ýmis námskeið

**LAGADEILD:**
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti
- LL.M í evrópskum viðskipta- og félagarétti

**FÉLAGSVÍSINDADEILD:**
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði
- BA í alþjóðafræði
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

**VIÐSKIPTADEILD:**
- BS í viðskiptafræði, stað- og fjarnám
- BS in Business Administration
- MS in International Finance and Banking
- MS in International Business
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu
- Opið markaðsnám

**ANNAÐ:**
- Prisma, diplómanám í samvinnu við LHÍ
- Opið meistaranám í öllum deildum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**HERRA ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS, ER 66 ÁRA Í DAG.**



*„Ég hef verið að þróa forsetaembættið í ákveðnar áttir vegna þess að ég tel að á tuttugustu og fyrstu öldinni getum við ekki lifað einangruðu lífi.“*

***Eftirfarandi orð lét herra Ólafur Ragnar Grímsson falla í Kínaför sinni haustið 2007. Hann situr nú fjórða kjörtímabil sitt sem forseti Íslands.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. MAÍ 1955

## *Varsjárbandalagið var stofnað*

Varsjárbandalagið var stofnað í Varsjá í Póllandi á þessum degi árið 1955 að frumkvæði Nikita Krútsjov, þáverandi leiðtoga Sovétríkjanna. Stofnríki voru: Sovétríkin, Pólland, Austur-Þýskaland, Tékkóslóvakía, Ungverjaland, Rúmenía, Búlgaría og Albanía.

Bandalagið var hugsað sem mótvægi við Atlantshafsbandalag vesturveldanna (NATO) sem stofnað var árið 1949. Varsjárbandalagið var því hernaðarbandalag Sovétríkjanna og fyrrnefndra kommúnistaríkja í Austur-Evrópu á tímum kalda stríðsins. Innganga Vestur-Þýskalands í Atlantshafsbandalagið árið 1955 var einn helsti hvatinn að baki stofnun Varsjárbandalagsins.

Varsjárbandalagið var formlega leyst upp 1. júlí árið 1991 en Atlantshafsbandalagið lifir enn góðu lífi og hefur verið stækkað. Árið 1994 ákvað Atlantshafsbandalagið að bjóða öllum fyrrverandi Varsjárbandalagsríkjum ásamt öllum hlutlausum ríkjum Evrópu nánari samvinnu á sviði hermála. Síðan þá hefur fjöldi ríkja undirritað samkomulagið, sem kallast Bandamenn um frið. Einnig hafa mörg ríki Austur-Evrópu sótt um aðild að NATO.



**MERKISATBURÐIR**

- **1643** Loðvík XIV tekur við völdum í Frakklandi fjögurra ára gamall.
- **1919** Átta klukkustunda vinnudagur er lögfestur í Danmörku.
- **1922** Fimm skip farast og með þeim 44 sjómenn í ofsaveðri sem gengur yfir norðan- og austanvert landið.
- **1948** David Ben-Gurion forsætisráðherra lýsir yfir stofnun Ísraelsríkis.
- **1959** Pétur Ottesen, sem verið hafði þingmaður lengur en nokkur annar, hættir þingmennsku eftir 43 ár.
- **1965** Fokker Friendship-flugvél Flugfélags Íslands, sú fyrsta sinnar tegundar, kemur til landsins.



**KRÆSINGAR** Hvert lið útbjó einn aðalrétt og einn eftirrétt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Keppt í matargerð í fyrsta sinn

„Þetta gekk æðislega vel og var alveg rosalega spennandi,“ segir Sigurður Lyngdal, kennari við Hólabrekkuskóla, en þar var í fyrsta sinn haldin matreiðslukeppni á dögunum. Sjö þriggja manna lið úr níunda og tíunda bekk öttu kappi um besta aðal- og eftirréttinn.



**METNAÐUR** Krakkarnir lögðu metnað sinn í verkið.

„Rimaskóli hefur haldið slíkar keppnir í nokkur ár við góðan orðstír og mig langaði að koma þessu á hér,“ útskýrir Sigurður, sem var steinhissa á hinum miklu gæðum matarins sem krakkarnir töfruðu fram.

„Hún Unnur Kristleifsdóttir heimilisfræðikennari átti stóran þátt í að skipuleggja keppnina,“ segir Sigurður en keppnin hófst klukkan 13 hinn 7. maí og fengu krakkarnir tvo tíma til að búa réttina til. Skólinn fékk hráefnið í keppnina víða að. Kjarnafæði gaf innanlærislambavöðva, súkkulaði fékkst frá Ölgerðinni og Mata gaf allt grænmeti.

„Síðan fengu krakkarnir að nota allt það sem til var í eldhúsinu til að búa til aðalrétt og eftirrétt,“ segir Sigurður og bætir við að dómararnir þrír hafi verið mjög ánægðir með gæði matarins.

Sigurvegarar voru þær Elva Rán Oddgeirsdóttir, Erla Guðrún Lúðvíksdóttir og Alda Björt Gísladóttir. Þær fengu að launum verðlaunapening og fá að fara út að borða á veitingastaðnum Silfrinu.

Sigurður segist vera mjög ánægður og vonast til að keppnin verði árlegur viðburður við skólann. **- sg**



**KEPPNISSKAP** Á síðustu metrunum small allt saman.



**DÝRSLEGT EÐLI** Ásgeir Helgi dansar í nemendaleikhússýningu dansbrautar Listaháskólans, Deadhead's Lament, en verkið samdi nýsjálenski danshöfundurinn Tony Vezich sérstaklega fyrir útskriftarnemendur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁSGEIR HELGI MAGNÚSSON: ÚTSKRIFAST MEÐ BA-GRÁÐU Í SAMTÍMADANSI

# Stór áfangi í listdansi á Íslandi

„Við erum fyrsti árgangurinn sem útskrifast með BA-gráðu í dansi frá íslenskum háskóla þannig að þetta er stórt skref fyrir listdansinn á Íslandi,“ segir Ásgeir Helgi Magnússon en auk hans útskrifast fjórir aðrir nemendur. „Færustu dansarar og danshöfundar í Evrópu hafa komið til að kenna okkur auk okkar góðu íslensku kennara en námið er blanda af tæknitímum og listrænum verkefnum. Þetta er mikil vinna og maður kemur dauðþreyttur heim á daginn,“ segir hann og brosir út í annað.

Kostirnir við að stunda nám í listdansi á Íslandi eru margir að sögn Ásgeirs. „Þá er hægt að lifa og hrærast í íslenska listaheiminum og byggja upp tengslanet á meðan maður er enn í skólanum. Svo höfum við unnið með íslenskum danshöfundum og tekið þátt í verkefnum með Íslenska dansflokknum,“ segir hann og bætir við: „Ég byrjaði í skóla úti í Svíþjóð og það var mun dýrara auk þess sem kostnaður fylgdi því að fljúga á milli. Það merkilega er þó að mínu mati að gæði námsins hér heima eru í raun mun meiri en á mörgum stöðum erlendis. Vel hefur verið staðið að uppbyggingu þessa náms og það er strax farið að vekja athygli fyrir utan landsteinana. Sem dæmi má nefna að helmingurinn af stúlkunum á fyrsta ári kemur að utan.“

Ásgeir viðurkennir að landið heilli marga en annars sé uppsetning námsins áhugaverð og það frelsi sem nemandinn fær. „Hér er verið að útskrifa góða dansara en líka danslistamenn og kennararnir eru á heimsmælikvarða. Við fáum tækifæri til að hugsa sjálfstætt, okkur er ýtt í djúpu laugina og við þurfum að finna okkar leið áfram með því að nota forvitni og eðlishvöt til að kanna nýjar leiðir. Dansbrautin og samtímadansinn eru innan leiklistardeildarinnar þannig að við fáum líka að taka námskeið með leiklistardeildinni og nám í fræðum og framkvæmd sem er nýtt af nálinni,“ segir hann fullur áhuga og nefnir að gaman sé að vera ekki einungis verkfæri heldur að fá líka að setja sig í spor skaparans.

Útskriftarnemar af dansbraut Listaháskólans frumsýna í kvöld dansverkið Deadhead's Lament sem er nýtt dansverk eftir nýsjálenska danshöfundinn Tony Vezich. „Hann samdi verkið sérstaklega fyrir útskriftarnemendur dansbrautar Listaháskóla Íslands og höfum við þar fengið að taka svolítinn þátt í sköpuninni,“ segir Ásgeir ánægður og lýsir verkinu. „Dregin er upp mynd af eins konar líkamshruni – líkamlegu, andlegu og siðferðislegu hruni – og myrkrinu sem verður áþreifanlegt í svoleiðis aðstæðum. Ég upplifi verkið þannig að það fjalli um myrkrið sem býr innra með mér og allt þetta ljóta sem ég vil ekki vera og vil ekki gera en er samt fær um ef ég missi tökin. Í verkinu tekur myrkrið völdin og keyrir mig áfram þar til ég sit einhvers staðar örmagna og berskjaldaður og veit ekkert hvernig ég komst þangað eða hvað ég gerði.“

Ásgeir lýsir hreyfingum verksins sem kraftmiklum og segir að mikið sé um fimleika. „Verkið er svolítið dýrslegt en þó eru sumir hlutar þess hægir, rólegir og fallega daprir, þannig að það spannar þónokkra breidd og við fáum mikið að leika okkur.“ Hann segist spenntur fyrir sýningunni og útskriftinni.

„Sex sýningar eru í boði í Hafnarfjarðarleikhúsinu og þar er hægt að panta miða en líka á midi.is. Sýningin er svolítið öðruvísi. Þetta er ekkert tipl á tánum heldur frekar í ætt við áhættuleik í hasarmynd. Ég vona bara að við lifum þetta af,“ segir hann og hlær. **hrefna@frettabladid.is**

# 90 ára afmæli



**Matthildur Soffía Maríasdóttir**

frá Hjörsey verður níræð í dag þann 14. maí 2009. Í tilefni þess býður hún vinum og vandamönnum að samfagna með sér tímamótunum föstudaginn 15. maí 2009 kl. 18 í Félagsheimili Orkuveitunnar í Elliðaárdal. Allir hjartanlega velkomnir. Gjafir afþakkaðar.

# Milljón fyrir ár

Hvert lífár sem vinnst vegna skipulagðrar krabbameinsskimunar í brjóstum kostar íslenskt samfélag minna en milljón krónur. Þetta sýnir ný rannsókn Helgu Garðarsdóttur, tilvonandi heilsuhagfræðings.

Niðurstöður Helgu sýna að töluverður heilsufarslegur árangur næst af krabbameinsskimun í brjóstum hér á landi, þótt hún auki heildarkostnað heilbrigðiskerfisins. Kostnaðurinn sé vel innan við það sem teljist ásættanleg fórn fyrir lífár. Því megi segja að krabbameinsleit í brjóstum á Íslandi sé þjóðhagslega hagkvæm.

Helga vann lokaverkefni til meistaragráðu í heilsuhagfræði við Háskóla Íslands. Hún heldur fyrirlestur um rannsóknina í stofu 101 á Háskólatorgi í dag klukkan tólf og eru allir velkomnir. **- hhs**



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Í FOSSI** Banff-fjallamyndahátíð verður haldin 19. og 20. maí í sal FÍ í Mörkinni. Þessi mynd sem er úr kvikmyndinni The Last Frontier er tekin í Papúa Nýju Gíneu.



**Í HÆTTUFÖR** Úr myndinni The Sharp End.
MYND/THOPHER DONAHUE

# Fjallamyndahátíð um jaðarsport

Íslenski alpaklúbburinn heldur hina árlegu Banff-fjallamyndahátíð í sal Ferðafélags Íslands dagana 19. og 20. maí. Þar verða sýndar stuttmyndir um afrek og ævintýri fólks sem stundar jaðarsport á borð við fjallamennsku, klifur, snjóbretti, fjallaskíði, fjallahjól og BASE-stökk.

Sýningarkvöldin verða tvö og mismunandi myndir sýndar hvort skipti. Aðgangseyrir er 1.500 krónur hvort kvöld en hægt er að kaupa miða á bæði kvöldin í forsölu fyrir 2.000 krónur á vefsíðu Íslenska alpaklúbbsins.



**SVIFIÐ ÞÖNDUM VÆNGJUM** Úr myndinni Play Gravity.
MYND/THOPHER DONAHUE

Fjallamyndahátíðin hér heima er sprottin út frá árlegri kvikmyndahátíð í smábænum Banff í Kanada. Sú hátíð hefur verið haldin frá árinu 1976. Þar eru sýndar myndir sem snúast flestar á einn eða annan hátt um fjöll og jaðarsport. Þar koma saman á einni og sömu hátíðinni myndir sem spanna allt frá háfjallaklifri og skíðamennsku til snæhlébarða og sjerpa. Ríflega 300 kvikmyndir berast í keppnina alls staðar að úr heiminum. Er þar að finna bæði myndir úr smiðju framhaldsskólanema og virtra atvinnumanna frá BBC og National Geographic.

Dagskrá fjallamyndahátíðarinnar má finna á vefsíðunni www.isalp.is - sg



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnsteinn Lárusson**
skósmíðameistari, Látraströnd 20, Seltjarnarnesi,

verður jarðsunginn föstudaginn 15. maí klukkan 13.00 í Neskirkju. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Heimahlynningu KÍ s: 540-1990.

**Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Lárus Gunnsteinsson** **Dagmar Rósa Guðjónsdóttir**
**Ólafur Grétar Gunnsteinsson**
**Kjartan Gunnsteinsson** **Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og kær vinkona,*

**Arnhildur Hólmfríður Reynis**
Skipholti 21, Reykjavík,

lést 12. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Lísa Lotta Reynis** **Börkur Árnason**
**Michael Einar Reynis** **Geirþrúður Jónsdóttir**
**Elva Björk Barkardóttir og Hrannar Árni Barkarson**
**Arnar Daði Reynis og Eva Lind Reynis**
**Dúfa Sylvía Einarsdóttir** **Guðmundur Ragnarsson**
**Anna Sigríður Einarsdóttir** **Hrafn Andrés Harðarson**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, ömmubarn og tengdadóttir,*

**Svanhvít Rósa Þráinsdóttir**
Víðigrund 5, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 7. maí. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 19. maí kl. 15.00.

**Þröstur Þorbjörnsson**
**Daney Rós Þrastardóttir**
**Þráinn Einarsson** **Svava Jónsdóttir**
**Viðir Þráinsson**
**Sigurbára Sigurðardóttir**
**Aðalbjörg Sigurðardóttir.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Una Guðjónsdóttir**
frá Þórshöfn Langanesi, Heiðarbóli 6, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn 12. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Maðurinn minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Níels Þórarinsson**
Klettahrauni 6, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi Hafnarfirði, hinn 6. maí 2009. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 14. maí 2009 kl. 15.00.

**Anna Erlendsdóttir**
**Steina B. Níelsdóttir** **Gunnar Níelsson**
**Hafdís Erla Gunnarsdóttir**
**Anna Lilja Dögg Gunnarsdóttir**
**Víglundur Þorsteinsson** **Svava Theodórsdóttir**
**Lovísa María.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ingi Dóri Einar Einarsson**
Ársölum 1, Kópavogi,

andaðist aðfaranótt laugardagsins, 9. maí. Hann verður jarðsunginn frá Digraneskirkju mánudaginn 18. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga (s. 847 4773).

**Sigurlaug Gísladóttir**
**Sigrún Ingadóttir** **Jón A.K. Lyngmo**
**Gísli Ingason** **Hrafnhildur Hauksdóttir**
**Einar Ingason** **Agnes Lilý Guðbergsdóttir**
**Guðbjörn Sölvi Ingason** **Unnur Baldursdóttir**
**Ragnar Kristinn Ingason** **Gróa Hlín Jónsdóttir**
**og barnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hallgrímur H. Einarsson**
f. 30.06.1942 - d. 10.05.2009
Barðavogi 7, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 15. maí kl. 13.00.

**Kristbjörg Vilhjálmsdóttir**
**Vilhjálmur Hallgrímsson** **Inga Kolbrún Hjartardóttir**
**Sigríður Rut Hallgrímsdóttir** **Páll Arnórsson**
**Anna Sigurlín Hallgrímsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kári Þórir Kárason**
múrarameistari, Presthúsum, Vestmannaeyjum, síðast til heimilis Hlíðarhúsum 1-3,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni sunnudagsins 10. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 15. maí kl. 15.00.

**Anna J. Eiríksdóttir**
**Þórunn Káradóttir Hvasshovd** **Stein Hvasshovd**
**Aðalsteinn F. Kárason**
**Bergþór N. Kárason** **Guðríður Jónsdóttir**
**Berglind A. Káradóttir** **Sigurður H. Árnason**
**Ragnheiður S. Káradóttir** **Pálmi Þ. Ívarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ingólfs Guðmundssonar**
fv. kaupmanns, Lynghaga 12, Reykjavík.

**Svava Ingimundardóttir**
**Ágúst Ingólfsson** **Vilborg Jónsdóttir**
**Örn Ingólfsson** **Hrafnhildur Bjarnadóttir**
**Einar Ingólfsson** **Bára Bjarnadóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigfús Þórðarson**
f.v. bankastarfsmaður, Selfossi,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 16. maí kl. 11.00.

**Erla Sigurjónsdóttir**
**Kristín Sigfúsdóttir** **Yngvi Karl Jónsson**
**Anna Þórný Sigfúsdóttir** **Stefán Þorleifsson**
**Þórarinn Sigfússon**
**og barnabörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jónas Finnbogason**
frá Harðbak,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Húsavík hinn 9. maí. Jarðarförin fer fram frá Raufarhafnarkirkju, laugardaginn 16. maí nk. kl. 14.00.

**Hólmfríður Friðgeirsdóttir**
**Vilmundur Þór Jónasson**
**Valgeir Jónasson** **Kristín Böðvarsdóttir**
**Gunnar Finnbogi Jónasson** **Þórhildur Þorgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# Stökktu til Costa del Sol

## 21. maí - 2. júní
## frá kr. 69.990



Verð kr. 69.990
- 12 nætur Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 12 nætur, m.v. stökktu tilboð. Aukavika kr. 20.000.

### 12 nátta ferð - allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol 21. maí í 12 nætur. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins í sumarbyrjun á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



# EFTIRLAUNASJÓÐUR FÉLAGS ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMANNA (EFÍA) BOÐAR TIL ÁRSFUNDAR

**Eftirlaunasjóður Félags Íslenskra Atvinnuflugmanna (EFÍA) boðar hér með til ársfundar sjóðsins. Fundurinn verður haldinn á Grand Hóteli, Sigtúni 38 í Reykjavík, fimmtudaginn 28. maí 2009 kl. 13.00.**

**Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál í samræmi við samþykktir sjóðsins og 30. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:**

1. Skýrsla skipaðs umsjónaraðila EFÍA
2. Ársreikningur EFÍA 2008
3. Tryggingafræðileg úttekt EFÍA og tillögur um skerðingu lífeyrisréttinda sjóðfélaga
4. Fjárfestingarstefna EFÍA
5. Val á endurskoðanda EFÍA
6. Lýsing á skipan stjórnar EFÍA samkvæmt gr. 5.3 í samþykktum EFÍA og laun stjórnarmanna
7. Framtíð EFÍA, aðkoma skipaðs umsjónaraðila að sjóðnum og áætlanir hans um að hverfa frá sjóðnum að afstöðnum ársfundi
8. Önnur mál, löglega upp borin

**Ársfundargögn er hægt að nálgast á heimasíðu sjóðsins, www.efia.is.**

*Reykjavík, 14. maí 2009.*
*Virðingarfyllst,*

*Viðar Lúðvíksson, hrl.,*
*skipaður umsjónaraðili Eftirlaunasjóðs FÍA*
*samkvæmt 46. gr. laga nr. 129/1997.*

FÍA *Eftirlaunasjóður*




NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

# Bragð er að ...

Þar sem ég hef alltaf verið veik fyrir Eurovision hvarflaði ekki annað að mér en að fylgjast með keppninni í fyrradag. Að sjálfsögðu ekki síst vegna þess að fulltrúi Íslands, Jóhanna Guðrún, átti að keppa fyrir okkar hönd. Húsbóndinn á heimilinu kom sér út – enda er hann afar lítið fyrir keppnina. Fjögurra ára sonurinn var hins vegar reiðubúinn til að kíkja á fyrirbærið með móður sinni. Ekki þurfti nema hálft lag til þess að hrekja hann á brott frá sjónvarpinu, honum leist ekkert á þessi lög. Bragð er að þá barnið finnur.

Og ég verð að viðurkenna að mig greip óþol, ég gat ekki varist þeirri hugsun að lögin yrðu verri með hverju ári sem líður.

En gamla góða þrautseigjan kom mér í gegnum keppnina og alla leið að aðalatriðinu; tilkynningu á því hverjir kæmust áfram. Þá tóku leikar náttúrlega að æsast og upp rifjaðist aðalástæða þess að maður horfir staðfastur á keppnina ár hvert, sem er stigagjöfin í aðalkeppninni. Að sjálfsögðu fagnaði ég gríðarlega þegar í ljós kom að við komumst áfram og er strax farin að hlakka til heilagrar Eurovision-stundar á laugardaginn, þar sem ég mun að minnsta kosti njóta þess að hlusta á stigin lesin, einkum á frönsku.

Þess má að lokum geta að þegar ró var komin í húsið ákvað ég að tékka aðeins á því hvort sú tilfinning mín væri rétt að Eurovision-lögin hefðu verið betri í þá gömlu góðu. Þökk sé netinu getur maður gert rannsóknir af þessu tagi með lítilli fyrirhöfn. Það er skemmst frá því að segja að með óhlutdrægri nálgun komst ég einmitt að þeirri niðurstöðu, öll bestu lögin voru komin fram fyrir árið 1987.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ALLTAF BETRA VERÐ




AMD Turion64

## acer FARTÖLVA

**Acer Aspire 5520G-643G25MI**

2.0Ghz AMD Turion64 X2 Mobile TL-60 örgjörvi • 4GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA harðdiskur • 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800 punkta upplausn • 512MB DDR Geforce Go 8600 skjákort með allt að 1024mb deildu minni • Þráðlaust netkort með Acer InviLink og Acer SignalUp tækni • 4xUSB 2.0, S-video/TV-út, VGA, FireWire, S/PDIF, ExpressCard/34 slot o.fl. • Windows Vista Home Premium

**129.990**




## 4GB MINNISLYKILL

**Sandisk Cruzer Micro Skin**

Lítill og handhægur 4GB minnislykill, USB2.

**3.490**

## TOSHIBA FARTÖLVA



**Toshiba Satellite A300-1SR**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3650 skjákort • Öflugir Harman Kardon hátalarar • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/g/n netkort og Bluetooth 2.0 • 1.3MP vefmyndavél í skjá • 4xUSB 2.0, FireWire, HDMI, eSATA, ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista Home Premium

intel Core 2 Duo · HDMI · eSATA

**159.990**




## LCD SKJÁR

**Acer V243HQBD**

23.6" LCD breiðtjaldsskjár með 1920x1080 punkta upplausn, 40.000:1 í dínamískri skerpu og 5ms svartíma. DVI og VGA tengi.

**49.990**

msi




## SKJÁ KORT

**MSI ATI Radeon HD4850 512MB DDR3 OC**

512MB skjákort. 1986MHz GDDR3 minni, 640MHz kjarni. HDMI, 2 DVI Out, DUAL Link DVI ofl.

**26.990**

WD



## 640GB MYBOOK FLAKKARI

**WD Essential 640GB**

640GB flakkari frá WD með hljóðlátum og umhverfisvænum WD Green hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar þannig orku.

**16.990**




## UNITED 720/1080i MEDIA SPILARI

**United HD MMP 9530**

720P/1080i HD 3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengjum. Innbyggður SD/MMC kortalesari ásamt USB Uplink. Fullkomin fjarstýring og aðgerðatakkar á framhlið.

**14.990**



PHILIPS

## ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

**Philips SBCHC8440**

Þráðlaus heyrnartól með FM sendi og hleðsluraflhöðum. Henta við sjónvarpið, græjurnar eða tölvuna.

**12.990**



## 15.4" FARTÖLVUTASKA

**Golla 15.4"** *Fæst bleik eða rauð*

Fartölvutaska fyrir allt að 15.4" fartölvur. Rúmgóð taska með nóg af plássi og aukavösum fyrir smærri hluti.

**9.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

**Kl. 21.**

*Hljómsveitin Mingus Ah Um kemur fram í Múlanum, Jasskjallaranum á Café Cultura á Hverfisgötu 18. Tilefnið er 50 ára afmæli samnefndrar plötu Charles Mingus. Hún er ein af merkustu plötum djasssögunnar og efni hennar flutt þar í heild sinni af einvalaliði spilara.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Táknið týnda kemur í haust

Mikið er auglýst ný kvikmynd sem frumsýnd var í gær sem byggir á Englum og djöflum eftir Dan Brown. Minna fer fyrir fréttum af nýrri skáldsögu hans sem kemur út vestanhafs 15. september, The Lost Symbol, bæði á bók og í hljóðbókarútgáfu. Da Vinci-lykillinn seldist í 81 milljón eintaka um heim allan. Fyrsta prentun vestanhafs verður 5 milljónir eintaka. Í nýju bókinni er enn fylgst með Robert Langdon og gerist sagan á tólf klukkustundum.

Útgefandi Brown á Íslandi, Bjartur, fær ekki handrit til vinnslu fyrr en 15. september og er stefnt að útgáfu verksins í síðari hluta október hér á landi.



DAN BROWN

Er hætt við að nýja sagan verði fyrirferðarmikil í sölu skáldsagna hér á landi síðari hluta ársins og fram á næsta ár.

Hr. Ferdinant, bókaútgáfa Snæbjörns Arngrímssonar í Danmörku, gefur bókina út þar og er henni lofað á náttborð danskra fyrir jól á vefsíðu fyrirtækisins. Þar eru kynntir margir erlendir höfundar afþreyingarskáldsagna og vandaðri bókmennta en allur sá listi ber þess merki að þar ræður húsum fyrrum útgefandi Bjarts. - pbb

**> Ekki missa af**

Sinfóníutónleikum í kvöld sem verða vafalaust stórviðburður, því þá leikur rússneski píanistinn Olga Kern einn vinsælasta einleikskonsert allra tíma, Píanókonsert nr. 2 eftir Sergei Rakmaninoff. Auk þess leikur hljómsveitin sinfóníu nr. 4, ítölsku sinfóníuna, eftir Felix Mendelssohn en hún er með eindæmum fjörug og eitt þekktasta verk hans.


Verandi friðelskandi þjóð, er við hæfi að **Universal Peace Federation** haldi áhugaverðan fund í Fríkirkjunni í Reykjavík undir þemanu *"Ein fjölskylda undir Guði"* á **föstudaginn 15. maí kl. 17.30** í samvinnu við Fjölskyldudag Sameinuðu þjóðanna. Dagskráin mun innihalda japanska tónlist, Ewa Tosik spilar á fiðlu, kirkjukór fríkirkjunnar syngur og Gunnar Kvaran spilar á selló.

Ræðumenn eru frá mismunandi trúarbrögðum og munu framkvæma "vatnsathöfn" þar sem mismunandi trúarhópar koma saman fjölskylda sem er upptök friðarins og ljúka fundinum. Fundurinn verður að mestu á ensku.


# ÁHRIFIN FRÁ NEW YORK

**Þegar Evrópa var að lokast snemma á stríðsárunum opnaðist íslenskum námsmönnum ný veröld til menntunar: Bandaríkin.**

Víst höfðu margir leitað þangað áður en hópurinn sem sótti vestur í og upp úr stríði átti eftir að verða áhrifamikill í íslensku þjóðlífi: tónlistarmenn, leikarar, rithöfundar og myndlistarmenn. Sumarsýningar Listasafns Reykjavíkur verða opnaðar á föstudag um leið og Listahátíð hefst: önnur þeirra er Frá Unuhúsi til Áttunda strætis og hefur verið í undirbúningi í þrjú ár. Þar má sjá olíumálverk eftir tvær vinsælar myndlistarkonur sem sóttu vestur og ílentust þar, Louisu Matthíasdóttur og Nínu Tryggvadóttur: Fæst verkanna hafa verið sýnd áður hér á landi auk verka eftir lærimeistara þeirra beggja, Hans Hofmann og aðra nemendur hans sem getið hafa sér gott orðspor vestanhafs; Robert De Niro eldri, Nell Blaine og Jane Freilicher.

Stór hluti sýningarinnar er helgaður verkum sem Louisa og Nína máluðu af samferðamönnum sínum í Unuhúsi en sú syrpa stendur ein og sér og er vel þekkt þótt ekki hafi Unuhúss-verkunum áður verið safnað saman. Sýningarstjóri er Hrafnhildur Schram. Sýningin stendur til 30. ágúst.

Samtímis verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á íslenskri hönnun sem er unnin í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands. Er henni ætlað að kynna brot af því besta sem er að gerast í íslenskri hönnun í dag með áherslu á húsgagna-, vöruhönnun og arkitektúr í víðum skilningi. Sýndir verða hlutir sem eru í framleiðslu og valdar perlur íslensks samtíma arkitektúrs frá um 20 hönnuðum. Markmið sýningarinnar er að kynna á skýran og upplýsandi hátt íslenska hönnun eins og hún gerist best hvað varðar fagurfræði, formskilning, framleiðslu og heildarhönnun. Hönnunarmiðstöð Íslands hyggst nota sýninguna áfram til að kynna íslenska hönnun á erlendri grund.



**MYNDLIST** Sjálfsmynd eftir Nínu Tryggvadóttur.
MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Samhliða hönnunarsýningunni verður kynning á „vaxtarbroddum", þ.e. efnilegum hönnuðum sem eru að taka sín fyrstu skref. Það verkefni er unnið fyrir tilstuðlan Hönnunarsjóðs Auroru. Sýningarstjóri er Elísabet V. Ingvarsdóttir og stendur sýningin til 9. ágúst.

pbb@frettabladid.is





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16/5 kl. 14:00 U | Fös 29/5 kl. 18:00 U | Sun 7/6 kl. 14:00 U |
| Lau 16/5 kl. 17:00 U | Lau 30/5 kl. 14:00 U | Sun 7/6 kl. 17:00 U |
| Sun 17/5 kl. 14:00 U | Lau 30/5 kl. 17:00 U | Lau 13/6 kl. 14:00 U |
| Sun 17/5 kl. 17:00 U | Fim 4/6 kl. 18:00 U | Lau 13/6 kl. 17:00 U |
| Sun 24/5 kl. 14:00 U | Fös 5/6 kl. 18:00 U | Sun 14/6 kl. 14:00 U |
| Þri 26/5 kl. 18:00 U | Lau 6/6 kl. 14:00 U | Sun 14/6 kl. 17:00 U |
| Mið 27/5 kl. 18:00 U | Lau 6/6 kl. 17:00 U | Sun 30/8 kl. 14:00 |

Sýningar haustsins komnar í sölu

Hart í bak (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 14/5 kl. 20:00 Aukas. U | Fös 15/5 kl. 20:00 U | |

Yfir 50 uppseldar sýningar. Sýningum lýkur 15. maí

Creature - gestasýning (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 14/5 kl. 20:00 U | Lau 16/5 kl. 20:00 Ö | |
| Fös 15/5 kl. 20:00 Ö | Sun 17/5 kl. 20:00 Ö | |

Kolklikkaður leikhúskonsert - aðeins fjórar sýningar

Í Óðamansgarði - ópera í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

| | | |
|---|---|---|
| Fös 22/5 kl. 20:00 Ö | Lau 23/5 kl. 20:00 Ö | |

Aðeins tvær sýningar

Ó, þú aftur - afmælissýning leikhópsins Hugleiks (Smíðaverkstæðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/5 kl. 20:00 U | Fös 22/5 kl. 20:00 Ö | Fim 28/5 kl. 20:00 |
| Sun 17/5 kl. 20:00 Ö | Sun 24/5 kl. 20:00 | Fös 29/5 kl. 20:00 |
| Mið 20/5 kl. 20:00 Ö | Mið 27/5 kl. 20:00 | |

Snarpt sýningatímabil - miðaverð aðeins 1.500 kr.

FERÐUMST INNANLANDS Í SUMAR!

**Ferðalög styrkja fjölskylduböndin.**

Þau eru líka fræðandi og efla virðingu, vitund og tilfinningu fólks fyrir landinu, umhverfinu og mannlífinu.




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

FERÐAHANDBÓK FJÖLSKYLDUNNAR
LYKILL AÐ GÓÐU FERÐALAGI



## EUROVISION PARTÍ

# PÁLS ÓSKARS

# NASA

## LAU 16. MAÍ 2009
## KL. 23.00 – 5.30

BÚÐU ÞIG UNDIR FLOTTASTA EUROVISION PARTÍ LANDSINS Á NASA.

**EF ÞÚ HEFUR EKKI MÆTT Á SVONA KVÖLD, ÞÁ HEFUR ÞÚ EKKI LIFAÐ.**

## FRAM KOMA

PÁLL ÓSKAR (SEM FLYTUR ÖLL SÍN BESTU LÖG)
SELMA BJÖRNS
STEFÁN HILMARSSON
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
PÁLMI GUNNARSSON
HELGA MÖLLER
EINAR ÁGÚST
TELMA ÁGÚSTSDÓTTIR
HAFFI HAFF
ÁSAMT DÖNSURUM

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
FORSALA MIÐA Á NASA
FÖSTUD. KL. 13-17
MIÐAVERÐ Í FORSÖLU 2200 KR.
MIÐAVERÐ VIÐ INNG. 2500 KR.

NASA.IS


WILCO


LEAVES

> Í SPILARANUM

**Wilco** - Wilco
**The Horrors** - Primary Colours
**Patrick Wolf** - The Bachelor
**Tortoise** - Beacons of Ancestorship
**Leaves** - We Are Shadows

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Spila plötuna í heild sinni

Hljómsveitin Sudden Weather Change heldur útgáfutónleika á Grand Rokk á föstudagskvöld. Tilefnið er útkoma plötunnar Stop! Handgrenade in the Name of Crib Death 'nderstand? sem kom út á dögunum á vegum Kimi Records við mjög góðar undirtektir gagnrýnenda.

Á tónleikunum ætla strákarnir að spila nýju plötuna í heild sinni, meðal annars lagið Ampeg, sem krefst þess að fjöldi magnarastæða af gerðinni Ampeg verði notaður auk þess sem fleiri en einn bassaleikari er nauðsynlegur til þess að allt gangi upp.

Á tónleikunum verður einnig tilkynnt um sigurvegara í ljósmyndasamkeppni sem hljómsveitin hefur staðið fyrir á Facebook undanfarnar vikur. Þar var þátttakendum gert að senda inn myndir af sér að herma eftir umslagi plötunnar.

Hljómsveitirnar Skátar og BoB stíga einnig á svið annað kvöld. Ókeypis er á tónleikana og verður Grand Rokk opnað klukkan 21. Alls konar varningur verður jafnframt til sölu.


**SUDDEN WEATHER CHANGE** Hljómsveitin Sudden Weather Change heldur útgáfutónleika á Grand Rokk á föstudagskvöld.

# Plata Leaves selst vel ytra

Nýjasta plata Leaves, We Are Shadows, er komin í þriðja sætið yfir söluhæstu plötur tónlistarsíðunnar Amie Street. Platan hoppaði beint úr nítjánda sæti í það þriðja og greinilegt að notendur síðunnar kunna vel að meta ómþýða tóna sveitarinnar. Lagið All the Streets are Gold er jafnframt í fjórða sæti á síðunni yfir vinsælustu lögin. Þetta eru góð tíðindi fyrir Leaves sem eyddi fjórum árum í gerð plötunnar og gaf hana loks út síðasta mánudag á eigin vegum. We Are Shadows er einnig fáanleg á iTunes, Grapewire.net og víðar þar sem enn fleiri aðdáendur Leaves geta tryggt sér eintak.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Afríkudrottningin*

Tónlistarhátíðin Vorblót var tilraun til að festa í sessi hátíð hér á landi sem sérhæfði sig í heimstónlist, þjóðlögum og djassi. Hún varð ekki langlíf, lognaðist út af eftir tvö ár, 2006 og 2007. Þetta var engu að síður virðingarverð tilraun. Hápunkturinn á Vorblótinu 2007 að mínu mati var tónleikar malísku tónlistarkonunnar Oumou Sangaré. Hrár kraftur og spilagleði einkenndi Oumou og hljómsveitina hennar.


**ÍSLANDSVINUR** Oumou Sangaré fer á kostum á nýju plötunni Seya. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fyrir nokkru kom út ný plata með Oumou Sangaré. Hún heitir Seya og er hennar fyrsta plata með nýju efni síðan 2003, en þá sendi hún frá sér tvöfaldan safndisk, Oumou, með átta nýjum lögum. Oumou hefur ekki setið auðum höndum þessi sex ár. Hún hefur spilað á tónleikum af og til, en líka verið að byggja upp fyrirtæki. Hún á og rekur hótel í Malí og hóf fyrir nokkru að flytja inn kínverska jeppa sem henta víst sérlega vel vestur-afrískum aðstæðum. Það er í samræmi við baráttu hennar fyrir auknu sjálfstæði kvenna, en sú barátta er áberandi í textunum hennar.

Seya er snilldarplata. Hún er í ætt við fyrri plötur Oumou, þjóðleg tónlist frá Wassoulou-héraðinu í Malí blönduð öðrum stílum af afrískri tónlist, eins og afrófönki og eyðimerkurblús. Seya er margslungnari en fyrri plöturnar ef eitthvað er. Undir söngnum kraumar þykkur bræðingur litaður af þessum flotta hljómi sem afrísk hljóðfæri eins og n'goni (malísk lúta), belgfiðla og ýmsar gerðir ásláttarhljóðfæra gefa. Plötuna vann Oumou með Cheick Tidiane Seck en hann er margreyndur upptökumaður og hljóðfæraleikari sem hefur m.a. unnið með Mory Kanté, Touré Kunda, Salif Keita og Joe Zawinul. Það er greinilega ekkert lát á flottri tónlist frá Malí.

# Erfiðleikar Eminem að baki

**Rapparinn og ólátabelgurinn Eminem er kominn aftur fram á sjónarsviðið eftir fimm ára hlé með plötuna Relapse. Dópneysla, skilnaður og dauði besta vinar hans eru að baki og bjartari tímar eru fram undan.**


**SEGIR SKILIÐ VIÐ DÓP OG ÞUNGLYNDI** Rapparinn Eminem gefur út sína sjöttu hljóðversplötu, sem nefnist Relapse. Dauði vinar hans, rapparans Proof, var innblásturinn að plötunni, sem fengið hefur góða dóma.

Eftir útgáfu Encore árið 2004, sem fékk dræmari viðtökur en síðustu Eminem-plötur, lýsti hann því yfir að hann vildi taka sér hlé frá sólóferli sínum um óákveðinn tíma. Hann var orðinn þreyttur á sviðsljósinu og ætlaði að einbeita sér að upptökustjórn fyrir aðra rappara, sérstaklega þá sem voru á mála hjá útgáfufyrirtæki hans Shady Records. Við útkomu safnplötunnar Curtain Call: The Hits, árið 2005, hafði hann þetta að segja: „Ég er á þeim tímapunkti í lífinu að ég veit ekki hvert ferillinn minn stefnir. Þess vegna ákváðum við að kalla plötuna Curtain Call vegna þess að hún gæti orðið okkar síðasta verk. Við vitum það bara ekki," sagði hann.

Eminem fór í tónleikaferðalag um Bandaríkin sumarið 2005 en aflýsti fyrirhuguðu ferðalagi sínu um Evrópu og skráði sig í meðferð vegna fíknar í svefntöflur. Lítið heyrðist í kappanum næstu árin. Hann eyddi miklum tíma í upptökustjórn, lét sólóferilinn sitja á hakanum og beið þess að andinn kæmi yfir hann. Einkalífið var heldur ekki til að hrópa húrra fyrir. Hann kvæntist fyrrverandi eiginkonu sinni Kimberly Scott í annað sinn en sá ráðahagur entist aðeins í ellefu vikur. Um svipað leyti var besti vinur hans, rapparinn Proof, skotinn til bana fyrir utan næturklúbb í Detroit. Eminem sökk enn dýpra í lyfjamókið og lokaði sig sífellt meira af. Hann yfirgaf varla heimili sitt og neitaði að koma fram opinberlega.

Smám saman náði hann þó áttum og ákvað að gera nýja plötu með vin sinn Dr. Dre við stjórnvölinn. Eminem, sem hafði á síðustu plötum sínum tekið aukinn þátt í upptökustjórninni, vildi í þetta sinn einbeita sér að lagasmíðunum og þegar upp var staðið stjórnaði hann aðeins upptökum á einu lagi á plötunni. Í viðtölum greindi hann frá því að dauði Proof hefði verið innblásturinn að plötunni en hún væri engu að síður bjartari en síðustu verk hans, því sjálfur væri hann orðinn hamingjusamari og hefði lært að sætta sig betur við dauða vinar síns.

Þessi fimm ára hvíld Eminem frá sviðsljósinu virðist hafa gert honum gott.

Relapse, sem kemur út eftir helgi, hefur fengið góða dóma, þar á meðal fjórar stjörnur í Rolling Stone, og nýja lagið We Made You sýnir að okkar maður hefur nákvæmlega engu gleymt. Aðdáendur hans geta því tekið gleði sína á ný eftir erfiða tíma, uppfulla af óvissu um framtíð átrúnaðargoðsins.

freyr@frettabladid.is



Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA


**NÝ PLATA Á LEIÐINNI** Alex Turner og félagar í Arctic Monkeys senda frá sér nýja plötu í ágúst. NORDICPHOTOS/GETTY

# Arctic Monkeys klárar plötu

**Breska rokksveitin Arctic Monkeys er þessa dagana að leggja lokahönd á þriðju breiðskífu sína. Trommarinn Matt Helders segir í samtali við Drowned in Sound að upptökum sé lokið og meðlimir sveitarinnar séu hálfnaðir með hljóðblöndun. Platan hefur ekki enn fengið nafn. „Ég veit ekki nákvæmlega hvenær hún kemur út en það verður væntanlega í ágúst," segir Helder.**

**Josh Homme, leiðtogi Queens of the Stone Age, stjórnar upptökunum á plötunni. „Við vorum allir miklir aðdáendur sveitarinnar löngu áður en við stofnuðum hljómsveit svo það er augljóslega mikill heiður að vinna með manni eins og honum," segir Helders, sem ber Homme líka vel söguna. „Hann er frábær náungi og mjög fyndinn."**

# Kryfja bandarískt samfélag

Áttunda plata bandaríska rokktríósins Green Day kemur út á morgun. Platan heitir 21st Century Breakdown og er fyrsta hljóðversplata sveitarinnar síðan American Idiot kom út 2004 við miklar vinsældir. Sú plata rakaði saman Grammy-verðlaunum og hefur selst í yfir tólf milljónum eintaka.

21st Century Breakdown er þemaplata sem skiptist í þrjá hluta: Heroes and Cons, Charlatans and Saints og Horseshoes and Handgrenades. Þar kryfja þeir Billie Joe Armstrong, Mike Dirnt og Tre Cool bandarískt samfélag eftir stjórnartíð George W. Bush þar sem ungt par er í forgrunninum. Fjalla þeir um stjórnvöld, trúarbrögð, fjölmiðla og í raun alls kyns yfirvöld á sama tíma og þriggja hljóma pönkið fær að njóta sín.

„Við vissum að það yrði erfitt að toppa American Idiot," sagði forsprakkinn Billie Joe. „Við hefðum auðveldlega getað samið hefðbundin lög en okkur langaði til að seilast enn lengra."

Upptökustjóri var Butch Vig, sem er þekktastur fyrir að hafa tekið upp meistaraverkið Nevermind með Nirvana. 21st Century Breakdown, sem inniheldur smáskífulagið Know Your Enemy, hefur fengið mjög góða dóma; fjórar og hálfa stjörnu í Rolling Stone, fimm K í Kerrang! og 8/10 hjá NME.


**BILLIE JOE ARMSTRONG** Armstrong og félagar gefa á morgun út sína áttundu plötu, 21st Century Breakdown. NORDICPHOTOS/GETTY



# 100 BESTU PLÖTUR

## *Íslandssögunnar*



( ) - Sigur Rós
12. ágúst '99 - Sálin hans Jóns míns
200.000 naglbítar og Lúðrasveit verkalýðsins
Abbababb! - Dr. Gunni og vinir hans
Allt fyrir ástina - Páll Óskar
Apparat Organ Quartet - Apparat Organ Quartet
Á bleikum náttkjólum - Megas & Spilverk þjóðanna
Ágætis byrjun - Sigur Rós
Álfar - Magnús Þór Sigmundsson
Bein leið - KK Band

Breyttir tímar - Egó
Debut - Björk
Deluxe - Nýdönsk
Drullumall - Botnleðja
Drög að sjálfsmorði - Megas
Dögun - Bubbi Morthens
Einu sinni var
Ekki enn - Purrkur Pillnikk
Eniga meniga - Olga Guðrún Árnadóttir
Farewell Good Night's Sleep - Lay Low

Ferðasót - Hjálmar
Fingraför - Bubbi Morthens
Fisherman's Woman - Emilíana Torrini
Forever - GusGus
Fólk er fífl - Botnleðja
Fram og aftur blindgötuna - Megas
Frelsi til sölu - Bubbi Morthens
GCD - Bubbi og Rúnar
Geislavirkir - Utangarðsmenn
Gilligill - Bragi Valdimar og Memfismafían

Gling-Gló - Björk & Tríó Guðmundar Ingólfssonar
Gæti eins verið... - Þursaflokkurinn
Götuskór - Spilverk þjóðanna
Halldór Laxness - Mínus
Hana-nú - Vilhjálmur Vilhjálmsson
Himinn og jörð - Gunnar Þórðarson
Himnasending - Nýdönsk
Hinn íslenski Þursaflokkur & Caput í Höllinni á þorra
Hinn íslenzki Þursaflokkur - Þursaflokkurinn
Hjálmar - Hjálmar

Hljóðlega af stað - Hjálmar
Hljómar - Hljómar
Homogenic - Björk
How To Make Friends - Fm Belfast
Hunting for Happiness - Dikta
Í fylgd með fullorðnum - Bjartmar Guðlaugsson
Í gegnum tíðina - Mannakorn
Í góðri trú - Megas
Í mynd - Egó
Ísbjarnarblús - Bubbi Morthens

Ísland - Spilverk þjóðanna
Jeff who? - Jeff who?
Jet Black Joe - Jet Black Joe
Jinx - Quarashi
Kafbátamúsík - Ensími
Kona - Bubbi Morthens
Lengi lifi - Ham
Life's too good - Sykurmolarnir
Lifun - Trúbrot
Lof mér að falla að þínu eyra - Maus

Loftmynd - Megas
Love In The Time Of Science - Emilíana Torrini
Lucky One - KK
Lög unga fólksins - Hrekkjusvín
Magnyl - Botnleðja
Mannakorn - Mannakorn
Mávastellið - Grýlurnar
Me And Armini - Emilíana Torrini
Með allt á hreinu - Stuðmenn
Með suð í eyrum við spilum endalaust - Sigur Rós

Megas - Megas
Millilending - Megas
Mjötviður mær - Þeyr
Mugiboogie - Mugison
Mugimama is this monkeymusic - Mugison
My Delusions - Ampop
Pabbi þarf að vinna - Baggalútur
Please Don't Hate Me - Lay Low
Polydistortion - GusGus
Post - Björk

Rokk í Reykjavík - Ýmsir
Sálin hans Jóns míns - Sálin hans Jóns míns
Sálmar - Ellen Kristjánsdóttir
Sleepdrunk Seasons - Hjaltalín
Spilverk þjóðanna - Spilverk þjóðanna
Sturla - Spilverk þjóðanna
Sumar á Sýrlandi - Stuðmenn
Systkinin syngja saman - Elly og Vilhjálmur
Takk... - Sigur Rós
Tívolí - Stuðmenn

Todmobile - Todmobile
Trúbrot - Trúbrot
Vespertine - Björk
Viltu nammi væna? - Fræbbblarnir
Volta - Björk
Von - Sigur Rós
Vögguvísur fyrir skuggaprins - 200.000 naglbítar
Wine For My Weakness - Pétur Ben
You ain't here - Jet Black Joe
Þursabit - Þursaflokkurinn





Gildir meðan birgðir endast.
Fáanlegt í Smáralind, Kringlu, Skeifu, Holtagörðum, Garðabæ og á Akureyri

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > HARÐJAXLAR LEIKA SAMAN

Hasarmyndaaðdáendur geta glaðst við þær fregnir að belgíska buffið Jean-Claude Van Damme og harðjaxlinn **Vinnie Jones** hafa samþykkt að leika í myndinni Weapons. Hún fjallar um tvo hæfileikaríka leigumorðingja sem þurfa að taka höndum saman til að stöðva stórtæka fíkniefnasala. Leikstjóri verður Russell Mulcahy sem er einna þekktastur fyrir Highlander.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Leikstýrir í fyrsta sinn

Hugh Jackman, Rachel Weisz og Robert Pattinson úr Twilight hafa tekið að sér aðalhlutverkin í dramanu Unbound Captive. Myndin, sem gerist árið 1859, er gerð eftir handriti leikkonunnar Madeleine Stowe og verður þetta jafnframt fyrsta myndin sem hún leikstýrir.

Gerð myndarinnar á sér langa sögu því árið 1993 hafnaði Stowe fimm milljóna dala tilboði framleiðandans Fox í handritið. Ridley Scott átti að leikstýra og Russell Crowe að leika aðalhlutverkið. Þrátt fyrir að tilboðið hafi verið með því hærra sem nýjum handritshöfundi hefur verið boðið í Hollywood ákvað Stowe að segja nei. Hún vildi einnig fá aðalhlutverkið en fékk ekki vilyrði fyrir því og ákvað þá að taka áhættuna og bíða eftir betra tilboði. Núna, sextán árum síðar, er myndin loksins að verða að veruleika og í þetta sinn með Stowe við stjórnvölinn. Reyndar er Weisz í aðalhlutverkinu í hennar stað en Stowe er sátt við sinn hlut: „Stundum verður maður að fylgja hjartanu. Handritið var alltaf aðalatriðið hjá mér en að fá að leikstýra var nokkuð sem ég lét mig ekki einu sinni dreyma um,“ sagði Stowe, sem hefur leikið í myndum á borð við The Last of the Mohicans og Twelve Monkeys.



**MADELEINE STOWE** Stowe ætlar að leikstýra sinni fyrstu mynd, sem nefnist Unbound Captive. NORDICPHOTOS/GETTY

# Spacey í stjórnmálin

Kevin Spacey hefur að sögn Empire Online samþykkt að leika Jack Ambroff í Casino Jack. Myndin verður byggð á sannsögulegum heimildum um Jack Ambroff, sem starfaði sem fulltrúi þrýstihópa og er sagður hafa svikið spilavíti í eigu indíána um tugi milljóna dollara. Ambroff var einn helsti stuðningsmaður Bush-ríkisstjórnarinnar á bak við tjöldin og nokkrir meðlimir hennar tengjast málinu. Hann var síðan dæmdur árið 2006 fyrir spillingu og mútuþægni. Leikstjóri myndarinnar verður George Hickenlooper, sem á að baki myndir á borð við Factory Girl og Dogtown.



**NICOLE KIDMAN** Leikkonan þekkta er hætt við að leika í nýjustu mynd Woody Allen.

# Hættir við Allen-mynd

Nicole Kidman er hætt við að leika í nýjustu kvikmynd Woody Allen. Tökur á myndinni, sem hefur ekki enn fengið nafn, hefjast í London í sumar. Eins og venjan er í myndum Allens fer fjöldi stjarna með hlutverk í myndinni, þar á meðal Antonio Banderas, Anthony Hopkins, Josh Brolin, Naomi Watts og Freida Pinto. Þetta verður þriðja mynd Allens sem gerist í London, en hinar eru Match Point og Scoop sem komu út 2005 og 2006. Síðasta mynd hans, Vicky Cristina Barcelona, fékk mjög góðar viðtökur og vann Penelope Cruz Óskarinn fyrir besta leik í aukahlutverki.






**UMDEILDUR** Menn efast um menningarlegt gildi Dans Brown og framlag hans til vestrænnar menningarsögu. Hann er engu að síður ótrúlega vinsæll og næsta bók hans verður prentuð í fimm milljónum eintaka. NORDICPHOTOS/GETTY

# Englar og djöflar Browns

**Englar og djöflar, önnur myndin um táknfræðinginn Robert Langdon, er komin í bíóhús borgarinnar og að þessu sinni er Vatíkanið í hlutverki góðu aflanna.**

Robert Langdon er kallaður til vegna undarlegs morðs og allt bendir til þess að hinn forna regla Illuminati sé komin á stjá og ætli að ná sér niðri á Vatíkaninu. Langdon þarf á öllu sínu hyggjuviti að halda til að leysa morðgátuna og lendir, venju samkvæmt, í miklum hremmingum ásamt því að uppljóstra um löngu gleymd og grafin leyndarmál innan kirkjunnar. Leikstjóri er Ron Howard en með helstu hlutverk fara þeir Tom Hanks, Ewan McGregor og Stellan Skarsgård.

Rithöfundurinn Dan Brown kom af stað hálfgerðu æði á Vesturlöndum þegar bók hans um Da Vinci lykilinn kom út. Áhuginn á leyndarmálum kaþólsku kirkjunnar og samsæriskenningum í kringum kennisetningar kristinnar trúar var ekki lengur bundinn við rykfallna grúskara heldur flykktist alls konar fólk á námskeið um kenningar Da Vinci lykilsins og vildi vita hvað væri satt og hvað logið. Íslendingar fóru ekki varhluta af þessu fári, námskeið hjá sr. Þórhalli Heimissyni í Hafnarfjarðarkirkju voru þaulsetin.

Meira að segja íslenskir rithöfundar leituðu í smiðju Dans Brown og hófu að skrifa trúfræðilegar spennusögur; nærtækast er að minnast á Óttar M. Norðfjörð sem sló í gegn með Hníf Abrahams og Sólkrossinum. Reyndar gekk þetta Brown-æði hér á landi svo langt að hingað máttu varla berast bækur með biblíulegum tilvísunum án þess að þær væru spyrtar saman við Dan Brown. Kemur fyrst upp í hugann hinn norski Tom Egeland. Ron Howard, leikstjóri Engla og djöfla og Da Vinci lykilsins, hefur fengið sinn skerf af gagnrýni fyrir að taka bækur Dans Brown upp á sína arma. Enda eru kristnir hópar í Bandaríkjunum ákaflega valdamiklir. Steinninn tók þó úr þegar hinn virti og fremur hægrisinnaði álitsgjafi og bloggari Debbie Schlussel sakaði Howard um að taka málstað hryðjuverkamanna í Englum og djöflum.

Los Angeles Times greinir frá því að Schlussel hafi sent Howard tóninn á bloggsíðu sinni, sagt það skjóta skökku við að á meðan Ron Howard gerði kaþólsku kirkjunni það til geðs að hafa hana meðal góðu gæjanna fengju múslimar sérmeðferð. Máli sínu til stuðnings bendir hún á að launmorðingi myndarinnar er danskur en í bókinni er hann múslimi.

Hvað sem hægt er að segja um höfundinn Dan Brown og framlag hans til menningarsögunnar hefur áhuginn á bókum hans síst dalað. Nýlega tilkynnti forlagið hans, Random House, að nýjasta bók hans, Týnda táknið eða Lost Symbol, yrði prentað í fimm milljónum eintaka. Aldrei áður hefur það gerst í 84 ára sögu forlagsins að bók sé gefin út í jafn stóru upplagi. Fregnir herma að hin dularfullu samtök frímúrara verði þar í aðalhlutverki auk höfuðborgarinnar Washington DC og höfuðstöðva leyniþjónustunnar CIA.

freyrgigja@frettabladid.is

# Hart barist um Gullpálmann

Kvikmyndahátíðin í Cannes hófst á frönsku Rivíerunni í gær í 62. sinn með frumsýningu teiknimyndarinnar Up. Þetta er í fyrsta sinn sem teiknimynd hefur opnað þessa virtu hátíð.

Óvenjumargir af helstu þungavigtarleikstjórum heims eiga myndir á Cannes í ár, þar á meðal Quentin Tarantino, Lars von Trier, Jane Campion, Pedro Almodóvar, Ang Lee og Ken Loach. Þar af hafa Tarantino, Trier, Campion og Loach öll unnið Gullpálmann fyrir myndir sínar og fá því tækifæri til að endurtaka leikinn í ár. Það er því ljóst að samkeppnin um þessi æðstu verðlaun Cannes verður gífurleg.

„Frábærir leikstjórar gera frábærar myndir. Á árinu 2009 er ekkert óeðlilegt við að leikstjórar eins og Quentin Tarantino, Lars von Trier, Pedro Almodóvar, Jane Campion og Marco Bellocchio taki þátt,“ sagði Thierry Fremaux, stjórnandi hátíðarinnar. „Síðastliðin sextíu ár hefur Cannes reglulega boðið velkomin nöfn á borð við Bergman, Fellini, Antonioni og Kurosawa. Þessi hefð er fyrir löngu orðin fastur liður hjá okkur.“

Fjöldi íslenskra kvikmyndagerðarmanna og aðrir tengdir bransanum verður á Cannes-hátíðinni, þar á meðal Rúnar Rúnarsson sem sýnir stuttmynd sína Anna. Kvikmyndahátíðinni lýkur 24. maí þegar Gullpálminn verður afhentur.



**PEDRO ALMODÓVAR** Spænski leikstjórinn keppir um Gullpálmann á Cannes-hátíðinni í ár.



**AL PACINO** Pacino er í viðræðum um að leika í nýrri mynd byggðri á metsölubók.

# Al Pacino skoðar Blink

**Al Pacino er í viðræðum um að leika aðalhlutverkið í mynd sem verður byggð á bandarísku metsölubókinni Blink eftir Malcolm Gladwell. Bókin fjallar um þá tilgátu að ákvarðanir sem eru teknar skjótt án þess að legið hafi verið yfir þeim séu oft betri en þær sem eru vel ígrundaðar.**

**Í myndinni mun Pacino leika mann sem aðstoðar son sinn við að græða pening á Wall Street með óvenjulegum aðferðum. Söguþræðinum hefur verið lýst sem blöndu af Scent of a Woman (Óskarsverðlaunamynd Pacino) og Wall Street.**

## FRUMSÝNDAR MYNDIR

### Hannah Montana: The Movie



Hannah Montana er ung söngkona sem hefur ætíð fengið allt það sem hún vill. Eftir að hafa látið stjörnustælana ganga aðeins of langt ákveður pabbi hennar að fara með hana til Tennessee, sem hún er allt annað en ánægð með. Ætlunin er að leyfa Hönnuh að kynnast því sem hefur áberandi farið framhjá henni, fjölskyldulífinu.

**Aðalhlutverk:** Miley Cyrus, Billy Ray Cyrus og Emily Osment.

**Dómar:** 2,7/10 á Imdb.com og 44% á Rottentomatoes.com.

### The Informers



Myndin er byggð á bók Bret Easton Ellis (American Psycho, The Rules of Attraction) frá árinu 1995. Bókin er samansafn af smásögum sem tengjast lítillega á einn eða annan hátt. Myndin gerist í Los Angeles árið 1983 og fjallar um kvikmyndaframleiðendur, rokkstjörnur, vampíru og ýmsa siðblinda karaktera sem lenda í ólíkum ævintýrum.

**Aðalhlutverk:** Billy Bob Thornton, Kim Basinger, Mickey Rourke og Winona Ryder.

**Dómar:** 7,6/10 á Imdb.com og 14% á Rottentomatoes.com.



2
skemmtilegri
Iceland Express
ANNA HLÍN
HRAFNA
Idol
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOÐ!
50%
AFSLÁTTUR AF
ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 SPORT, SPORT 2 EÐA FJÖLVARPSINS GETA NÚ BÆTT VIÐ SIG ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 MEÐ 50% AFSLÆTTI M.V. ÞRIGGJA MÁNAÐA SKULDBINDINGU.
NÁNAR UM TILBOÐIÐ Á STOD2.IS
ÚRSLIT
HVOR VINNUR 2 MILLJÓNIR KRÓNA Á MORGUN KL. 20:00?
FRAM KOMA PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON, BUBBI MORTHENS OG EGÓ
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > TONY TIL VARNAR

**Carlos Bernard**, sem leikur Tony Almeida í 24, hefur komið meðleikara sínum, Kiefer Sutherland, til varnar. Kiefer er sakaður um líkamsárás en Bernard trúir ekki sökunum upp á sinn mann. „Kiefer er einn af mínum bestu vinum og hann er frábær. Ég hef verið í samkvæmum og á börum með honum um allan heim og hann er alltaf kurteis við fólk," segir Bernard.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Yfirborðskennd Hollywood

Leikkonan Megan Fox hefur formlega lýst því yfir sem allir vissu og allir hugsa; að Hollywood sé yfirborðskenndur vinnustaður. Fox segir að fjölmargir framleiðendur hafi hafnað henni í alvarlegri hlutverk af því hún þyki of sæt. Megan Fox var næstum óþekkt með öllu þegar hún sló í gegn í kvikmyndinni Transformers. Hún hefur síðan þá verið í kastljósi fjölmiðla og sú athygli á ekki eftir að minnka þegar framhaldsmyndin verður frumsýnd.

Fox viðurkennir hins vegar að hana langi til að takast á við erfiðari og meira krefjandi hlutverk. Framleiðendur hafi hana hins vegar ekki í huga þegar valið sé í slíkar kvikmyndir. Hún sakar því kvikmyndaframleiðendur um að búa til falsheim þar sem allt er falt fyrir fegurð en þegar á hólminn er hún síðan notuð sem afsökun til að hafna.

„Ég er ótrúlega fúl yfir því að menn skuli sífellt hafna mér á grundvelli þess að ég sé of falleg, þetta er svo mikil hræsni. Ef ég væri ekki eins og ég er hefði ég ekkert að gera í Hollywood. Þessi borg er það yfirborðskenndasta sem ég veit um."



**ÓSÁTT** Megan Fox er ósátt við Hollywood, segir hana vera yfirborðskennda.



# Elskar hringinn

**Kate Winslet lætur aldrei frá sér hring sem hún fékk að gjöf frá mótleikara sínum í Titanic og Revolutionary Road, Leonardo DiCaprio. Leikkonan neitar að taka hann af sér og fer með hann hvert sem hún fer. DiCaprio lét víst skrifa falleg orð til Kate innan á hringinn en leikkonan hefur víst ekki viljað upplýsa hver þau eru. „Ég mun aldrei upplýsa það," sagði Kate við breska blaðamenn nýverið.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 14. maí 2009**

### ➜ Myndlist



**Maria Edit Antal** hefur opnað málverkasýninguna „Hinar vaxandi hjartans rætur" á Laugavegi 51. Opið mán. - sun. kl. 12-18.

### ➜ Tónleikar

**20.00** Þráinn Hjálmarsson og Ásgeir Aðalsteinsson frumflytja eigin verk á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu á úskriftartónleikum tónlistardeildar LHÍ.

**20.00** Á Kimakvöldi í **Sódóma Reykjavík** við Tryggvagötu koma fram: Reykjavík!, Ben Frost, DLX ATX og Skelkur í bringu.

**20.00** Þrjár Raddir og Beatur verða á B5 við **Bankastræti 5.** Beatur þeytir skífum milli atriða. Aðgangur ókeypis.

**21.00** Mingus Ah Um spila á tónleikum jazzklúbbsins Múlans, í kjallara **Café Cultura** við Hverfisgötu 18.

**22.00** Vísna- og Blústríóið Gæðablóð leikur fyrir gesti Næsta bars við Ingólfsstræti. **Aðgangur ókeypis.**

# Kærasti Jóhönnu hélt ró sinni í Moskvu

„Ég var alveg pollrólegur yfir þessu, þetta var auðvitað hörkuspennandi en ég var alveg handviss um að við værum í síðasta umslaginu," segir Ólafur Ólafsson, kærasti Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur. Hann er kominn til Moskvu til að styðja við bakið á unnustunni í Eurovision-orrustunni ásamt föður sínum, athafnamanninum Ólafi Björnssyni. Ólafur bætir því við að spennan hafi tekið mest á móður Jóhönnu sem hafi setið við hlið hans en sjálfur hafi hann haldið ró sinni. „Ég var bara alveg hæfilega spenntur." Aðspurður hvernig föður hans hafi litist á keppnina segir Ólafur að hann hafi, líkt og aðrir Íslendingar, verið nokkuð spenntur. Honum hafi hins vegar verið meinilla við belgíska lagið CopyCat.

Í gær var svo komið að frídegi hjá Eurovision-hópnum og þá var kærkomið tækifæri fyrir parið unga að eyða smá tíma saman. Enda hefur Eurovision-þátttakan átt allan hug Jóhönnu undanfarnar vikur og mánuði. Ólafur kvaðst þó ekki vera búinn að kaupa blóm handa spúsu sinni því hann ætlaði að geyma bestu rósirnar þangað til á laugardaginn. „Þegar hún vinnur þessa keppni," segir Ólafur, alveg sannfærður um íslenskan sigur í Moskvu. Ekki að ósekju. Eins og heyra mátti í útsendingunni í gær var alveg gríðarlegur stuðningur við íslenska lagið og blaðamenn í Moskvu eru ákaflega bjartsýnir fyrir Íslands hönd. „Þetta var bara hálfur sigur, nú förum við bara alla leið."

Þau Ólafur og Jóhanna ætluðu þó að leyfa sér þann munað að fara út að borða saman og fagna þessum áfanga en svo taka við þrotlausar æfingar og undirbúningur fyrir úrslitakvöldið sjálft en Jóhanna verður sjöunda á sviðið á laugardaginn. **- fgg**



**STUND MILLI STRÍÐA** Jóhanna Guðrún og kærastinn, Ólafur Ólafsson, ætluðu að fara út að borða í kvöld í tilefni af góðum árangri, blómvöndurinn kemur þegar sigur er í höfn.



**ÁFRAM SUNGIÐ** Jóhanna syngur sig inn í hug og hjörtu Evrópubúa með laginu Is it True? FRÉTTABLAÐIÐ/AP


AB VARAHLUTIR - ALLTAF BETRI

Sími: 567 6020

VARAHLUTIR

26% sparnaður!

Atlantsolía hefur samið við **AB-varahluti** Bíldshöfða 18. Þannig njóta dælulyklahafar Atlantsolíu **12%** afsláttar af varahlutum.




Með 15% **N1** afslætti: **85.734**




Með 12% **AO** afslætti: **63.680**



**Mismunur 26% eða 22.054 kr.**

Sæktu um ókeypis dælulykil, www.atlantsolia.is

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Lónsbraut 2 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

Verðkönnun gerð af Atlantsolíu.

PIPAR • SÍA • 90645

# Guðlegur gamanleikur Jóa og Góa

**Jói og Gói leika í gamanþáttaröð sem sýnd verður í Ríkissjónvarpinu í haust. Einvalalið skrifar handrit þáttanna.**



## STERKUR OG SÖGULEGUR HÓPUR

Guðfræðinemarnir Ilmur Kristjánsdóttir og Davíð Þór Jónsson skrifa brandara fyrir son biskupsins, Guðjón Davíð Karlsson. Sigurjón Kjartansson og Jóhannes Haukur hafa bundist sérstökum tryggðarböndum með bæði Hellisbúanum og svo gamanþáttaröðinni á RÚV. Óskar Jónasson fær síðan það vandasama hlutverk að leikstýra herlegheitunum.

Ný gamanþáttaröð verður tekin til sýninga á RÚV í haust. Handritshöfundar eru þeir Sigurjón Kjartansson, Davíð Þór Jónsson, Ilmur Kristjánsdóttir og Óskar Jónasson en hann mun einnig leikstýra þáttaröðinni. Aðalleikarar eru þeir Jóhanes Haukur Jóhannesson og Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem tvíeykið Jói og Gói.

Þáttaröðin og fólkið sem kemur að henni er merkileg fyrir margra sakir. Fyrir er það að nefna að tveir guðfræðinemar eru að skrifa brandara og söguþráð fyrir son biskupsins yfir Íslandi. Ilmur og Davíð Þór eru sem kunnugt nemar við guðfræðideild HÍ en Guðjón Davíð er jú sonur hr. Karls Sigurbjörnssonar.

Þá má nefna að Sigurjón virðist hafa tekið sérstöku ástfóstri við Jóhannes því þeir eru að fara að setja upp Hellisbúann í Íslensku óperunni ásamt Rúnari Frey. Og það var fyrir tilstilli Sigurjóns að Jóhannes lék Geir H. Haarde í síðasta áramótaskaupi en of langt mál er að segja þá sögu alla hér.

Merkilegast er þó að þáttaröðin markar sætti milli tveggja gríndúetta sem löngum hafa deilt um hvorir séu frumkvöðlar í íslensku gríni; Tvíhöfða annars vegar og Radíusbræðra hins vegar. „Við Davíð erum svona Hallarnir í okkar dúettum, við kölluðum fram brandarana en sögðum þá ekki sjálfir, þetta eru kallaðir „feederar“ á fræðimálinu,“ segir Sigurjón. „En við höfum nú náð fullum sáttum og erum að skrifa handrit handa nýjum dúett.“

Sigurjón hefur áður unnið með Ilmi og Óskari en þetta er í fyrsta skipti sem þeir Davíð vinna saman á þessu sviði síðan sjónvarpsþátturinn Limbó fékk hárin til að rísa á siðprúðum húsmæðrum í vesturbænum. „Hann er alveg gríðarlega sterkur á þessu sviði og mikill hvalreki fyrir hópinn,“ segir Sigurjón.

Gamanþáttaröðin er ekki í sketsaformi eins og langflestar íslenskar gamanþáttaseríur hafa verið. Heldur er hún með söguþræði og segir frá tveimur sambýlingum sem takast á við lífið í 101. „Og það segir sig nokkurn veginn sjálft hver er hvað; Gói trúir því að hann muni finna góða konu og flytjast í Garðabæ en Jói er nokkurn veginn sáttur við lífið eins og það er.“

freyrgigja@frettabladid.is




Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ



Ekki borga 15.000 kr. að óþörfu!

**Þann 1. júní leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðaðar bifreiðar og vagna** (ekki ferðavagna) með **endastafinn 3 í bílnúmeri**. Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og óþægindi með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.

Aðalskoðun

Skoðunarstöðvar: Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930 | Hafnarfjörður Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900 | Kópavogur Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 587 3344

www.adalskodun.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0855

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| STAR TREK | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 10 |
| MÚMÍNÁLFARNIR(650kr.) | kl. 4 - Íslenskt tal | L |
| STATE OF PLAY | kl. 10 | 12 |
| 17 AGAIN | kl. 4, 6 og 8 | L |












| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| STAR TREK | kl. 6 - 8D - 10:40D | 10 |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| X MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6D | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 6 - 8 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8:30 - 10:40 | 12 |
| THE UNBORN | kl. 10:40 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8D - 10:30D | 10 |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | L |
| NEW IN TOWN | kl. 6 - 8 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6D | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 8 | L |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 8 | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 10:20 | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 10 | L |
| NEW IN TOWN | kl. 8 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| ANGELS AND DEMONS | kl. 8 - 10:40 | 14 |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:30 | 7 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS D | kl. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10.50 | 14 |
| ANGELS & DEMONS LÚXUS D | kl. 5 - 8 - 10.50 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3 | L |
| MALL COP | kl. 3 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 6 - 9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6.30 - 9 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6* - 8 - 10 | L |

* Enskur texti / English subtitles

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 5.40 - 10.15 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 10 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6 - 8 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Hugleikur grætur Dr. Jón

**Dr. Jón er fyrirmyndin að eineygða kettinum Kisa sem er sköpunarverk Hugleiks. Dr. Jón er að öllum líkindum frægasti köttur landsins, lifði litríku lífi og náði því sem fáum mennskum tekst: Að knésetja heimskt kerfið.**



MYND/GUÐLAUGUR



**DR. JÓN KARL FRIÐRIK GEIRSSON ARNESTED ER FALLINN FRÁ** Þessi merki köttur lifði litríku lífi og notaði öll sín níu líf. Hann var fyrirmynd að verki myndasöguhöfundarins Hugleiks Dagssonar.

„Já, Dr. Jón er dáinn. Dauður? Ég hef aldrei náð því af hverju við eigum að hafa einhver öðruvísi orð yfir þetta nákvæmlega sama ástand þegar mannfólkið á í hlut," segir Hugleikur Dagsson rithöfundur þegar honum er bent á að oftast sé talað um að dýr drepist en ekki að þau deyi.

Einn frægasti köttur landsins er … dáinn. Dr. Jón var Hugleiki sem Eiríkur á Brúnum Halldóri þegar hann skrifaði sögu Steinars Steinssonar í Paradísarheimt. Dr. Jón var sem sagt fyrirmyndin að eineygða kettinum Kisa sem Hugleikur hefur fjallað um í máli og myndum. „Ég fattaði ekki fyrr en ég var hálfnaður með sex síðna myndasögu um Kisa að ég var að byggja á ketti sem ég þekkti. Hann hafði smogið inn í undirmeðvitund mína," segir Hugleikur. Eða þekkti og þekkti. Dr. Jón leyfði Hugleiki ekki að kynnast sér neitt að ráði. Fór sínar eigin leiðir og það líkar Hugleiki vel. „Hann kláraði öll sín níu líf. Hann var mikið að djamma á miðjum aldri, en í mannsárum hefur hann náð því að verða áttatíu ára, en hann var eitt sinn að elta á sér typpið eins og kettir gera, varð fyrir bíl og missti augað," segir Hugleikur, sem reyndar telur rétt að frændi hans og eigandi Dr. Jóns, Guðlaugur Jón Árnason íslenskufræðingur, sé til svara en hann var yfirlýstur eigandi kattarins.

„Hann hefur verið um sextán ára. En þetta var litríkur köttur. Og til er nokkuð stór mappa um hann því Dr. Jón kom margoft við sögu í fjölmiðlum og Sigmund teiknaði eitt sinn mynd af honum," segir Guðlaugur sem upplýsir að Dr. Jón hafi heitið fullu nafni Dr. Jón Karl Friðrik Geirsson Arnested í höfuðið á efnafræðiprófessor við Háskóla Íslands. En sá var eigandi móður Dr. Jóns. Ástæðan fyrir því að Dr. Jón var svo mjög til umfjöllunar í fjölmiðlum var sú að hann lenti í aðalhlutverki þegar borgin fór í eina af sínum umdeildustu herferðum. „Einhverja þá heimskulegustu og er þá langt til jafnað," segir Hugleikur. En þá tók borgin fullt tillit til kvartana húsmæðra í vesturbænum sem kvörtuðu undan heimsóknum katta í garða, eins og kettir gera, og voru settar upp villikattagildrur. En einu fórnarlömb voru heimiliskettir og fyrstur til að lenda í gildru var Dr. Jón. Eigandi hans rak augun í hann í sjónvarpinu og leysti hann út fyrir fúlgu fjár. Dr. Jón átti eftir að lenda þrisvar í villikattagildrunum sem varð til þess að fjölmiðlar fóru að veita þessum ketti athygli og svo fór að endingu að borgin féll frá þessum aðgerðum. Þannig knésetti Dr. Jón heimskt kerfið að mati Hugleiks sem nú er í miðju kafi við að skrifa um Ævintýri eineygða kattarins Kisa, annar hluti. **jakob@frettabladid.is**


# Ert þú með þrálátan háþrýsting?

## Leitað er eftir þátttakendum í klíníska rannsókn á nýju rannsóknarlyfi

Tilgangur rannsóknarinnar er að athuga öryggi og verkun mismunandi skammta rannsóknarlyfsins við meðhöndlun á þrálátum háþrýstingi, samanborið við lyfleysu og virkt, markaðssett lyf. Aðalrannsakandi er Karl Andersen, sérfræðingur í lyflækningum og hjartalækningum. Rannsóknin fer fram á Rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsókna ehf. – Encode, Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík.

## Hverjir geta tekið þátt?

- Konur og karlar á aldrinum 18-75 ára með þrálátan háþrýsting. Konur verða að vera komnar yfir tíðahvörf eða hafa undirgengist ófrjósemisaðgerð.
- Einstaklingar á stöðugri þriggja lyfja meðferð við háþrýstingi sem eru þrátt fyrir það með of háan blóðþrýsting. Lyfjameðferðin má vera flóknari, þ.e. fleiri en þrjú lyf notuð, en eitt lyfjanna skal þó vera þvagræsilyf.

## Hvað felur rannsóknin í sér?

Þátttaka varir í allt að 14 vikur og gert er ráð fyrir um 13 heimsóknum á rannsóknarsetur á tímabilinu. Heimsóknirnar taka u.þ.b. 1 til 4 klst. Gerðar verða blóðþrýstingsmælingar, bæði á rannsóknarsetri og með notkun blóðþrýstingsvaktara yfir sólarhring. Blóðsýni verða tekin í flestum heimsóknum.

Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins, bæði þekktum og ófyrirséðum. Ekki er hægt að tryggja að þátttakendur fái tímabundinn bata en niðurstöður rannsóknarinnar geta leitt til framfara í meðferð sjúkdómsins.

Greitt verður fyrir þátttöku og rannsóknareftirlit verður þátttakendum að kostnaðarlausu.

## Frekari upplýsingar

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt, vinsamlegast hafðu samband við hjúkrunarfræðing rannsóknarinnar í síma **510 9911.**

Tekið skal fram að einstaklingar sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Ákveði þeir að taka þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

Rannsóknin hefur fengið leyfi Lyfjastofnunar, Vísindasiðanefndar og Persónuverndar.



# Betri búð á betri stað




HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

## > Sverrir kominn til FH

Sverrir Garðarsson mun leika með FH-ingum í sumar en í gær fékkst það staðfest að gengið hefði verið frá lánssamningi FH og sænska félagsins GIF Sundsvall þess efnis. Sverrir lék síðast með FH árið 2007 en var svo seldur til Sundsvall. Lánssamningurinn gildir til loka tímabilsins, sem þýðir að Sverrir mun ekki spila í Svíþjóð í sumar. Félagaskiptaglugganum verður lokað hinn 1. september, nokkrum vikum áður en tímabilinu hér á landi lýkur.



**sport**
sport@frettabladid.is

**SIGURÐUR INGIMUNDARSON, ÞJÁLFARI KARLALANDSLIÐSINS:** UNDIRBÚNINGUR FYRIR SMÁÞJÓÐALEIKA AÐ HEFJAST

# *Eins gott að menn verði tilbúnir í slagsmál*

Sigurður Ingimundarson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í körfubolta, ætlar að velja tólf manna hópinn sinn á Smáþjóðaleikunum á sunnudagskvöldið. Fram undan eru fjórar æfingar á fjórum dögum og þar munu tuttugu leikmenn berjast um tólf laus sæti.

„Við verðum að vinna þetta hratt því það er ekki mikill tími fyrir æfingar. Það er allt í lagi. Við höfum síðan tíma til að slípa liðið almennilega saman,“ segir Sigurður.

Það eru einhver forföll í íslenska landsliðinu og er þegar ljóst að hvorki Jakob Örn Sigurðarson né Helgi Már Magnússon verða með á Kýpur. Þá er líka óvíst hvort Hlynur Bæringsson eða Jón Arnór Stefánsson verði með. Sigurður er þó ekki búinn að afskrifa þá. „Það getur vel verið að Hlynur verði með en þá þarf ýmislegt að ganga upp,“ segir Sigurður en gengi ítalska liðsins Benetton í úrslitakeppninni á Ítalíu ræður því hvort Jón Arnór verður með á Kýpur. „Ef Jón verður á Ítalíu verður hann ekki með en ef hann er dottinn út, sem ég vona ekkert, þá kemur hann með okkur,“ segir Sigurður.

Sigurður fagnar því að Pavel Ermolinskij ætli að vera með landsliðinu í sumar. „Hann verður með í allt sumar og líka í verkefninu í haust og það er gaman að því. Pavel er að spila mikið í gulldeildinni á Spáni sem er mjög gott. Hann er að spila þar í 25 til 30 mínútur og er að standa sig nokkuð vel. Hann er klárlega spennandi kostur og það verður gaman að fylgjast með honum í landsliðinu,“ segir Sigurður en Pavel, sem er 22 ára og tveggja metra leikstjórnandi, hefur ekkert verið með landsliðinu síðustu árin.

Íslenska landsliðið vann gullið á síðustu Smáþjóðaleikum þar sem úrslitaleikurinn leystist upp eftir að Kýpverjar misstu alla stjórn á sér og réðust bæði á íslensku leikmennina og dómara leiksins.

„Það verður spennandi að mæta Kýpverjunum aftur og það er eins gott að menn verði tilbúnir í slagsmál. Nú verður ekkert bakkað og leyft þeim að haga sér eins og villimönnum,“ segir Sigurður í léttum tón og bætir við: „Mér skilst að það sé búið að setja einhverjar varrúðarráðstafanir í húsinu og aukna gæslu. Ég hef engar áhyggjur því ég hef bara gaman af þessu,“ segir Sigurður.








**STÖÐUHÆKKUN** Henning var aðstoðarþjálfari Hauka í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express-deild kvenna:

## Henning þjálfar meistara Hauka

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka í Iceland Express-deild kvenna réðu í gær Henning Henningsson, nýráðinn landsliðsþjálfara, sem þjálfara liðsins næsta vetur. Henning þjálfaði Haukastelpurnar 2001-02 og kom þeim þá upp í efstu deild.

Margir reyndir þjálfarar eru komnir í kvennadeildina fyrir næsta vetur en fimm af átta þjálfurum hennar hafa gert lið að Íslandsmeisturum í annaðhvort karla- eða kvennaflokki. - óój

# Orkuplástrar eru nýjasta æðið í íþróttaheiminum

**Lifewave-orkuplástrarnir eru að slá í gegn hjá íþróttamönnum þessi misserin. Fjöldi þekktra erlendra íþróttamanna hefur verið að nota þessa plástra og Íslendingar eru að sjálfsögðu engir eftirbátar þeirra og keppa nú með plástra.**

**FÓTBOLTI** Hver man ekki eftir plástrunum sem allir íþróttamenn voru með á nefinu hérna fyrir nokkrum árum? Þeir hurfu fljótt af sjónarsviðinu þegar sannað þótti að þeir hjálpuðu lítið eða ekkert. Menn hafa samt ekki lagt árar í bát með plástrana og nú hafa svokallaðir Orkuplástrar frá Lifewave slegið í gegn. Má því segja að plástrarnir færi sig neðar á líkamann.

Íslenskir íþróttamenn eru farnir að nota þessa plástra í auknum mæli og meðal annars KR-ingarnir Bjarni Guðjónsson og Jónas Guðni Sævarsson. Þeir eru ánægðir með plástrana.

„Ég er búinn að spila með þessa plástra síðan í febrúar. Þetta virkar fyrir mig,“ segir Bjarni Guðjónsson. Hann spilar með orku- og liðleikaplástra en hægt er að fá alls konar plástra, meðal annars til þess að sofa betur og jafnvel grennast.

„Ég hef fundið mun á orkunni hjá mér og verð minna þreyttur með plástrana, hvort sem það er í hausnum á mér eða ekki. Það skiptir mig í raun ekki máli á meðan mér finnst þeir virka,“ segir Bjarni. „Menn eru farnir að biðja um þessa plástra enda sjá þeir að þetta svínvirkar. Ég er meira að segja farinn að spila á kantinum,“ segir Bjarni léttur en hann setur plástrana annað hvort á bringuna eða fæturna á sér.

Á meðal þekktra íþróttamanna sem sagðir eru nota þessa plástra eru David Beckham, Michael Phelps og Lance Armstrong. Í hóp þessara manna er einnig kominn fyrirliði KR, Jónas Guðni Sævarsson.

„Ég finn fyrir smá orku þegar ég er með plástrana. Samt ekkert sem ég hef tekið mikið eftir. Þetta er ekkert eins og að fá vítamínsprautu,“ segir Jónas Guðni, sem hefur spilað með þessa plástra í síðustu tveim leikjum.

„Má til gamans geta þess að ég hef skorað í báðum leikjunum. Þetta eru því markaplástrar fyrir mig og ég mun halda áfram að spila með þá á meðan ég skora,“ segir Jónas Guðni og bætir við: „Ég fór á fyrirlestur og varð hrifinn. Það er ekkert í þessu sem á að fara inn í líkamann en á samt að hjálpa manni. Það er bara hið besta mál ef þetta virkar eins og það virðist gera. Ef þetta hjálpaði ekki nema bara andlega þá er það ekki neikvætt heldur,“ segir Jónas Guðni.

En hvað eru þessir plástrar nákvæmlega og hvernig virka þeir eiginlega?

„Þetta er í rauninni bara vísindi og ekkert annað. Þetta byggir á gömlu austurlensku fræðunum um nálastungupunkta og orkubrautir líkamans. Með því að setja plástrana á ákveðna punkta er verið að örva rafsegulsvið líkamans. Þetta er ný tækni og plástrarnir koma í staðinn fyrir nálarnar,“ segir Guðmundur Bragason, kynningarfulltrúi fyrir Lifewave-plástrana.

„Þetta er lokað kerfi. Það eru engin efni, krem eða lyf sem fara inn í líkamann sjálfan heldur eingöngu tíðni. Þessi tíðni verður til við sambland sykurs, súrefnis og blöndu af amínósýrum sem eru inni í plástrinum. Það er í raun og veru bara hómópata-remedíur. Þetta eru náttúruleg efni.“

Nú eru alltaf margir efasemdamenn á sveimi þegar eitthvað álíka þessum plástrum kemur fram. Guðmundur segir að þetta sé ekkert svindl.

„Alls ekki. Þetta virkar. Nefplástrarnir áttu bara að auka súrefnisflæðið með því að opna öndunarveginn. Það var ekkert í þeim plástrum. Hér erum við aftur á móti bara að tala um vísindi,“ segir Guðmundur.

henry@frettabladid.is



**FLOTTIR MEÐ PLÁSTRANA** KR-ingarnir Jónas Guðni Sævarsson og Bjarni Guðjónsson nota báðir Lifewave-plástrana og eru ánægðir með þá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÍKA Á FÆTURNA** Plástrarnir eru settir á svokallaða nálastungupunkta. Strákarnir setja þá plástra líka á lappirnar á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# Var ljótur fótboltaleikur

**Eyjamenn hafa hvorki skorað né fengið stig í tveimur fyrstu leikjum liðsins í Pepsi-deild karla eftir 0-1 tap á móti Blikum á Hásteinsvellinum í gær. Blikar hafa unnið báða sína leiki. Alfreð Finnbogason skoraði sigurmarkið í leiknum.**

**FÓTBOLTI** Það var ekki von á fagurri knattspyrnu í hávaðaroki á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum þegar Breiðablik sigraði ÍBV 0-1 með marki frá Alfreð Finnbogasyni. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður sýndu leikmenn beggja liða fín tilþrif og ber að hrósa fyrir það.

Breiðablik lék undan vindi í fyrri hálfleik og leysti það býsna vel með því að pressa heimamenn hátt upp á völlinn. Vörn Breiðabliks var mjög þétt og gerði framherjum ÍBV erfitt fyrir. Lítið var um hættuleg færi í fyrri hálfleik en Kristinn Steindórsson átti þó magnað skot af 25 metra færi sem fór bæði í stöng og slá.

Eyjamenn komu öflugir til leiks í seinni hálfleik en urðu fyrir áfalli á 51. mínútu þegar Alfreð Finnbogason slapp einn í gegn, eftir góða sendingu frá Kristni Steindórssyni, og lagði boltann auðveldlega framhjá Alberti í markinu.

„Eftir langt og strembið ferðalag vorum við komnir til Eyja rétt rúmum hálftíma fyrir leik, og var ekkert annað í spilunum en að berjast og vona það besta. Við vorum betri aðilinn í fyrri hálfleik en sköpuðum okkur engin afgerandi færi. Ég bjóst við þeim sterkari í seinni hálfleik en við náðum að setja mark á þá í byrjun og þá var þetta orðin spurning um að halda. Þetta var ljótur fótboltaleikur en þrjú stig í hús,“ sagði Alfreð Finnbogason glaður í bragði eftir leik.

Eyjamenn voru afar ósannfærandi í sóknarleik sínum í leiknum. Það vantaði allan kraft og sköpun í sóknina sem er nauðsynlegt þegar veðrið er eins og það var í Eyjum í gær.

Á 91. mínútu fékk Andrew Mwesigwa að líta sitt annað gula spjald og þar með það rauða þegar hann reyndi að koma boltanum í net Breiðabliks með höndunum. Þar sýndi hinn úganski varnarmaður ÍBV sóknarleik liðsins í hnotskurn.

Eftir handknattleikstakta Andrew Mwesigwa rann leiktíminn út og Blikar fögnuðu vel og innilega í leikslok en þeir hafa unnið báða sína leiki. Eyjamenn hafa hins vegar tapað báðum sínum leikjum og hafa ekki enn skorað mark.

Matt Garner, varnarmaður ÍBV, var vonsvikinn í leikslok. „Við ætluðum okkur að vinna þennan leik, við lögðum upp með að pressa stíft og hátt á vellinum og sækja hratt.“ Matt er þó bjartsýnn á framhaldið í deildinni og telur að liðið eigi eftir að sýna sitt rétta andlit í næstu leikjum.

„Við erum með fjóra leikmenn sem hafa spilað lítið sem ekkert og eiga enn eftir að kynnast spilamennsku liðsins. Ég tel að eftir einn til tvo leiki verðum við upp á okkar besta,“ sagði Garner.

- es



**TVÖ MÖRK Í TVEIMUR LEIKJUM** Alfreð Finnbogason hefur byrjað tímabilið vel með Blikum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÍBV 0-1 Breiðablik**

Hásteinsvöllur, áhorf.: 560 — Kristinn Jakobsson (7)

*0-1 Alfreð Finnbogason (51.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–15 (3–5) |
| Varin skot | Albert 4 – Ingvar 3 |
| Horn | 4–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–15 |
| Rangstöður | 2–3 |

| **ÍBV** 4–4–2 | | **BREIÐAB.** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| ***Albert Sævarss.** | **7** | Ingvar Þór Kale | 5 |
| Arnór Eyvar Ólafsson | 6 | Árni Kristinn Gunn. | 5 |
| Andrew Mwesigwa | 5 | Guðmann Þórisson | 6 |
| Eiður Aron Sigurbj. | 5 | Kári Ársælsson | 6 |
| (81. Elías Ingi Árnas. -) | | Kristinn Jónsson | 6 |
| Matt Garner | 6 | Arnór Sveinn Aðalst. | 6 |
| Tonny Mawejle | 6 | Arnar Grétarsson | 5 |
| Pétur Runólfsson | 5 | (32., Guðm. Kristján. 6) | |
| (71. August. Nsumba -) | | Finnur Orri Margeirs. | 6 |
| Andri Ólafsson | 6 | Kristinn Steindórsson | 6 |
| Þórarinn Ingi Valdim. | 5 | (63. Haukur Baldvins.5) | |
| Ajay Leitch-Smith | 6 | Alfreð Finnbogas. | 7 |
| Viðar Örn Kjartanss. | 5 | Olgeir Sigurgeirsson | 6 |
| (83. Ingi Rafn Ingib. -) | | **Maður leiksins* | |

## ÚRSLITN Í GÆR

*Pepsi-deild kvenna*

Valur-Breiðablik 2-3
0-1 Fanndís Friðriksdóttir (11.), 1-1 Guðný Petrína Þórðardóttir (14.), 2-1 Kristín Ýr Bjarnadóttir (74.), 2-2 Harpa Þorsteinsdóttir (90. +1), 2-3 Anna Birna Þorvarðardóttir (90. +3)

Stjarnan-KR 1-0
1-0 Karen Sturludóttir (38.)

Þór/KA-ÍR 11-0
Rakel Hönnudóttir 4, Mateja Zver 3, Vesna Smiljcovic, Elva Friðjónsdóttir, Arna Sif Arngrímsdóttir, Rakel Óla Sigmundsdóttir

Keflavík-Afturelding/Fjölnir 0-2
Amanda Johnson, sjálfsmark.

Fylkir-GRV 4-0
Danka Podovac 3, Fjolla Shala.

**Stig og röð liðanna:** Fylkir 6, Breiðablik 6, Stjarnan 6, Þór/KA 3, Valur 3, GRV 3, Afturelding/Fjölnir 1, KR 0, Keflavík 0, ÍR 0.


# UPPLÝSINGATÆKNI TIL ENDURREISNAR

**Bætt þjónusta – lægri kostnaður**

**RÁÐSTEFNA UT-DAGSINS 19. MAÍ 2009**

Í tilefni af degi upplýsingatækninnar, UT-deginum, verður haldin ráðstefna þar sem fjallað verður um hvernig hægt er að nýta upplýsingatækni sem verkfæri til að lækka kostnað og bæta þjónustu. Þar verður m.a. kynnt aðferðafræði til að meta kostnað og ávinning af upplýsingatækni og sagt frá verkefnum þar sem góður árangur hefur náðst.

Ráðstefnan verður haldin á Hótel Hilton Nordica þriðjudaginn 19. maí nk. Hægt er að skrá sig á vefnum www.sky.is eða með tölvupósti á sky@sky.is.

**DAGSKRÁ**

12:00 **Skráning og afhending ráðstefnugagna**
Samlokuhlaðborð kl. 12:00-13:00

**Spjall með sérfræðingum. Umræðuefni eru eftirfarandi:**
- Rafræn skilríki
- Opinn hugbúnaður
- Rafræn eyðublöð
- Fjarskiptamál og verkefni fjarskiptasjóðs
- Rafrænir reikningar
- Umbætur í vefmálum

13:00 **Ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra**

13:15 **Upplýsingatækni til endurreisnar – Netríkið Ísland**
Guðbjörg Sigurðardóttir

13:35 **Hvernig má minnka fyrirhöfn borgara við að sækja opinbera þjónustu – Arðsemi rafrænnar stjórnsýslu og einfaldara regluverks frá sjónarhóli notenda**
Jón Óskar Hallgrímsson

14:00 **Aukin þjónusta með minni tilkostnaði**
Stefán Eiríksson og Halldór Halldórsson

14:20 **Kaffi og spjall með sérfræðingum**

14:40 **Verkfærakista fyrir rafræna stjórnsýslu – í boði forsætisráðuneytis**
Halla Björg Baldursdóttir

15:00 **Opinber gögn: Falinn fjársjóður**
Hjálmar Gíslason

15:20 **Heilbrigðisþjónusta á Netinu**
Kristján G. Guðmundsson

15:40 **Facebook og samskiptasamfélög**
Maríanna Friðjónsdóttir

16:00 **Lokaorð**
Sigrún Jóhannesdóttir

16:10 **Ráðstefnuslit**

16:10-17:00 **Spjall með sérfræðingum**

**Ráðstefnustjóri:** Þórólfur Árnason, formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja og forstjóri Skýrr

FORSÆTISRÁÐUNEYTI — ský — FFR FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA — UT DAGURINN

PORT hönnun


Manchester United vann Wigan og vantar aðeins eitt stig til að verða meistari:

# Barcelona bikarmeistari á Spáni

**FÓTBOLTI** Manchester United fór langleiðina með því að tryggja sér enska meistaratitilinn í gærkvöldi á sama tíma og Barcelona tryggði sér spænska bikarmeistaratitilinn eftir 3-1 sigur á Athletic Bilbao í Sevilla.

Barcelona vann 4-1 stórsigur á Athletic Blibao í bikarúrslitaleiknum í gær og er því fyrsti titillinn af þremur mögulegum kominn í hús.

Bilbao komst í 1-0 strax á 9. mínútu en Yaya Touré jafnaði 22 mínútum síðar. Barcelona skoraði síðan þrjú mörk á tíu mínútna kafla í seinni hálfleik. Lionel Messi skoraði það fyrsta en síðan bættu Bojan Krkic og Xavi við mörkum. Eiður Smári Guðjohnsen sat allan leikinn á bekknum.

Manchester United vantar aðeins eitt stig út úr síðustu tveimur leikjum sínum til þess að tryggja sér enska meistaratitilinn þriðja árið í röð.

Hugo Rodallega skoraði fyrsta mark leiksins fyrir Wigan og liðið var 1-0 yfir þar til Carlos Tevez kom inn á sem varmaður á 58. mínútu. Tevez jafnaði leikinn þremur mínútum síðar og það var síðan Michael Carrick sem tryggði Manchester sigurinn með marki 4 mínútum fyrir leikslok.

„Við þurftum að fara yfir erfiða hindrun í dag en liðið var frábært. Menn héldu áfram allan tímann og þetta féll síðan með okkur í lokin,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United, eftir leik.

- óój



**BREYTTI ÖLLU** Carlos Tevez fagnar marki sínu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Breiðablikskonur unnu 3-2 sigur á Val í toppslag Pepsi-deildar kvenna í gær:

# Skoruðu tvö mörk í uppbótartíma

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann dramatískan 3-2 sigur á Val í stórslag Pepsi-deildar kvenna í gær. Valur hafði 2-1 forystu þegar venjulegur leiktími rann út en þá tóku Blikar til sinna mála og skoruðu tvívegis í uppbótartímanum.

Blikar léku með sterkan vind í bakið í síðari hálfleik en aðstæður gerðu leikmönnum vissulega erfitt fyrir. En rokið reyndist helsti bandamaður Blika á ögurstundu.

Sigurmarkið skoraði varnarmaðurinn Anna Birna Þorvarðardóttir með skoti af um það bil 35 metra færi. Blikar höfðu fengið hornspyrnu en Valsmenn hreinsuðu frá marki, beint fyrir fætur Önnu Birnu sem var aftasti útileikmaður Blika á vellinum.

„Ég er nánast orðlaus,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Vals, eftir leikinn. „Við guggnuðum einfaldlega. Við vorum með unninn leik í höndunum á 90. mínútu en misstum hann niður í tap. Við náðum að klúðra þessu algerlega upp á eigin spýtur.”

Hann segir að Valur hafi verið mun sterkari aðilinn í leiknum. „Það er bara ekkert spurt að því.“

Erna Björk Sigurðardóttir, fyrirliði Blika, var vitanlega kampakát með sigurinn. „Þetta var sérstaklega sætur sigur þar sem við vorum ekkert að gera fyrsta hálftímann í síðari hálfleik þó svo að við vorum með vindinn í bakið. En eftir að þær skoruðu og komust í 2-1 byrjuðum við að ýta þeim frá okkur og pressa á þær. Þá var eins og við föttuðum hvað við þurftum að gera og byrjuðum að sækja. Við hefðum þurft að gera það miklu fyrr.“

Fanndís Friðriksdóttir kom Blikum yfir á elleftu mínútu en Guðný Petrína Þórðardóttir jafnaði metin þremur mínútum síðar. Varamaðurinn Kristín Ýr Bjarnadóttir hafði svo komið Val 2-1 yfir í síðari hálfleik og var allt útlit fyrir að það myndi reynast sigurmarkið. Annað átti eftir að koma í ljós.

- esá



**DRAMATÍK** Guðný Petrína Þórðardóttir í Val og Blikinn Erna Björk Sigurðardóttir í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# OUTLET CENTER

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10:00 - 18:00 LAUGARDAGA 10:00 – 18:00 SUNNUDAGA 12:00 – 17:00

**OUTLET CENTER FAXAFEN 8 SÍMI 534 4450**

**MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM FATNAÐI FYRIR STELPUR OG STRÁKA**



Polarfleace-jakki á aðeins 499 kr.

Mikið úrval af bolum á 990 kr.

Soft Shell-jakkar til líka í svörtu á aðeins 1990 kr.

Hettupeysubolir á aðeins 1290 kr.

Glæsileg barnasett á 1990 kr.

Mikið úrval af Disney-vöru verð frá 490 kr.

Mikið úrval af Disney-vöru verð frá 490 kr.

Myndir: Björn Blöndal

Minnum á okkar glæsilega skómarkað 300 pör á aðeins 999 kr.



## > Kiefer Sutherland

„Það er auðvelt að vera sjálfsöruggur og bjartsýnn þegar maður er ungur því þá gerir maður sér ekki grein fyrir því að hlutirnir geta farið úrskeiðis.“

***Sutherland leikur Jack Bauer í þættinum Twenty Four sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR SKEMMTI SÉR YFIR RAUNUM FRAMTÍÐARLEIÐTOGA

# *Hin kynþokkafulla Margrét Thatcher*

Ung og falleg Margrét Thatcher birtist á skjánum síðastliðið sunnudagskvöld í boði Ríkissjónvarpsins. Um var að ræða sjónvarpsmyndina: „Margaret Thatcher – The Long Walk to Finchley“ sem framleidd var fyrir BBC 4 sjónvarpsstöðina á síðasta ári. Myndin fjallar um hina ungu Margréti Hildu Roberts sem síðar varð Margrét Thatcher, og fyrstu skref hennar í pólitík.

Sagan er rakin frá fyrstu áformum hennar til að ná sæti á þingi í Dartford árið 1949, þá aðeins 24 ára gömul, og allt til ársins 1959 þegar henni tekst loks að komast á þing fyrir Finchley-kjördæmi. Einnig er sagt frá sambandi hennar við Denis Thatcher sem hún síðar giftist og eignaðist með tvö börn.

Andrea Riseborough leikur hina ungu og heillandi Thatcher sem hefur það eitt að markmiði í lífinu að komast til valda í Íhaldsflokknum og beitir til þess kynþokka sínum sem fáir héldu kannski að járnfrúin hefði yfir að búa.



**THATCHER** Leikkonan Andrea Riseborough í hlutverki hinnar ungu Margrétar Thatcher.

Myndin var alveg bráðskemmtileg enda meinfyndin og ýmsar skírskotanir í henni sem vísa til framtíðarinnar. Þannig sést strax dálæti Margrétar á syni sínum Mark og á einum stað er vísað til dálætis hans á Afríku en eins og margir vita var Mark þessi viðriðinn valdarán í Miðbaugs-Gíneu.

Áður en myndin var frumsýnd voru á lofti efasemdaraddir bæði úr röðum fylgjenda Thatcher og andstæðinga hennar. Sögðu sumar eiturtungur að Riseborough væri heldur of falleg til að leika skassið.

Hvað sem því líður fannst mér þetta hin besta skemmtun og ágæt innsýn inn í þá erfiðleika sem fylgdu því að vera kona í pólitík á sjötta áratugnum.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, beint** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.45 Fylkir – Keflavík, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.50 The Mentalist** STÖÐ 2



▶ **21.00 Boston Legal** SKJÁREINN



▶ **22.00 Gossip Girl** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Listahátíð 2009** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Vinir á Kúbu**
**17.45 Stundin okkar** (e)
**18.20 Fréttir**
**18.50 Veðurfréttir**
▶**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá seinni forkeppninni í Moskvu.
**21.00 Skemmtiatriði úr Söngvakeppninni**
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk: Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk: Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.
**22.45 Anna Pihl** (Anna Pihl) (3:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn. (e)
**23.30 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** (e)
**01.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Good Night, and Good Luck**
**10.00 Raise Your Voice**
**12.00 Planet of the Apes**
**14.00 Prime**
**16.00 Good Night, and Good Luck**
**18.00 Raise Your Voice**
**20.00 Planet of the Apes** Sígild kvikmynd með Charlton Heston í aðalhlutverki. Geimfari snýr aftur til jarðarinnar eftir áratuga langa fjarveru en þar hefur margt hefur breyst.
**22.00 Sur le seuil**
**00.00 Into the Mirror** (Geoul sokeuro)
**02.00 Jarhead**
**04.00 Sur le seuil**
**06.00 Bigger Than the Sky**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Litla risaeðlan, Elías og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Jamie At Home** (2:13)
**10.00 Notes From the Underbelly**
**10.20 Extreme Makeove: Home Edition** (6:25)
**11.05 Logi í beinni**
**11.50 60 mínútur**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (189:260)
**13.25 Wings of Love** (59:120)
**14.10 Wings of Love** (60:120)
**15.00 Ally McBeal** (1:21)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, A. T.O.M. og Bratz.
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar**
**17.53 Friends** (13:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.10 Markaðurinn með Birni Inga**
**19.40 The Simpsons** (12:22)
**20.05 Hell's Kitchen**
▶**20.50 The Mentalist** (14:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflað sér frægðar sem sjónvarpsmiðill.
**21.35 Twenty Four** (16:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
**22.20 A View to a Kill** Njósnarinn James Bond fær það verkefni að afhjúpa valdasjúkan auðjöfur sem hefur það í hyggju að valda stórkostlegum náttúruhamförum. Roger Moore fer með aðalhlutverkið og þess má geta að myndin er að hluta til tekin á Íslandi.
**00.30 Damages** (10:13)
**01.10 Get Rich or Die Tryin'**
**03.05 I Heart Huckabees**
**04.50 Friends** (13:23)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Atl. Bilbao - Barcelona** Útsending frá leik í úrslitum spænska bikarins.
**16.45 Players Championship** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**17.40 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**18.05 Atl. Bilbao - Barcelona** Útsending frá leik í úrslitum spænska bikarins.
▶**19.45 Fylkir - Keflavík** Bein útsending frá leik Fylkis og Keflavíkur í Pepsi-deild karla.
**22.00 Pepsí mörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
**23.00 NBA Action** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**23.30 Fylkir - Keflavík** Útsending frá leik Fylkis og Keflavíkur í Pepsi-deild karla.
**01.20 Pepsí mörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Wigan - Man. Utd** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.40 Man. Utd. - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.20 Blackburn - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 Goals of the Season 2007** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**21.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**22.40 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**23.10 Bolton - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (9:11) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (9:11) (e)
**12.50 Óstöðvandi tónlist**
**18.10 Rachael Ray**
**18.55 The Game** (10:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.
**19.20 Game Tíví** (15:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 All of Us** (5:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd. Þau eiga ungan son sem reynir sitt besta til að koma foreldrunum aftur saman.
**20.30 The Office** (18:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían.
▶**21.00 Boston Legal** (11:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston. Denny Crane fær slæmar fréttir af veikindum sínum en jafnframt að nýtt lyf sem enn er á tilraunastigi gæti hægt á einkennum alzheimers-sjúkdómsins.
**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (8:22) Vitni í nauðgunarmáli er myrt og böndin berast að ungum íþróttamönnum sem eru sakaðir um nauðgunina. En það voru fleiri sem höfðu hagsmuni að gæta og höfðu ástæðu til að losa sig við vitnið.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 America's Next Top Model** (e)
**00.20 Painkiller Jane** (13:22) (e)
**01.10 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
**21.00 Borgarlíf** Fjölmenningardagur haldin hátíðlegur 16. maí. Umræðu stýrir Marta Guðjónsdóttir.
**21.30 Ákveðin viðhorf** Umsjón Hlíf Þorgeirsdóttir og Anna Lilja Þórisdóttir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


74%




34%

# Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

**Allt sem þú þarft...**




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Hell's Kitchen



Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn ógurlegi Gordon Ramsey er nú mættur í fjórða sinn og nú svalari en nokkru sinni fyrr. Hann er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi. Ramsey notar auðvitað hvert tækifæri til að niðurlægja og húðskamma keppendur fyrir viðvaningshátt og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**SkjárEinn kl. 18.55**

### Game Tíví

Lokaþátturinn af Game Tíví verður stútfullur af skemmtilegu efni. Gefnir verða bíómiðar á Terminator Salvation, leikirnir Infamous, Bionic Commando og Guitar Hero Metallica gagnrýndir og farið verður yfir alla heitustu leikina sem koma út í sumar. Svo verða Óli og Sverrir á netinu á www.gametivi.is í allt sumar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Gullmolar úr hljóðritasafninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Helgaslysið við Faxasker 7. janúar 1950
**23.15** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (188:260)
**17.15 Hollyoaks** (189:260)
**17.40 The O.C.** (21:27)
**18.25 Seinfeld** (14:22)
**18.45 Hollyoaks** (188:260)
**19.15 Hollyoaks** (189:260)
**19.40 The O.C.** (21:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**20.25 Seinfeld** (14:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶**22.00 Gossip Girl** (15:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**22.45 Grey's Anatomy** (21:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
**23.30 In Treatment** (2:43)
**00.00 Idol stjörnuleit** (12:14)
**01.30 Sjáðu**
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder Goes Forth **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder Goes Forth **19.10** Dalziel and Pascoe **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** Blackadder Goes Forth **21.20** My Hero **21.50** Dalziel and Pascoe **22.40** Jonathan Creek **23.30** Jonathan Creek

## DR 1

**11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** Mission. Baby **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.40** S, P eller K **13.50** Boogie Update **14.20** S, P eller K **14.30** Monster allergi **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Small Faces **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Verdens vildeste passagerfly **18.30** TV Avisen **18.55** SportNyt **19.00** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2009 **21.00** SportNyt med SAS liga **21.05** Tæt på. Hurtigløber uden ben **21.50** Backstage **22.20** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Den siste lensgreven **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Ut i nærturen **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Sørens ønskestøvler **16.05** Fritt fram **16.35** Suppeopera **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Eurovision Song Contest 2009 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Da pengane erobra verda **22.35** Spooks **23.25** Kulturnytt **23.35** Ekstremvær jukeboks

## SVT 1

**11.05** Människor vid Bräkneån **13.15** Fråga doktorn **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mäklarna **15.25** Mat och grönt på Friland **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Eurovision Song Contest **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** Drömmen om Björnön **22.45** Tonårsliv **23.15** Sändningar från SVT24




**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta á Village People, samíska joikara sem heita Vaijas og svo hlusta ég á sönglög með Schubert, Bach og Ellý Vilhjálms.“*

Hulda Hákon myndlistarkona.

# Leikarar í fári vegna leka af fjöldapóstlista

„Það var stjórnarfundur hjá félaginu í morgun [í gær] og það sem þar fór fram er trúnaðarmál,“ segir Björn Ingi Hilmarsson stjórnarmaður í Félagi íslenskra leikari (FIL).

Fréttablaðið sagði af afar mikilli óánægju sem birtist í bréfi sem Edda Björgvinsdóttir setti á póstlista FIL þar sem hún varaði leikara við að tala við „vafasama prentmiðla“ og á þar vísast við DV. Edda segir: „…það er komið algjörlega aftan að ykkur, þið gerð að fíflum og niðurlægð með samhengislausum, heimskulegum og villandi forsíðutexta og ömurlegum fyrirsögnum.“ Í öðru bréfi Eddu, sem Björn Ingi sendi áfram á póstlistann, undrast hún mjög að bréfið hafi ratað til fjölmiðla og vill meina að í örfrétt blaðsins þar sem vakin er athygli á óánægju sem birtist í fyrra bréfi sé gert lítið úr henni. Björn Ingi undrast mjög að þessi bréf séu í höndum Fréttablaðsins og telur um trúnaðarmál að ræða.

Í seinna bréfi Eddu ítrekar hún þá skoðun sína að fjölmiðlar bókstaflega níðist á leikurum: „Við vitum öll um afar marga í okkar stétt sem hafa verið niðurlægðir oftar en einu sinni á forsíðum og baksíðum blaða og tímarita þegar þeir hafa látið tilleiðast að leyfa fjölmiðlafólki að opna sálarkirnur sínar, í þeirri von að vakin verði athygli á einhverju leikverki, bíómynd, námskeiði etc. sem okkur er uppálagt að standa við bakið á, m.a. með því að þiggja viðtöl í hinum ýmsu fjölmiðlum,“ skrifar Edda. Í klausu sem fylgir bréfinu upplýsir Björn Ingi félagsmenn um að málið verði tekið fyrir á stjórnarfundi. Í samtali við Fréttablaðið vill hann ekki upplýsa hvort ályktunar og/eða aðgerða sé að vænta frá félaginu. Hann lýsti jafnframt þeirri skoðun sinni að hann teldi fjöldapóst til félagsmanna FIL vera einkamál. **- jbg**



**EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR** Varar leikara eindregið við vafasömum prentmiðlum og sparar hvergi stóru orðin.



**LÁRÉTT**
**2.** missa, **6.** pot, **8.** ískur, **9.** fálm, **11.** samanburðartenging, **12.** rými, **14.** kjöt, **16.** sjó, **17.** mánuður, **18.** hluti verkfæris, **20.** átt, **21.** steypuefni.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dægurlagatónlist, **3.** tvíhljóði, **4.** fargið, **5.** tál, **7.** raddfæri, **10.** blekking, **13.** er, **15.** ávöxtur, **16.** pumpun, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** tapa, **6.** ot, **8.** urg, **9.** pat, **11.** en, **12.** pláss, **14.** flesk, **16.** sæ, **17.** maí, **18.** orf, **20.** nv, **21.** gifs.
**LÓÐRÉTT: 1.** popp, **3.** au, **4.** pressan, **5.** agn, **7.** talfæri, **10.** tál, **13.** sem, **15.** kívi, **16.** sog, **19.** ff.

www.this.is/krossgatur
250 ÓKEYPIS KROSSGÁTUR
NÝ GÁTA Í HVERRI VIKU



**SKRIFAÐ UNDIR SAMNINGINN Í LOFTKASTALANUM Í GÆR** Hugmynd Bjarna Hauks, um að Laddi leiki Skrögg í Loftkastalanum ár hvert í desember, er einhvern veginn þess eðlis að hún getur vart klikkað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BJARNI HAUKUR: SÝNINGIN VERÐUR KEYRÐ Í DESEMBER ÁR HVERT

# Laddi leikur Ebba Skrögg

„Ég leik Skrögg, eða Scrooge, draugana og allt. Þetta er einleikur. Ég þarf að gera allt sjálfur. Það er alltaf svoleiðis,“ segir Þórhallur Sigurðsson eða Laddi.

Í gær skrifuðu Laddi og Bjarni Haukur Þórsson leikhússtjóri Loftkastalans undir samning þess efnis að Laddi leiki eina þekktustu jólasögu allra tíma eða Jólaævintýri eftir Charles Dickens. Sagan segir af hinum fégráðuga Ebenezer Scrooge og samskiptum hans við drauga um jólanótt. Sagan kom fyrst út 19. desember árið 1843 og telst mikilvæg áminning um hinn sanna jólaanda. Að sögn Bjarna hefur Jólaævintýri reynst mörgum kvikmyndaleikstjóranum efniviður og margir þekktir leikarar túlkað Scrooge. „Þeirra á meðal George C. Scott, Bill Murray, Kelsey Grammer og Patrick Stewart. Einnig mun glæný teiknimynd þar sem enginn annar en Jim Carrey mun túlka Scrooge líta dagsins ljós næsta vetur,“ segir Bjarni Haukur. Hugmyndin er að sýna verkið aðeins í desember en keyra þá sýningar nokkuð þétt. Taka svo upp þráðinn að ári.

„Bara sýnt í desember, kannski tuttugu sýningar eða svo. Og að ári liðnu mæti ég aftur og flyt þetta,“ segir Laddi en verkefnið leggst sérlega vel í hann þó Laddi segi þetta ekki létt verk. Hann segir söguna og bregður sér í allra kvikinda líki. Þó Laddi sé einhver ástsælasti skemmtikraftur þjóðarinnar er hann vanur leiksviðinu og má meðal annars nefna frábæra frammistöðu hans í Óliver Tvist þar sem hann lék Fagin – ræningjaforingjann í Þjóðleikhúsinu fyrir margt löngu. Tónlist og hljóðmynd skipa veigamikinn sess í Jólaævintýri en leikgerðina gera Jón Gunnar Þórðarson, Egill Antonsson og Sindri Þórarinsson. Leikstjóri er Jón Gunnar.

Sýningunni Laddi 6-tugur sem sýnd var í Borgarleikhúsinu er nú lokið eftir rúmar 120 sýningar og áhorfendafjölda upp á tæplega 80 þúsund manns. „Jú, velgengni þeirrar sýningar kom mér heldur betur ánægjulega á óvart og ég er í skýjunum yfir þeim viðtökum. Þetta var mikil törn til tveggja ára. Og menn hálf ómögulegir eftir að þetta hætti. Sitja heima hjá sér, hringja hver í annan og segja: Eigum við ekki að fara að hittast. Þetta er skrýtið ástand eftir að hafa umgengist hópinn svo mikið og reglulega.“

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Listahátíð í Reykjavík hefst á morgun og virðast sumir viðburðir á hátíðinni ætla að slá í gegn. Einn þeirra eru tónleikar mexíkósk-kanadíska söngvaskáldsins **Lhasa de Sela** sem seldist fljótt upp á. Nú mun vera afráðið að efnt verður til aukatónleika með Lhasa. Verða þeir á Nasa sunnudagskvöldið 24. maí klukkan 20. Ef einhver skyldi hvá yfir vinsældum Lhasa hér á landi og spyrja hverju sæti má benda á að söngvaskáldinu hefur verið líkt bæði við Tom Waits og Edith Piaf. Ekki amaleg meðmæli það.

Einkaþjálfarinn **Egill „Störe“ Einarsson** fagnaði 29 ára afmæli sínu í gær. Kappanum gafst þó ekki mikill tími til þess að njóta dagsins því auk þess að sinna tugum kúnna sem hann er með í einkaþjálfun er Egill að skrifa lokaritgerð sína til prófs í íþróttafræði. Útskriftin er í júní og lokaritgerðin fjallar um tengsl milli lífshátta og árangurs í þrekprófum hjá unglingum í íþróttum.

**- hdm**



Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
**Er tímareimin komin á tíma?**
Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**
**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 49.088 kr.
**Toyota Land Cruiser 90 3,0TD** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.925 kr.
**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 35.987 kr.
**VW Golf 1,6AEE bensín** Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.
**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

**Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00**
**www.velaland.is**

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.**




VÉLALAND

# Seth Sharp lagði Yale að velli

„Samviska mín er hrein og ég mun heldur ekki verða gjaldþrota,“ segir tónlistarmaðurinn Seth Sharp, sem er hæstánægður þessa dagana. Bandaríski háskólinn Yale hefur ákveðið að falla frá dómsmáli sem hann höfðaði gegn Seth vegna vangoldinna skólagjalda. Skólinn hélt því fram að Seth hefði aldrei greitt krónu af láni sínu frá því hann stundaði þar nám og krafðist í kjölfarið þriggja milljóna greiðslu. „Ég var mjög feginn þegar lögfræðingurinn minn hringdi í mig og sagði að þeir hefðu hætt við málið,“ segir Seth, sem tók þátt í X-Factor hér um árið.

Seth segir að auðvelt hafi verið að sanna fyrir rétti að skólinn væri að bera á hann rangar sakir. Hann segist þó ekki vita nákvæmlega hvers vegna málið var látið niður falla. „Kannski héldu þeir að ég myndi ekki ráða mér lögfræðing vegna málsins eða kannski héldu þeir að ég myndi bara borga þetta. Ég vildi allan tímann að þetta færi fyrir rétt. Mér fannst það best í staðinn fyrir að tala beint við skólann,“ segir hann. Það margborgaði sig því nú getur Seth gengið hnarrreistur um götur borgarinnar eftir að hafa lagt sjálfan Yale-háskóla að velli.

Hann segist hafa fengið mikil og góð viðbrögð við greininni sem Fréttablaðð birti um málið í síðustu viku og fyrir það er hann afar þakklátur. „Fullt af fólki hefur stoppað mig úti á götu og lýst yfir stuðningi við mig, sem er alveg frábært. Ég fékk líka helling af tölvupósti og SMS-skeytum. Það hversu margir stóðu á bak við mig í þessu máli er hreint út sagt ótrúlegt.“ **- fb**



**SETH SHARP** Tónlistarmaðurinn Seth Sharp er ánægður eftir að hafa lagt sjálfan Yale-háskóla að velli. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# VORDAGAR

# -50%

## AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM

**ATH! LOKADAGUR SUNNUDAGUR 17. MAÍ.**

## NÝTT KORTATÍMABIL

Regatta
GREAT OUTDOORS®

www.utivistogsport.is

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322
**AÐRIR SÖLUSTAÐIR:** Hafnarbúðin **Ísafirði**, Hjá Dóru **Hornafirði**, Hornið, **Sunnuhlíð Akureyri**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is
Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla




## BAKÞANKAR
Dr. Gunna

# Tuðland

Að búa á Íslandi er eins og að búa í blokk sem er með húsfélagsfund á hverju kvöldi til að ræða hvernig teppið í stigaganginum á að vera á litinn. Það eru alltaf einhver mál „á dagskrá“, sem ég á að hafa skoðun á. Einu sinni varð ég að hafa skoðun á því hvort flugvöllurinn ætti að vera áfram í Vatnsmýri eða fara eitthvert – og þá hvert? Eins og mér væri ekki drullusama. En auðvitað þorði ég ekki að segja það. Að vera sama þykir að viðurkenna að maður sé bjáni.

**ÞEGAR** um málið hafði verið tuðað árum saman boðaði Ingibjörg Sólrún loks til kosninga um það. Ég man eftir því þegar ég kaus. Það var glampandi sól og mér leið eins og fífli þegar ég var búinn að kjósa. Að láta hafa mig út í þetta! Samt man ég ekkert hvort ég kaus. Líklega vildi ég flugvöllinn burt því það átti að vera svo rosalega flott þekkingarþorp þarna í Vatnsmýrinni. Allir með latté í frauðmálum að gera eitthvað rosa merkilegt þekkingar-eitthvað.

**ÞAÐ** er tuðað fram og aftur, út og suður, upp og niður, en að lokum er það bara tíminn sem kemur með niðurstöðuna. Er Davíð Oddsson snillingur eða fól? Er Bónus bjargvættur alþýðunnar eða Satan sjálfur? Alveg er ég viss um að tíminn kemst að niðurstöðu um þetta, eins og hann komst að niðurstöðu um herinn á Miðnesheiði. Og ekki var nú lítið tuðað um hann.

**TUÐLENDINGAR** fá aldrei nóg af tuðinu í heitu pottunum. Tuðið fékk vítamínsprautu í rassinn þegar Tuðmenn fötuðu bloggið. Og þú getur rétt ímyndað þér allt tuðið sem er fram undan. Evrópusambandið: Ertu með eða á móti? Og síðast en ekki síst: Hverjum er bankahrunið um að kenna? Ríku gráðugu körlunum? Þér sjálfum af því þú trúðir fagurgalanum og tókst myntkörfulán?

**ÆTLI** það sé tuðað jafn mikið í öðrum þjóðfélögum og hér? Ætli annars staðar skiptist þjóðirnar reglulega í tvær tuðandi fylkingar? Er kannski séns að einhvers staðar sé hægt að komast í gegnum árið án allra þessara húsfélagsfunda? Þú veist, bara hafa það fínt á venjulegum dagvinnulaunum og hafa þak yfir höfuðið án þess að hneppa sig í þrældóm til æviloka. Og vera laus við tuðið.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 14. maí, 134. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.16 | 13.24 | 22.34 |
| Akureyri | 3.42 | 13.09 | 22.38 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


